

**SKOÐUN** Ragnar Tómasson skrifar um rétt öryrkja og TR. 15



**MENNING** Barnabókmenntahátíðin Páfugl úti í mýri í Vatnsmýrinni. 22



**LÍFIÐ** Hera Hjartardóttir söngkona og Jed Parsons spila á Iceland Airwaves. 30



**SPORT** Atli Guðnason er leikmaður ársins hjá Fréttablaðinu og Vísi. 26


WOW

STUNDVÍSASTA FLUGFÉLAG Á ÍSLANDI



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**8. október 2014**
236. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## Fjárheimildir skoðaðar

Menningarmálaráðherra segir það klárt mál að ef Ríkisútvarpið þarf að finna fjármuni til að greiða afborgun af skuldabréfi núna þá þýði það að draga þurfi úr þjónustu.


**FRÉTTIR**

**Uggandi** Litlir framhaldsskólar úti á landi óttast um sinn hag vegna fjárlagafrumvarpsins. 2

**Efla leigumarkaðinn** Íbúðalánasjóður vill með 400 íbúða sölu festa leigumarkaðinn í sessi. 6

**Fleiri ebólusmit** Spænsk yfirvöld rannsaka enn fleiri ebólusmit. 12





14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | NA | 8 |
| Akureyri | 8° | ANA | 4 |
| Egilsstaðir | 8° | NA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | NA | 5 |
| Reykjavík | 8° | NA | 4 |

**Bjart eða bjart með köflum** sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu norðaustan til og lítilsháttar úrkoma. Hiti 3 til 13 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Ísskápar & frystikistur | Fólk






**NÝTA VEÐURBLÍÐUNA** Veðurstofa Íslands varar við gasmengun frá eldgosinu í Holuhrauni á Suður- og Suðvesturlandi í dag. Margir hyggjast eflaust nýta góða veðrið til þess að fara út að hreyfa sig líkt og fólkið á myndinni hér fyrir ofan. Fari styrkur brennisteinsdíoxíðs hins vegar yfir 600 míkrógrömm á rúmmetra líkt og gerðist í Kópavogi á mánudag er fólki ráðlagt að forðast áreynslu utandyra. Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, bendir fólki á að fylgjast með fréttum og mælingum á vef Umhverfisstofnunar, ust.is. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skagfirðingar þrýstu á Eygló vegna Háholts

Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði hafa áhyggjur af stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu. Berjast fyrir opinberum störfum til að snúa við þróun um fækkun starfa.

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði funduðu með Eygló Harðardóttur velferðarráðherra á fundi í Alþingi og útskýrðu fyrir henni mikilvægi Háholts fyrir atvinnulíf Skagastrandar.

Í samtali við Fréttablaðið segir Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar að hann og aðrir sveitarstjórnarmenn hafi viðrað áhyggjur sínar af atvinnumálum í Skagaströnd við Eygló þegar þeir hafi hitt hana fyrir á Alþingi. 50 til 60 opinber störf hafi horfið úr sveitarfélaginu frá 2008. „Við höfum barist fyrir þessum opinberu störfum. Við höfum hitt á ráðherra og lýst yfir áhyggjum okkar yfir stöðunni í Skagafirði. Við höfum rætt við núverandi velferðarráðherra og ráðherra úr fyrrverandi ríkisstjórn og nánast alla ráðherra og þingmenn kjördæmisins til að reyna að snúa þessari þróun við,“ segir Stefán Vagn í samtali við Fréttablaðið.

Eygló Harðardóttir hefur harðlega neitað að byggðarsjónarmið ráði för við endurnýjun þjónustusamnings við meðferðarheimilið Háholt.

- hó / sjá síðu 4

Er Baugsfell réttnefni?

## Baugur orðinn 100 metra hár

**NÁTTÚRA** Megingígurinn í Holuhrauni, sem nefndur hefur verið Baugur, hefur náð 100 metra hæð á þeim fimm vikum sem eldgosið norðan Vatnajökuls hefur staðið.

„Þetta er á góðri leið með að verða fjall, eða fell. Hann bætir hratt við sig og þetta er orðinn mjög myndarlegur gígur, virkilega,“ segir Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur.

Þær upplýsingar fengust hjá Stofnun Árna Magnússonar að engar skilgreiningar eru til á því hvað sé lágmarkshæð fjalls eða fells. Hitt er ljóst að margt fellið í íslenskri náttúru nær ekki 100 metra hæð.

- shá / sjá síðu 8

Enn er langt í land að ljúka skönnun Alþingistíðinda en verkið hófst árið 2002:

# Kostnaður langt umfram áætlun

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður við skönnun Alþingistíðinda frá upphafi hefur farið langt fram úr upphaflegum áætlunum. Kostnaður við verkið stendur nú í tæplega tvö hundruð milljónum króna og er hvergi nærri lokið.

Verkefnið hófst árið 2002 og áttu þrír starfsmenn að vinna verkið á þremur árum. Nú, 12 árum síðar, vantar enn um eitt hundrað árganga af Alþingistíðindum.

Vinnan hefur farið fram á tveimur stöðum á landinu, á Hvammstanga og í Ólafsfirði. Enn eru tveir starfsmenn í vinnu við verkefnið í Ólafsfirði en starfsemi á Hvammstanga er lokið. Kostnaðurinn við Ólafsfjarðarverkefnið eitt og sér er nú kominn í 183 milljónir króna og ekki sér fyrir endann á verkefninu.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir mikla vinnu eftir enn þá við að klippa niður skjöl og stilla þeim upp þannig að þau séu hæf til birtingar á vefnum.

**183** milljónir króna er kostnaður ríkisins við skönnun Alþingistíðinda á Ólafsfirði.

- sa / sjá síðu 10


Betri melting!
Probiotic 16 Strain



SWANSON – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.
Söluaðilar á Íslandi á www.swanson.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



PALLAHITARI Á FÆTI
Keramískur pallahitari á fæti með þremur stillingum, 650/1300/2000 vött. Hæð allt að 2 m, IP44-vottaður.
7.995,-
BAUHAUS
Allt fyrir hús, heimili og garða
Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 9. október til og með miðvikudeginum 15. október 2014.

## SPURNING DAGSINS



Eysteinn, eru kaup á íslenskum hesti hrossakaup?

**„Nei, góður hestur er gulli betri.“**
Eftirspurn eftir íslenskum hestum hefur minnkað á síðustu árum en 1.300 hross voru flutt héðan af landi brott á síðasta ári en 2.800 árið 2006. Eysteinn Leifsson er útflytjandi hjá Exporthestum.

Formaður dómstólaráðs segir að nýtt dómsstig á Íslandi yrði mikil réttarbót:

# Skila frumvarpi um millidómstig

**STJÓRNSÝSLA** Nefnd um millidómstig mun skila fullbúnu frumvarpi ásamt greinargerð til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar dómsmálaráðherra á næstu dögum, að sögn nefndarmanns.

Millidómstig mun bæði létta málaþunganum af héraðsdómstólunum og Hæstarétti og með því verður í fyrsta sinn tekin upp milliliðalaus sönnunarfærsla áfrýjunardómstóls í sakamálum. Hæstiréttur metur ekki sönnunargildi munnlegs framburðar af eigin raun heldur eru fyrir réttinn lagðar útprentanir af aðila- og vitnaskýrslum en það stangast á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

Símon Sigvaldason, formaður Dómstólaráðs, segir að millidómstig sé mikil réttarbót. „Það hefur löngum verið þannig að við höfum haft áhyggjur af málsmeðferðinni fyrir Hæstarétti og hvort þar fari fram raunveruleg endurskoðun á sakfellingum út af skorti á milliliðalausri sönnunarfærslu,“ segir Símon. - þþ



**HÆSTIRÉTTUR** Nýtt millidómstig á að létta álagi af Hæstarétti.

Handtökur í Finnlandi:

# Grunaðir um hryðjuverk

**FINNLAND** Finnska lögreglan handtók í gær þrjá menn sem grunaðir eru um hryðjuverkastarfsemi vopnaðra vígamanna erlendis. Þeir eru einnig grunaðir um afbrot sem framin voru í tengslum við hryðjuverk.

Hinir grunuðu voru handteknir á þremur stöðum í nágrenni Helsinki. Húsleit var gerð þar sem handtökurnar fóru fram, samkvæmt frétt á vef Hufvudstadsbladet. Mennirnir þrír eru finnskir ríkisborgarar. - ibs



**VIÐHALD** Búið er að ferja mikið af sandi yfir í Viðey sem fara á í endurbætur á göngustígum eyjarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stígar í Viðey endurbættir svo þeir henti betur fyrir hjólastjóla:

# Undirbúa tendrun friðarsúlunnar

**SAMFÉLAGSMÁL Verið er leggja lokahönd á undirbúning fyrir tendrun friðarsúlunnar sem verður fimmtudaginn 9. október, á fæðingardegi Johns Lennon. „Það er verið að endurbæta stíga þannig að þeir henti betur fyrir hjólastóla og fólk með fötlun,“ segir Ágústa Rós Árnadóttir, viðburðastjóri borgarsögusafns Reykjavíkur.**

**„Fríar siglingar í boði Yoko Ono hefjast klukkan sex á fimmtudaginn og friðarsúlan verður svo tendruð klukkan átta,“ segir Ágústa.** - ih

Börn með sérþarfir:

# Kennarar hafa ónógan tíma

**DANMÖRK** Menntamálaráðherra Danmerkur, Christine Antorini, segir það óforsvaranlegt að börn með sérþarfir í grunnskólum landsins fái ekki almennilega kennslu.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar danska kennarasambandsins sýna að átta af hverjum tíu kennurum veita ekki börnu m með sérþarfir þá kennslu sem þau eiga rétt á. Kennarasambandið segir kennara ekki hafa tíma til að sinna þessum börnum, meðal annars vegna aukins álags í kjölfar breytinga á grunnskólanum. Ráðherrann er á öndverðum meiði. - ibs

Búlgarar í gæsluvarðhaldi:

# Konur neyddar til að betla

**SVÍÞJÓÐ** Þrír búlgarskir ríkisborgarar, tveir karlar og ein kona, hafa verið settir í gæsluvarðhald vegna gruns um mansal í Svíþjóð.

Lögreglan handtók hina grunuðu eftir að tvær konur, sem einnig eru frá Búlgaríu, tilkynntu að þær hefðu verið gabbaðar til Svíþjóðar. Var þeim sagt að þær ættu að vinna við berjatínslu en í staðinn voru þær þvingaðar til að betla í Dölunum og Austur-Gautlandi.

Að minnsta kosti önnur konan var þvinguð til vændis, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. - ibs

# Árás á litla framhaldsskóla úti á landi

Þingmenn Norðausturkjördæmis eru uggandi yfir niðurskurði á fjárframlögum til framhaldsskóla í kjördæminu á næsta ári. Þeir segja að nemendum fækki mikið og niðurskurðurinn bitni harkalega á þeim sem eru orðnir 25 ára og á konum.

**ALÞINGI** Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verði nemendum í framhaldsskólum í Norðausturkjördæmi fækkað um 350 til 400 á næsta skólaári og að allir sem eru 25 ára og eldri geti ekki lengur farið í framhaldsskóla heldur eigi þeir að fara í símenntunarstofnanir sem ekki fá fjármagn til að sinna þessum nemendum.



**KRISTJÁN MÖLLER**

„Þetta þýðir í raun og veru uppsagnir kennara ef þetta gengur eftir og þær hefðu sennilega átt að vera settar fram 1. október vegna þess að fjárhagsárið gildir frá og með næstu áramótum,“ sagði Kristján Möller. Hann segir fjárlagafrumvarpið landsbyggðarfjandsamlegt.

„Ég verð því miður að nota orðið „árás“ á framhaldsskóla í þessum litlum byggðalögum vítt og breitt um landið,“ segir Kristján.

Bjarkey Gunnarsdóttir, VG, sagði að Sjálfstæðisflokkur skæri markvisst niður í framhaldsskólum landsins og fækkaði þar með störfum úti á landsbyggðinni.

„Þetta hefur mikil samfélagsleg áhrif þar sem litlu skólarnir úti á landi þurfa að hafa mikið fyrir tilvist sinni. Þeir halda nemendum í heimabyggð, menningarlífið blómstrar, verslun og þjónusta styrkist og störfin, eins og ég sagði áðan, verða til fyrir háskólamenntað fólk,“ sagði Bjarkey.



**FJÁRSVELTIR** Þingmenn Norðausturkjördæmis segja mikinn niðurskurð í fjárframlögum til framhaldsskóla í kjördæminu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR**



**BJARKEY GUNNARSDÓTTIR**

Hún sagði enn fremur að landsbyggðarskólarnir hefðu líka haft þá sérstöðu að eldri nemendur, sérstaklega konur, hefðu fengið tækifæri til náms sem þær hefðu ekki annars fengið.

„Menntamálaráðherra sækir að landsbyggðarskólunum, hann sker niður fjarnám, hann vísar eldri nemendum inn í símenntunarmiðstöðvar sem eru ekki til þess bærar að taka við öllum eldri nemendum, fyrir utan auðvitað að þetta er miklu kostnaðarsamara,“ sagði Bjarkey.

Framsóknarkonan Líneik Anna Sævarsdóttir hafði áhyggjur af óljósum sameiningaráformum framhaldsskóla. Hún sagði að nokkrir skólar hefðu hafið undirbúning að þriggja ára námi og það séu þeir sem verði fyrir hvað mestum niðurskurði.

„Ég trúi í raun ekki öðru en að þar sé um einhvers konar mistök að ræða,“ sagði Líneik Anna sem sagði fækkun nemenda óraunhæfa jafnvel þótt menn væru að færa sig yfir í þriggja ára skóla.

Þarna er gerð algjörlega óraunhæf krafa um fækkun nemendaígilda á næsta ári, jafnvel þótt menn séu að færa sig yfir í þriggja ára skóla. - jme






Slys í umferðinni kostuðu ríkið milli 40 og 50 milljarða á síðasta ári:

# Lögregla taki við Samgöngustofu

**ALÞINGI** Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi, gagnrýndi á Alþingi í gær að umhverfissjónarmið væru látin vega hærra en sjónarmið varðandi umferðaröryggi. Nefndi hann nýlegt banaslys í umferðinni sem hann rekur til þessarar forgangsröðunar.



**VILHJÁLMUR ÁRNASON**

Vilhjálmur benti á mikilvægi þess að vera með „5 stjörnu vegakerfi“. Sér í lagi í ljósi þess að útreikningar þeir sem hann er með undir höndum benda til þess að kostnaður vegna banaslysa í umferðinni á síðasta ári, auk kostnaðar við þá sem hljóta af umferðarslysum bæði alvarlega og minniháttar áverka, hafi verið um 40 til 50 milljarðar króna fyrir ríkið.

Vilhjálmur vill færa Samgöngustofu og Umferðareftirlitið alfarið til lögreglu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra svaraði þingmanninum svo að vel gæti farið á því að fyrrnefnd starfsemi yrði færð undir lögreglu. Það hefði verið rætt áður og vilji væri fyrir því að ganga til þess verks.

Innanríkisráðherra sagði, hvað varðar það 5 stjörnu vegakerfi sem Vilhjálmur nefndi að hafa yrði í huga að vegakerfið á Íslandi spanni 13 þúsund kílómetra í heildina og að þessu kerfi hefði ekki tekist að halda nægilega vel við.

„Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hefur okkur ekki tekist nægilega vel að viðhalda þessu kerfi og tryggja fullt öryggi á þeim vegum. Það er eitthvað sem við verðum að horfast í augu við,“ sagði Hanna Birna ómyrk í máli í umræðum á þingi í gær. - nej



> **„Á undanförnum árum hefur okkur ekki tekist nægilega vel að viðhalda þessu kerfi og tryggja fullt öryggi á þeim vegum. Það er eitthvað sem við verðum að horfast í augu við.**
>
> *Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.*









Þjónusta við fyrirtæki

# Stoltur samstarfsaðili




Íslandsbanki þakkar samstarfsaðilum sínum fyrir ánægjuríkt og traust samstarf. Í sameiningu höfum við komið að byggingu glæsilegra hótela og fjölda íbúða.

Íslandsbanki er framsýnn og öflugur samstarfsaðili í framkvæmdafjármögnun í fasteigna- og byggingariðnaðinum. Við leggjum metnað okkar í að bjóða fyrirtækjum sérþekkingu og erum traustur bakhjarl alla leið.

Þekking okkar sprettur af áhuga.

Samstarfsaðilar:

- Alda Hótel
- Höfðahótel og Íslandshótel
- VHE vélaverkstæði
- CenterHotels
- Mannverk

EUROMONEY Awards for excellence 2014

Íslandsbanki var annað árið í röð valinn besti íslenski bankinn af hinu virta tímariti Euromoney.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM64088

## SVONA ERUM VIÐ



**60 þéttbýliskjarnar, sem í eru 200 íbúar eða fleiri, eru á Íslandi.**

Í 35 þéttbýliskjörnum eru á milli 50 og 199 manns.

Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði koma þetta árið í hlut þriggja Japana:

# Tókst að búa til blá díóðuljós

**SVÍPJÓÐ, AP** Þrír japanskir vísindamenn hljóta Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði þetta árið. Verðlaunin fá þeir fyrir bláar ljósdíóður, sem þeim tókst að búa til fyrstum manna.

Áður höfðu verið til rauðar og grænar ljósdíóður, en þær bláu þurfti til þess að hægt yrði að búa til hvítt ljós. Með uppgötvunum sínum ollu þeir byltingu í ljósabúnaði heimsins. Díóðulampar eru óðum að taka við af gömlu glóperunum og flúorljósunum, og verða æ fullkomnari. „Þeim tókst það sem öllum öðrum mistókst,“ segir í tilkynningu sænsku Nóbelsnefndarinnar. „Glóperur lýstu upp 20. öldina, en díóðulampar munu lýsa upp 21. öldina.“

Verðlaunahafarnir þrír heita Isamu Akasaki, Hiroshi Amano og Shuji Nakamura. Þeir Amano og Nakamura eru 54 ára en Akasaki er orðinn 85 ára. Hann segir að oft hafi hann fengið að heyra það að rannsóknir hans myndu engum árangri skila. - gb



**FAGNAÐ Í JAPAN** Isamu Akasaki tekur við blómum í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja ekki glæpagengi:

## Markvissara eftirlit við landamæri

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld hafa boðað hert landamæraeftirlit til þess að sporna við smygli á fólki inn í landið og komu glæpagengja en þeim hefur fjölgað í Danmörku.

Eftirlit á flugvöllum verður markvissara. Lögregla mun stoppa rútur, lestir og einkabíla og skoða skilríki einstaklinga.

Einnig á að hefja eftirlit með útlendingum sem koma frá löndum innan Schengen-svæðisins. - ibs

# Hunsaði fyrirmæli ríkisendurskoðanda í Háholtsmálinu

Ríkisendurskoðun vill að ákvæði um nýtingarhlutfall sé í samningi við meðferðarheimili. Velferðarráðuneytið er ósammála og segir það ekki eiga við um rekstur Háholts. Samningurinn við Háholt er harðlega gagnrýndur.

**STJÓRNSÝSLA** Velferðarráðuneytið lagðist gegn því að setja ákvæði um nýtingarhlutfall í þjónustusamning við meðferðarheimilið Háholt þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hefði gefið Barnaverndarstofu fyrirmæli um að hafa slíkt ákvæði í samningum.

Barnaverndarstofa hefur ítrekað lagt til að slíkt ákvæði sé í þjónustusamningi við Háholt til að tryggja hámarksnýtingu fjármuna. Sé ekkert slíkt ákvæði í samningi sem tryggir ríkinu heimild til uppsagnar sé verið að skuldbinda ríkissjóð til útgjalda án þess að tryggt sé að nokkur þjónusta komi á móti til lengri tíma.

Barnaverndarstofa hefur útskýrt fyrir Ríkisendurskoðun að ekki sé hægt að verða við fyrrgreindum ábendingum um nýtingarhlutfall vegna andstöðu velferðarráðuneytisins.

Fréttablaðið reyndi í gær að fá svör frá Eygló Harðardóttur velferðarráðherra við því hvers vegna ráðuneytið lagðist gegn slíku nýtingarákvæði en fékk ekki skýr svör.

Matthías Imsland, aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur velferðarráðherra, segir að ráðuneytið hafi lagst gegn ákvæði um nýtingarhlutfall þar sem það hafi ekki þótt viðeigandi. Matthías segir að þar sem ungir afbrotamenn séu stundum vistaðir í Háholti sé ekki hægt að hafa samninginn þannig að hann sé uppsegjanlegur ef nýting fari undir ákveðið viðmið. Það verði að vera hægt að stóla á að úrræðið sé til staðar þótt nýtingin hafi verið slæm.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Málefni Háholts eru búin að vera í umræðunni síðan Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að til stæði að gera þjónustusamning við Háholt upp á tæpar 500 milljónir króna til þriggja ára þvert á vilja Barnaverndarstofu. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, gagnrýndi þessa ráðstöfun harðlega í fréttum Stöðvar 2 í gær og segir ekki vera fagleg rök fyrir áframhaldandi samningum við Háholt, þar sem bæði Barnaverndarstofa og innanríkisráðuneytið hafi bent á að slíkt úrræði ætti að vera á höfuðborgarsvæðinu þar sem sérhæfð fagþjónusta sé fyrir hendi.

Oddný Harðardóttir hefur krafist þess að fjárlaganefnd fundi um málið.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, segist í samtali við Fréttablaðið ætla að kynna sér málefni Háholts og taka afstöðu til þeirra fyrir helgi.

Eygló Harðardóttir hefur harðlega neitað því að byggðasjónarmið hafi ráðið för við endurnýjun samningsins við Háholt.

Það er hins vegar ljóst að rekstur urinn er mikið hagsmunamál fyrir Skagfirðinga. Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar, segist hafa áhyggjur af stöðu atvinnumála í Skagafirði en um 55 til 60 opinber störf hafa verið lögð niður í sveitarfélaginu frá 2008. Aðspurður hvort hann hafi lýst þeim áhyggjum beint við ráðherrann segir hann þær hafa komið til tals þegar hann hitti á hana á Alþingi. „Ég hef rætt þessar áhyggjur mínar við Eygló þegar ég hef hitt á hana eins og ég hef rætt þær við fleiri ráðherra og þingmenn kjördæmisins. Við höfum barist fyrir þessum störfum og reynt að snúa þróuninni við.“

**hanna@frettabladid.is**



**UMDEILDUR REKSTUR** Fyrirhugaður samningur við Háholt í Skagafirði hefur verið harðlega gagnrýndur FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LOÐNUVINNSLAN** Umhverfisstofnun hefur veitt loðnuvinnslunni áframhaldandi starfsleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt leyfi gildir til 2030:

## Loðnuvinnslan fær starfsleyfi

**SJÁVARÚTVEGUR** Umhverfisstofnun hefur veitt Loðnuvinnslunni starfsleyfi til rekstrar fiskimjölsverksmiðju á Fáskrúðsfirði. Nýja leyfið veitir heimild til að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring, líkt og eldra starfsleyfi verksmiðjunnar sem er nú fallið úr gildi.

Tillaga að starfsleyfi fyrir verksmiðjuna var auglýst í sumar. Auk auglýsingarinnar var hún send til umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Skipulagsstofnun og Vinnueftirlitinu. Nýja starfsleyfið tók gildi 17. september og gildir til 17. september árið 2030. - fb

Fá úrræði fyrir fíkla í vanda:

## Þrír sem biðu meðferðar látnir

**ALÞINGI** „Í síðustu viku aðstoðaði ég fjölskyldu og aðstandendur fíkils í miklum vanda,“ sagði Ásmundur Friðriksson, Sjálfstæðisflokki, á þingi í gær og vildi hann vekja athygli á fáum úrræðum fyrir langt leidda fíkla.

Biðlistar í Krísuvík og til að komast í neyðarvistun á Landspítala séu langir. „Á þessu ári hafa þrír einstaklingar sem hafa beðið eftir meðferð látið lífið áður en að þeim kom. Það er eðlilega ekki hægt að færa til á slíkum biðlistum,“ sagði Ásmundur og bætti við að fólk yrði að koma til hjálpar. - jme


## VÖRUHÓTEL – LAGERPLÁSS TIL LEIGU Í SKÚTUVOGI ÁSAMT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

- Lagerhúsnæði m/án þjónustu, 12m lofthæð, sprinkler
- Í boði er sveigjanleg lagerstærð
- Glæsilegar skrifstofueiningar í stærðum: 162m², 287m² eða samtals 450m².
- Lyftuhús og næg bílastæði



Frábært tækifæri fyrir t.d. litlar og millistórar heildsölur sem vilja komast í hringiðu flutningastarfsemi landsins og fá um leið fullan sveiganleika í lagerstærð. Til boða stendur að leiga rými undir ákveðinn brettafjölda. Möguleiki að leigja eingöngu rými í vöruhóteli eða skrifstofur. Skrifstofueiningarnar eru með vönduðum innréttingum og skiptast í lokaðar skrifstofur, opin vinnurými og vel útbúin fundarherbergi.

LEIGULISTINN LEIGUMIÐLUN

**Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.**

**s. 511-2900**


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 23° | New York | 22° |
| Aþena | 25° | Gautaborg | 14° | Orlando | 30° |
| Basel | 18° | Kaupmannahöfn | 14° | Ósló | 12° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 26° | París | 20° |
| Billund | 15° | London | 17° | San Francisco | 23° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 27° | Stokkhólmur | 13° |




**Á MORGUN** Strekkingur með SA-ströndinni annars hægari vindur.




**FÖSTUDAGUR** Strekkingur með SA-ströndinni annars hægari vindur.

**NORÐAUSTANÁTT** verður ríkjandi á landinu næstu daga og kólnar nokkuð frá því sem var í gær og fyrradag. Sunnan og vestan til verður bjart en að mestu skýjað norðan- og austanlands með lítilsháttar úrkomu.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# FARÐ'OG SLEPPTU ÞÉR

Aygo er þessi skemmtilegi í hópnum og geislar af þínum eigin persónuleika. Þú ræður endanlegu útliti Aygo sem er kraftmikill, sparneytinn og leikandi léttur í akstri. Aygo-margmiðlunarkerfið nær góðu sambandi við símann þinn og ríkulegur staðalbúnaður gefur tilverunni nýjan lit.

Gerðu þér glaðan Aygo hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og fáðu að reynsluaka.




**Aygo - verð frá: 1.960.000 kr.**
Útborgun: 196.000 kr.*

AYGO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir **Lykill**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
* Miðað við 90% lánshlutfall hjá Lykli – nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað voru mörg hross flutt úr landi á síðasta ári?
**2.** Hvaða mynd var verið að frumsýna þegar Þorvaldur Davíð var á rauða dreglinum?
**3.** Hvað myndi niðurfelling námslána fólks á eftirlaunum kosta ríkið?

**SVÖR:**
**3.** 700 til 800 milljónir á ári.
**2.** Dracula Untold.
**1.** 1.300.

Bæjarstjórinn á Akranesi kallar eftir vegabótum milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands:

# Tvöföldun Vesturlandsvegar aðkallandi

**SAMGÖNGUR** Ráðast þarf strax í úrbætur í vegamálum á Vesturlandi og ekki síst tvöföldun Vesturlandsvegar. Umferðarþungi kallar á úrbætur, ekki síst vegna öryggis vegfarenda.

Þetta er skoðun Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra á Akranesi, sem vísar í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 máli sínu til stuðnings. Samkvæmt ályktuninni, sem var samþykkt í júní 2012, er gert ráð fyrir að ekki verði hafist handa við framkvæmdir á kaflanum Þingvallavegur–Kollafjörður fyrr en á þriðja tímabili áætlunarinnar (2019–2022). Áætlaður kostnaður er 2,5 milljarðar króna. Framkvæmdir við kaflann Kollafjörður–Hvalfjarðarvegur eiga að hefjast á sama tímabili. Kostnaðurinn er metinn 3,1 milljarður, þó aðeins 500 milljónir hafi verið eyrnamerktar framkvæmdum þar.

„Við teljum, í ljósi þess að það fara 6.000 bílar um þennan veg á dag [Þingvallavegur–Hvalfjarðargöng], að það þurfi að ráðast sem fyrst í úrbætur. Það vinna til dæmis hundruð Akurnesinga í Reykjavík og keyra daglega á milli. Til samanburðar þá fara rúmlega 7.000 bílar um Suðurlandsveg daglega, sem hefur fengið talsverðar endurbætur á undanförnum árum, sem og Reykjanesbrautin, enda var það löngu orðið tímabært. Nú er hins vegar komin röðin að okkur. Það er oft vindasamt á Kjalarnesinu og undir Hafnarfjallinu og lýsingin er mjög léleg þannig að þarna þarf klárlega að bæta öryggi,“ segir Regína. - shá



**„Við teljum, í ljósi þess að það fara 6.000 bílar um þennan veg á dag, að það þurfi að ráðast sem fyrst í úrbætur.**

*Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi.*





Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


# Húsnæðisöryggið tryggt með hvatakerfi

Íbúðalánasjóður kynnti í gær þau áform sín að selja 400 íbúða sinna. Krafa er gerð um að kaupendur geri grein fyrir því hvernig þeir ætli að viðhalda útleigu íbúðanna. Lítil breyting fyrir leigumarkaðinn segir leigumiðlari.

**HÚSNÆÐISMÁL** „Þetta er gríðarleg breyting frá því sem verið hefur. Við erum að fara alveg nýja leið,“ segir Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs, varðandi þá ákvörðun sjóðsins að setja 400 íbúðir í sérstakt söluferli nú í október.

Íbúðunum verður skipt í sjö eignasöfn eftir landshlutum en þær eru á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi, Vesturlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi.

Íbúðalánasjóður hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki selt nógu mikið af eignum sínum en samkvæmt mánaðarskýrslu sjóðsins frá því í ágúst á hann alls um 2.500 eignir. Þar með eru taldar þær 450 eignir sem leigufélag sjóðsins, Klettur, á og leigir út. Ingibjörg segir markmið sölunnar að bregðast við þessari gagnrýni en jafnframt með því að efla leigumarkaðinn og efla búsetu núverandi leigjenda í íbúðunum.

Til þess að ná þessu markmiði sínu hyggst sjóðurinn leggja til grundvallar að þeir aðilar sem kaupi eignirnar haldi þeim áfram í útleigu. Því er sú krafa gerð að þeir sem bjóði í eignirnar geri grein fyrir því hvernig þeir ætla að viðhalda útleigu íbúðanna en af íbúðunum 400 eru 287 í leigu eins og er.

„Með þessu er því ekki verið að ógna húsnæðisöryggi þeirra sem eru í íbúðunum núna,“ útskýrir Ingibjörg, en til stendur að koma á fót ákveðnu hvatakerfi sem lýsir sér þannig að afsláttur er gefinn ef íbúð sem keypt er af sjóðnum helst í leigu í ákveðinn tíma. Ingibjörg vildi ekki veita nánari upplýsingar um útfærslu þessa hvatakerfis en vísar til kynningarfundar sem haldinn verður um söluferlið fyrir áhugasama kaupendur 14. október.

Fyrri íbúðasölur Íbúðalánasjóðs hafa ekki tekist sem skyldi að sögn Ingibjargar og því var ákveðið að setja þær í þetta form þar sem jafnræði og gagnsæi verði í hávegum höfð. Ingibjörg fullyrðir að sjóðurinn hafi ekki kortlagt hverjir séu fjársterkir á markaðnum núna og gætu komið til greina sem hugsanlegir kaupendur. Það myndi ganga gegn því jafnræðissjónarmiði sem sjóðurinn gengur út frá.

Svanur Guðmundsson, formaður Félags löggiltra leigumiðlara, segir þetta ólíklega munu hafa nokkur áhrif á leigumarkaðinn þar sem flestar íbúðanna eru þegar í leigu. Þetta festi leigumarkaðinn þó í sessi.

„Ef þú horfir flatt yfir landið þá er þörfin rosalega mikil,“ útskýrir Svanur. Hann bendir á að ef litið er til þess að fjöldi íbúða sem fara í leigu á hverju ári er um sex til sjö þúsund séu 400 íbúðir upp í þann fjölda ekki mikið.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, telur sömuleiðis að salan hafi lítil sem engin áhrif á fasteignamarkaðinn. „Þetta er allt annars eðlis en fyrir þá hópa sem eru inni á fasteignamarkaði til að kaupa fasteignir til eigin nota.“ Hún segir þó liggja í hlutarins eðli að salan geti aðeins höfðað til mjög afmarkaðs hóps fjársterkra aðila.

Sala íbúðanna kemur ekki til með að hafa áhrif á starfsemi leigufélags Íbúðalánasjóðs. Þær 450 íbúðir sem eru í útleigu verða það áfram.

nanna@frettabladid.is

## LANGFLESTAR ÍBÚÐIR Á SUÐURNESJUM




Langflestar íbúðanna eru á Suðurnesjum eða 160 íbúðir, þar af standa 24 auðar eins og er. Á Austurlandi verða 114 íbúðir til sölu en þar standa helmingi fleiri íbúðir auðar eða 51. Fæstar íbúðir koma til með að verða til sölu á Norðurlandi eða 14 íbúðir þar sem helmingur er í útleigu eins og er.



**„Þetta er gríðarleg breyting frá því sem verið hefur. Við erum að fara alveg nýja leið.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, stjórnarformaður Íbúðalánasjóðs.*

Eigandi fyrirtækisins segir arðinn hafa verið nýttan til að styrkja rannsóknir:

# Ríkisfé fór upp í arðgreiðslur

**STJÓRNSÝSLA** Einkahlutafélagið Rannsókn og greining ehf. greiddi 12,35 milljónir í arð á árunum 2006 til 2009. Á sama tímabili fékk fyrirtækið greiddar 11,5 milljónir í styrki frá ríkinu samkvæmt frétt DV.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Rannsókn og greining hefði fengið í heild yfir 50 milljónir króna frá árinu 2006 af opinberu fé gegnum samning við menntamálaráðuneytið til að vinna að rannsóknum á högum ungs fólks án þess að leita útboðs eða tilboða. Kristín Halldórsdóttir, sviðstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar, gaf þá út að fullt tilefni væri til að skoða samning ríkisins við fyrirtækið.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, eigandi Rannsókna og greiningar, segir í samtali við DV að arðgreiðslurnar hefðu verið nýttar til að styrkja frekari rannsóknir á gögnum sem fyrirtækið hefði aflað. Inga Dóra gat hins vegar ekki svarað því hvers vegna styrkveitingarnar hefðu ekki farið í gegnum fyrirtækið í stað þess að greiða henni arð. - ih



**INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR** Eigandi Rannsóknar og greiningar segir arðinn hafa verið nýttan í styrki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP SMÁRALIND AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

* ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA OG SUNNUDAGA
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

FERSKT DAGLEGA!





| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.199 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.399 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 4.999 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.199 kr/pk |
| Þindar | 349 kr/kg |
| Eistu | 499 kr/kg |
| Blóð 1 L | 159 kr/pk |
| Mör | 129 kr/kg |
| Próteinkeppir 10 stk | 1.199 kr/pk |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Sláturnælur 10 stk | 379 kr/pk |

Tilboð



FERSK LAMBAHJÖRTU
297 kr/kg
verð áður 369

Tilboð



FERSK LAMBALIFUR
297 kr/kg
verð áður 359

19 lítra

14 lítra



Pottarnir fást aðeins í Smáralind.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

TACTIX vörur!
NÝ SENDING, MIKIÐ ÚRVAL!




Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Gígurinn Baugur er þegar 100 metra hár

Gígaröðin í Holuhrauni teygir sig nú upp í 100 metra hæð þar sem hún er hæst. Hraunið stíflar Jökulsá og lón myndast, en mjög hefur dregið úr kvikuuppstreymi.

**NÁTTÚRA** Megingígurinn í Holuhrauni, sem nefndur hefur verið Baugur, hefur náð 100 metra hæð á þeim fimm vikum sem eldgosið norðan Vatnajökuls hefur staðið. Hraunið frá eldgosinu náði um helgina að stífla Jökulsá á Fjöllum svo lón myndaðist við suðurjaðar hraunsins.

Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur segir að strax á þriðju viku eldgossins í Holuhrauni hafi Baugur náð 65 metra hæð, en virknin hafi verið það mikil að hlutirnir séu fljótir að gerast.

„Þetta er á góðri leið með að verða fjall, eða fell. Við erum að meta hæðina á aðalgígnum en hún er þegar um 100 metrar. Hann bætir hratt við sig og þetta er orðinn mjög myndarlegur gígur, virkilega,“ segir Ármann.


**BAUGUR** Á aðeins tveimur vikum hefur gígurinn hækkað um 40 metra.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Gígaröðin sjálf, sín hvorum megin við Baug, er líka orðin reisuleg. Suðri, Krakkinn og Norðri eru mun minni en Baugur, en Suðri er t.d. í fjörutíu, fimmtíu metrum er ágiskun Ármanns.

Frá því var greint að 4. október var um fjögurra metra rás á milli eystri bakka Jökulsár á Fjöllum og hraunsins. Á aðeins fjórum tímum rann hraunið fram um eina 100 metra, og lón tók þegar að myndast.

Hins vegar er Jökulsá fljót að aðlaga sig breyttum aðstæðum, og lónið tæmir sig með jöfnu millibili.

„Það hefur dregið úr framrás hraunsins þannig að áin grefur sig meðfram því. Lónin sem myndast eru ekki stór og myndast rétt á meðan að hraunið nær yfir, en svo finnur áin sér annan farveg,“ segir Ármann sem bætir við að eldgosið, og hraunrennslið, sé miklu minna en í upphafi og heldur dregur úr gosinu þessa dagana.

Hraunið var orðið rúmir 52 ferkílómetrar að stærð í gær. Jarðskjálftar í norðanverðum kvikuganginum hafa snarminnkað, og sama er að segja um uppstreymi kviku.

Þær upplýsingar fengust hjá Landmælingum Íslands og Stofnun Árna Magnússonar að engar skilgreiningar séu til á því hvað sé lágmarkshæð fjalls eða fells. Hitt er ljóst að margt fellið í íslenskri náttúru nær ekki 100 metra hæð.

svavar@frettabladid.is

www.volkswagen.is













Volkswagen Caddy
**Snjallari kynslóð atvinnubíla**

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótleikurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnuþjarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

Snjall-Caddy kostar aðeins frá
3.250.000 kr.
(2.589.641 kr. án vsk)

VW SNJALL-BÍLL

**Staðalbúnaður í Caddy**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 15“ stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Loftpúðar fyrir ökumann
- Útvarp með geislaspilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmídúkur á gólfi flutningsrýmis

**Aukabúnaður Snjall-Caddy**

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

Atvinnubílar

*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Tilboðsdagar!

## Sturtuklefar






















Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




RANGE ROVER EVOQUE
Nýskr. 03/12, ekinn 16 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131092.

Frábært verð
7.680 þús.



CHEVROLET SUBURBAN K2500
Nýskr. 09/09, ekinn 60 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr. 191550.



LAND ROVER DISCOVERY 4 SE
Nýskr. 08/13, ekinn 25 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 12.690 þús.
Rnr. 281963.



OPEL INSIGNIA COSMO WAGON
Nýskr. 07/13, ekinn 20 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.520 þús.
Rnr. 142378.



VW GOLF BLUEMOTION
Nýskr. 11/12, ekinn 28 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.290 þús.
Rnr. 131284.



CHEVROLET AVEO LTZ
Nýskr. 04/12, ekinn 34 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr. 282070.



HYUNDAI IX20 COMFORT
Nýskr. 02/13, ekinn 14 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 310078.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




**ALÞINGI ÍSLENDINGA** Dregist hefur á langinn að skanna inn Alþingistíðindi frá upphafi. Kostnaðurinn er um 200 milljónir króna.

# Um 200 milljónir í skönnun þingskjala

Árið 2002 var hafist handa við að skanna inn Alþingistíðindi frá upphafi. Áætlað var að það tæki þrjú ár með þrjá menn í vinnu. Tólf árum síðar er vinnunni hvergi nærri lokið og kostnaður við verkið líklega um 200 milljónir króna.

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður við skönnun Alþingistíðinda frá upphafi hefur farið langt fram úr upphaflegum áætlunum. Kostnaður við verkið stendur nú í tæplega tvö hundruð milljónum króna og er hvergi nærri lokið.



**HELGI BERNÓDUSSON** skrifstofustjóri Alþingis

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir mikla vinnu eftir enn þá við að klippa niður skjöl og stilla þeim upp þannig að þau séu hæf til birtingar á vefnum. „Inn á vefinn er nú allt komið á lýðveldistíma, frá 1944, og verið er að setja inn þingin 1939-1944. Eldra efni er svo í frekari vinnslu, yfirlestri og klippingu.“

Vinnan hefur farið fram á tveimur stöðum á landinu, á Hvammstanga og í Ólafsfirði. Enn eru tveir starfsmenn í vinnu við verkefnið í Ólafsfirði en starfsemi á Hvammstanga er lokið. Kostnaðurinn við Ólafsfjarðarverkefnið eitt og sér er nú kominn í 183 milljónir króna og ekki sér fyrir endann á verkefninu. Starfsemin á Hvammstanga fól í sér að setja upp efnisyfirlit allra Alþingistíðinda frá upphafi. Starfsemin í Ólafsfirði snýr hins vegar beint að skönnun og uppsetningu skjalanna.

„Starfsmenn í Ólafsfirði eru nú tveir en voru fimm þegar mest var. Hluti tæknivinnslunnar er nú kominn inn á skrifstofu þingsins í Reykjavík,“ segir Helgi.

Halldór Blöndal, þáverandi forseti Alþingis, sagði á sínum tíma að um væri að ræða stórt verkefni og áætlað væri að um níu ársverk tæki að skanna inn öll Alþingistíðindi og birta á vefnum. Árið 2002 var hafist handa við verkið og voru þrír starfsmenn ráðnir. Átti þetta því að taka um þrjú ár í vinnslu. Nú, 12 árum síðar, vantar enn um 100 ár af Alþingistíðindum og ekki sér fyrir endann á verkinu. Helgi telur menn ekki hafa séð fyrir hversu umfangsmikið þetta verk væri. „Menn hafa greinilega vanáætlað verkið gríðarlega. Um viðamikið verk er að ræða.“

Halldór Blöndal segir verkefnið á sínum tíma einnig hafa verið lið í því að flytja störf út á land og gera fleirum kleift að vinna opinber störf óháð búsetu.

„Það er búið að skanna allt, öll þingtíðindin. Hins vegar er mikil vinna eftir við að klippa niður skjöl, bæði þingskjöl og einstakar ræður, stilla þessu upp og koma því inn á vefinn. Við höfum lagt mikla áherslu á gera vefinn okkar sem allra bestan og þetta verkefni er hluti af því, að eldri þingtíðindi séu aðgengileg, bæði þingmönnum og öllum almenningi “ segir Helgi.

sveinn@frettabladid.is





Þú færð öll tæki í eldhúsið hjá okkur.

Það þarf allt að falla fullkomlega saman í eldhúsinu þínu, innréttingin og eldhústækin. Rönning býður upp á fjölbreytt úrval eldhústækja fyrir draumaeldhúsið þitt.
Útlit og útfærsla er fullkomlega í þínum höndum.
**Komdu og fáðu faglega ráðgjöf hjá sölumönnum okkar. Bjóðum 5 ára ábyrgð.**

Reykjavík
Skútuvogur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnisgata 2
Sími 460 0800

RÖNNING
ronning.is | gorenje.is

BOSCH

# Öllum nýjum Bosch kæli- og frystiskápum fylgir gjafabréf í Kjötkompaní að verðmæti 35.000 kr.

## Gildir aðeins í þrjá daga, 7. til og með 9. október.

Í mörgum kæliskápum frá Bosch er skúffa sem kallast CrisperBox sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.

Í sumum skápunum er svokölluð kjötskúffa (ChillerBox) þar sem finna má kaldasta svæðið í skápnum. Hentar fyrir ferskt kjöt, ferskan fisk, drykki og eldaða rétti.

VERIÐ VELKOMIN Kjötkompaní HAFNARFIRÐI







Í kjötskúffunni (ChillerBox), sem er í sumum kæli- og frystiskápum frá Bosch, má geyma kjöt og fisk tvöfalt lengur en í venjulegu kælirými.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 www.bosch.is Sími 520 3090







# Þrír til viðbótar í einangrun á Spáni

Ebólusmitaði hjúkrunarfræðingurinn á Spáni smitaðist þrátt fyrir varúðarráðstafanir, sem virðast þó ekki hafa fullnægt ströngustu kröfum. Norskur læknir, sem smitaðist af ebóluveirunni í Síerra Leóne, var í gær fluttur á sjúkrahús í Noregi.

**SPÁNN, AP** Þrír menn til viðbótar hafa verið settir í einangrun á sjúkrahúsi á Spáni vegna hættu á að þeir hafi smitast af ebóluveirunni. Að auki er grannt fylgst með um fimmtíu manns.

Allt eru þetta viðbrögð við veikindum hjúkrunarfræðings á Spáni, konu á fimmtugsaldri sem smitaðist þegar hún vann að hjúkrun tveggja spænskra presta. Þeir létust báðir af völdum ebóluveirunnar, en höfðu smitast í Afríku þar sem þeir unnu að aðhlynningu ebólusmitaðra.

Konan smitaðist þrátt fyrir varúðarráðstafanir á sjúkrahúsinu, en þær varúðarráðstafanir virðast ekki hafa verið samkvæmt ýtrustu kröfum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Umræða hefur því vaknað á Spáni um það, hvort þær öryggisráðstafanir sem notaðar eru þar séu nægilega góðar.

Konan var í tveimur hlífðarbúningum, með hanska og augnhlífar, en spænska dagblaðið El País hefur það eftir heilbrigðisstarfsfólki að hlífðarbúningarnir hafi ekki verið algerlega vatnsheldir. Ekki hafi heldur verið notaður sérstakur öndunarbúnaður, sem hefði tryggt betur að smit gæti ekki borist í konuna.



**KOMINN TIL NOREGS** Norskur læknir fluttur á sjúkrahús í Ósló frá Síerra Leóne, þar sem hann smitaðist af ebóluveirunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að sögn spænskra yfirvalda er hafin rannsókn á málinu. Um tuttugu heilbrigðisstarfsmenn komu hins vegar í gær saman fyrir utan sjúkrahúsið í Madrid, þar sem konan starfaði, og kröfðust þess að Ana Mato heilbrigðisráðherra segði af sér vegna málsins.

Eiginmaður hjúkrunarkonunnar hefur verið lagður inn á sjúkrahús í öryggisskyni þótt engin einkenni hafi komið í ljós. Hjúkrunarkonan er sögð vera með hita en hafa engin önnur einkenni ebólusmits. Hún fór í frí eftir að hafa sinnt prestinum, sem lést, en var lögð inn á sjúkrahús á mánudag.

Hjúkrunarkonan á Spáni er sú fyrsta sem smitast hefur af veirunni utan Afríku. Nærri 400 heilbrigðisstarfsmenn hafa hins vegar látist af völdum veirunnar í Líberíu, Gíneu og Síerra Leóne, en þessi þrjú lönd hafa farið verst út úr faraldrinum.

**400** heilbrigðisstarfsmenn hafa látist af völdum ebóluveirunnar í þremur Afríkuríkjum.

Alls hefur faraldurinn kostað meira en 3.500 manns lífið og óttast er að útbreiðslan geti farið að ná til annarra heimshluta.

gudsteinn@frettabladid.is




Framkvæmdastjóri Interpol segir Ísland afar öruggt:

# Fáir glæpir á Íslandi þrátt fyrir byssueign

**LÖGREGLUMÁL** Ronald K. Noble, framkvæmdastjóri alþjóðalögreglunnar Interpol, segir að Ísland sé eitt öruggasta landið af þeim 190 sem hann hefur heimsótt síðan hann tók við starfinu árið 2000.

„Í Bandaríkjunum hefur mikið verið deilt um byssueign en þegar maður skoðar hve margir eiga byssu á Íslandi og hversu fáir glæpirnir eru sér maður hversu öruggt landið er," segir Noble og bætir við að um 200 þúsund byssur séu í umferð á Íslandi, en þær eru mestmegnis notaðar við veiðar.

Hann segir íslensku lögregluna öfluga og vel þjálfaða. „Ísland er frábært land. Hérna er lág glæpatíðni og vel menntað fólk," segir Noble, sem var staddur í opinberri heimsókn á Íslandi í gær.

Hann hefur átt stóran þátt í að gera Interpol að opnara og öflugra samfélagi á sviði alþjóðlegs lögreglusamstarfs. Meðal annars þróaði hann samskiptanetið I-24/7 sem er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Í gegnum það er auðvelt fyrir Interpol að eiga samskipti við lögreglumenn víða um heim.

Netglæpir hafa farið vaxandi undanfarin ár og hefur Noble áhyggjur af því. „Við verðum að vera betur í stakk búin til að takast á við þá. Okkar markmið er að tryggja að Ísland, rétt eins og önnur lönd, hafi yfir að ráða þeirri tækni sem þarf til að takast á við skipulagða netglæpi."



**NOBLE** Ronald K. Noble, framkvæmdastjóri Interpol, á blaðamannafundi í gær. Hann segir íslensku lögregluna öfluga og vel þjálfaða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýlega var búinn til gagnagrunnur til að hafa hendur í hári einstaklinga sem ferðast á milli landa til að berjast, til dæmis í Sýrlandi. Ísland er hluti af þeim grunni. Noble segir það hafa komið sér í opna skjöldu frá hve mörgum löndum þeir koma.

„Sérstaklega þegar maður hugsar um að þessir vígamenn, sem tengjast hryðjuverkahópum sem fremja viðurstyggilega glæpi af miklum heigulshætti, alast margir hverjir upp í vel menntuðum samfélögum þar sem lög eru virt. Bakgrunnur þeirra er góður en samt freistast þeir til að tengjast hópum sem myrða og fremja hryðjuverk. Það kemur gríðarlega á óvart."

freyr@frettabladid.is

## Stoltur af samskiptaneti Interpol

Noble lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Interpol á næstunni. Spurður um hverju hann sé stoltastur af í starfi sínu nefnir hann áðurnefnt samskiptanet. „Þegar ég byrjaði í embætti tengdust fáir samskiptakerfinu okkar en núna getur hvaða lögregluþjónn í heiminum sem er tengst Interpol með því að setja inn kóða í tölvu. Áður fyrr náðum við bara til nokkurra þúsunda manna á hverju ári og nokkrar milljónir leituðu í gagnagrunni okkar en á síðasta ári leitaði meira en milljarður í gagnagrunninum okkar. Ég er mjög stoltur yfir því að Interpol er orðið hluti af veruleika venjulegs fólks úti á götu," segir hann og minnist einnig á herferðina Turn Back Crime sem Interpol stendur fyrir. Frans páfi, Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og fótboltastjarnan Lionel Messi hafa allir lagt henni lið.



# Ein stærsta ljósadeild landsins



**NEXUS 20 LOFTLJÓS**
Þv. 20 cm. E27-perustæði, hám. 40 vött. Fæst í hvítu, svörtu, kolgráu, krómi og burstuðu stáli.

**10.995,-**



**MADELENE LOFTLJÓS MEÐ PRISMUM**
G9-perustæði, 3 x 40W. Þv. 26 cm, krómað.

**5.995,-**



**ASTRO LOFTLJÓS**
4 x G4-perustæði. Þv. 52 cm. Ljósaperur fylgja.

**14.995,-**



WOFI® LEUCHTEN

**CRYSTAL BORÐSTOFULJÓS**
Loftljós með Asfour-kristöllum. H: 150 cm, G9-perustæði, 5 x 40 vatta halógenperur.

**14.995,-**



**VENDELA LOFTLJÓS**
Glæsilegt loftljós. Breidd 350 mm, E27-perustæði, hám. 60 vött.

**12.995,-**



**VENDELA GÓLFLAMPI**
Hæð 158 cm, E27-perustæði, hám. 42 vött.

**24.995,-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 9. október til og með miðvikudeginum 15. október 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# SKOÐUN

Kallað var eftir hagræðingu, en samt ekki:

## Markmiðin og hagræðingin

Leiðsmenn hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar fóru mikinn. Létu til sín taka hér og þar. Boðuðu breytingar hér og breytingar þar. Í fréttum liðinna daga hefur verið fjallað um eitt og annað, sem hið minnsta vekur spurningar um hvort meðferð almannafjár sé til mikillar fyrirmyndar og hvort hægt sé að gera betur. Hagræðingarhópurinn sagði á einum stað:

„Ráðuneyti skulu í samstarfi við ráðherranefnd um ríkisfjármál yfirfara öll verkefni sem þau og undirstofnanir þeirra sinna og endurmeta á grundvelli núverandi stöðu ríkisfjármála. Verkefninu verði lokið fyrir framlagningu fjárlagafrumvarps 2015.“ Úr vöndu er að ráða hvort átt er við fjárlagafrumvarp vegna ársins 2015, sem sagt það frumvarp sem nú liggur frammi, eða hvort átt er við frumvarpið sem verður lagt fram að ári, og verður þá vísir að fjárlögum ársins 2016. Látum það liggja á milli hluta. Tillagan sem getið var um hér að ofan er nokkuð afgerandi. Samt má skilja, til að mynda af Háholtsmálinu, að ekki sé farið að þessum vilja hagræðingarhópsins. Sama má segja um fyrirhugaðan flutning Fiskistofu.




**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is


Sé hlutverk hagræðingarhópsins að leita að ódýrari rekstri, betri meðferð peninga, eða að meira fáist fyrir þær fjárveitingar sem eru til boða, má spyrja hvort alvaran sé eins mikil og af er látið. Hér er önnur tillaga frá hagræðingarhópnum: „Við allar breytingar á stofnanakerfi og þjónustu ríkisins verði sérstaklega horft til þess möguleika að flytja opinber störf út á land.“

Gott og vel, þá er eðlilega spurt, en hvað með hagræðinguna? Víkur hún fyrir vilja stjórnvalda til að flytja opinber störf út á land? Og ef svo er, hvers vegna er það þá ekki bara sagt. Hvaða blekkingarleikur er þetta? Er nokkur í raun sannfærður um að flutningur Fiskistofu sé gerður vegna hagræðingar, til að fara betur með opinbert fé? Ef takast á tvö sjónarmið, sparnaður og byggðamál, þá fer best á því að tala um hlutina eins og þeir eru. Annað á ekki að vera í boði.

Enn hafa ekki komið fram haldbær rök fyrir því að Háholtssamningurinn tilvonandi verði til hagræðingar. Hins vegar hafa komið fram rök um að hann verði til að raska sem minnst byggð og atvinnu í Skagafirði. Því ber að segja það og fjalla um málið sem slíkt. Leikur einn er fyrir félagsmálaráðherrann að segja að mál sem þetta og önnur sem hafa ratað í fjölmiðla af borði ráðherrans, séu hafin yfir markmið um hagræðingu. Henni verði að ná fram með öðrum hætti, með meiri sparnaði annars staðar.

Vilji ríkisvaldsins til að efla byggðir er vel skiljanlegur. Svo er annað, ríkisvaldið hefur takmarkað komið að uppbyggingunni á Vestfjörðum. Þar eru að verki dugmiklir Íslendingar og erlendir ríkisborgarar. Ríkisvaldið er í mesta vanda með að sjá til þess að vegasamgöngur við þetta mikla vaxtarsvæði verði viðunandi. Ef eitthvað er hefur hið opinbera þvælst fyrir uppbyggingunni frekar en hitt.

Þrátt fyrir ríkisvaldið er uppbygging á Vestfjörðum sú mesta sem um getur í langan, langan tíma og það án aðkomu ríkisins og opinberrar hagræðingar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skylt að útvega skattagögn

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra virðist ætla að gefa sér góðan tíma til skoða hvort gögn um skattaundanskot verði keypt af óþekktum aðila sem boðið hefur íslenskum skattayfirvöldum þau til kaups. Ráðherrann hefur nú til skoðunar hvort hann þurfi að setja sérstök lög um málið. Margir þingmenn hans eigin flokks hafa hvatt til að gögnin verði keypt þar sem möguleiki sé á að þau skili ríkissjóði drjúgum tekjum. Einn þeirra þingmanna sem hafa brýnt fjármálaráðherra í málinu er Elín Hirst. Hún telur að íslenskum yfirvöldum sé skylt að útvega gögnin eftir öllum tiltækum leiðum enda gætu gífurlegir hagsmunir verið í húfi fyrir ríkissjóð.



### Áhugamanneskja um pólitík

Guðfinna J. Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar, hefur eftir langa mæðu og drjúgan umhugsunarfrest upplýst að hún hafi áhuga á pólitík. Þrátt fyrir að hafa látið þau ummæli falla í gleðskap háskólastúdenta að hún hefði engan áhuga á þeirri skringilegu tík. Guðfinna mætti í viðtal á Útvarpi Sögu á dögunum og sagði að vondir menn og illmálgir væru stöðugt að reyna að koma illu orði á hana með því að breiða út alls konar sögur um hana.

### Spyr um sauðnaut

Það hefur ekki gengið þrautalaust fyrir þá sem hafa viljað kaupa hreindýrakjöt og aðra villibráð frá Grænlandi og selja hér á landi. Innflutningur á slíku kjöti hefur sætt ofurtollum auk annarra hindrana. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar, virðist hafa áhuga á málinu því hann hefur sent landbúnaðarráðherra fyrirspurn og vill fá að vita hvaða reglur gilda um innflutning á rjúpum, sauðnautakjöti og hreindýrum frá Grænlandi. Össur vill líka fá að vita hver sé tollurinn af slíkum varningi. Skemmtilegasta spurningin frá Össuri, í ljósi þess að Íslendingar eru stöðugt að dásama eigin hreinleika, er hvort talin sé hætta á að dýr sem lifa villt í hreinustu og köldustu náttúru veraldar geti borið smit til Íslands.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Störukeppni“ um LbhÍ

MENNTUN




**Sveinn Hallgrímsson**

fv. skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri


Í Fréttablaðinu 26. september 2014 er grein eftir Ólaf Arnalds prófessor um málefni LbhÍ. Ég staldri lengi á fyrirsögn greinarinnar áður en ég áttaði mig á fyrirsögninni „störukeppni“. Hélt að hér hlyti að vera „fagorð“ sem prófessorinn notaði. Svo reyndist ekki vera. Ég verð að fá að birta athugasemdir og leiðréttingu við greinina, svo margt er missagt eða rangt með farið. Ólafur er að gera athugasemdir við pistil Haraldar Benediktssonar á vef Skessuhorns.

**1.** Ólafur segir að Haraldur telji að málefni LbhÍ séu komin í störukeppni „…menntamálaráðherra, sem vill sameina LbhÍ og Háskóla Íslands, og yfirstjórnar og akademískra starfsmanna skólans“. Þetta er ekki rétt. Samkvæmt mínum heimildum er háskólaráð LbhÍ ekki sammála því að sameina þessar stofnanir, enda átti ekki að sameina, heldur átti að leggja LbhÍ niður. Kennslu á háskólastigi átti að færa suður, fara undir verkfræði- og raunvísindasvið HÍ. Það átti því að leggja LbhÍ niður, að minnsta kosti kennslu á háskólastigi.

**2.** Alls ekki allir „akademískir starfsmenn“ skólans eru sammála því að flytja starfsemina til Reykjavíkur. Meirihluti akademískra starfsmanna á Keldnaholti í Reykjavík vill flytja starfsemina undir HÍ. Á það má einnig benda að aðrir starfsmenn skólans á Hvanneyri eru andvígir flutningi til Reykjavíkur. Líklega er það fyrir tilverknað sumra „akademískra“ starfsmanna skólans að hluti af kennslu hefur verið fluttur suður á Keldnaholt! Sem sagt, stofnuð enn ein háskóladeildin. Ekki sameinað, heldur sundrað!

**3.** Sjálfstæður skóli segir þú, Ólafur, ef við sameinumst? Eins og ég sagði áður verður enginn skóli, háskólakennsla á Hvanneyri, ef LbhÍ verður sameinaður HÍ. Kennsla á háskólastigi verður færð til Reykjavíkur, samkvæmt tillögum menntamálaráðherra. Á Hvanneyri yrði áfram bændadeild, framhaldsskólastig, fjós með kúm og fjárhús á Hesti. Tilraunir yrðu framkvæmdar og fjarstýrt úr Reykjavík. Það yrði framkvæmt á sama hátt og í Sovétríkjunum forðum. Sennilega yrðir þú, Ólafur, yfir jarðræktartilraunum, sætir á Keldnaholti og hringdir upp eftir til að gefa fyrirskipanir um að bera á, eða slá, eins og Moskvuvaldið gerði í Sovét.

Hvanneyringar, velunnarar samfélagsins á Hvanneyri og skólans, vilja samstarf við HÍ, sem er báðum til gagns og ánægju. Við viljum ekki leggja niður starfsemi á Hvanneyri eftir 125 ára farsælt skólastarf. Minni einnig á að kennsla á háskólastigi hefur farið fram á Hvanneyri í 67 ár! HÍ átti kost á að hefja kennslu í búvísindum um 1950, en hvorki vildi né gat það!


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Næg er þeirra kvöl!

ÖRYRKJAR



Ragnar Tómasson
lögfræðingur

**➜ Það þarf engan sérfræðing til að reikna út að skjólstæðingur minn er búinn að „spara“ ríkinu milljónir – jafnvel tugi milljóna, með því að draga sængina upp fyrir höfuð...**

Í ráðherratíð Magnúsar heitins Kjartanssonar heilbrigðismálaráðherra varð hann fyrir heilsubresti. Hann lamaðist og varð að notast við hjólastól. Eftir þetta kvaðst Magnús hafa séð flest mál í öðru ljósi en áður.

Stór hluti öryrkja berst við þunglyndi. Það er lamandi sjúkdómur. Þá gerir það illt verra þegar þunglyndinu fylgir áfallaröskun, félagsfælni, víðáttufælni og skyld mein. Þeim þunglynda þykir stundum best að draga sæng upp fyrir höfuð og hreyfa sig hvergi. Lífið er grátt og litlaust. Er jafnvel ekki lengur eftirsóknarvert.

Fyrir áratugum greindist skjólstæðingur minn með alvarlegt þunglyndi eftir föðurmissi. Hún leitaði hjálpar geðlæknis. Viðbrögð hans voru … nei, ég get tæpast ætlast til að þið trúið því. Hún skýrði skrifstofu Landlæknis bréflega frá samskiptum sínum og læknisins – og því glæpsamlega ofbeldi sem hann beitti hana. „Ertu tilbúin að staðfesta framburð þinn fyrir dómi?“ var hún spurð.

Erfitt fannst henni að skrifa Landlækni bréf. Að þurfa að standa í réttarsal og lýsa árásinni sem hún varð fyrir, var langt umfram hennar getu.

Eftir þessi svör Landlæknis hvarf hún þeim sjónum. En flakandi sárin – og þunglyndið – hurfu ekki. Urðu þvert á móti erfiðari en áður.

Í áratugi hefur skjólstæðingur minn aldrei viljað sækja um örorkubætur – þar til á síðasta ári, og þá eftir miklar fortölur.

### Tregir til átaka

Það þarf engan sérfræðing til að reikna út að skjólstæðingur minn er búinn að „spara“ ríkinu milljónir – jafnvel tugi milljóna, með því að draga sængina upp fyrir höfuð í stað þess að sækja sinn rétt. Þunglyndir eru tregir til átaka. Þeir leita í skjólið. Næg er þeirra kvöl og nægt þeirra böl þó TR svíki þá ekki um sinn lögboðna rétt. Umboðsmaður Alþingis hefur nú lesið þeim pistilinn. Tryggingastofnun ríkisins – og síðar Úrskurðarnefnd almannatrygginga – hefur neitað skjólstæðingi mínum um bætur þau tvö ár aftur í tímann, sem gefinn er kostur á í lögum. Nefndinni finnst skorta ítarlegri gögn um veikindi skjólstæðings míns, aftur í tímann. Engin leið var að fá greinargóðar leiðbeiningar. Með því að gefa leiðbeiningar væri úrskurðarnefndin að gera sig vanhæfa!

Ég kvartaði undan því við geðlækni að vottorð hans þætti ekki fullnægjandi. Því svaraði Ingvar Kristjánsson (geðlæknir) þannig, með læknisvottorði dags. 18.09. 2014:

„Athygli mín hefur verið vakin á að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir heilsu hennar á árunum 2011 og fram á mitt ár 2013 [innskot mitt: Árin tvö sem sótt er um bætur fyrir]. Ég tel þó að nægilega sé að orði kveðið í fyrstu málsgrein á annarri síðu í vottorðinu og því sem á eftir þeirri grein stendur. Auk þess held ég að fagfólk sem kemur til með að fjalla um vottorðið í þar til bærri nefnd átti sig vel á hvað alvarlegur heilsubrestur hennar hefur verið, og hversu langvinnur, einungis með því að líta á sjúkdómsgreiningarnar sem allar bera með sér að um er að ræða langvinna og erfiða sjúkdóma enda spannar sjúkdómssaga hennar a.m.k. 30 ár.

Ég tel engum vafa undirorpið að hún hafi náð því örorkustigi sem hún hefur verið metin eftir þá þegar 2011, raunar mörgum árum fyrr.“

Ég hef nýlega kynnt þetta mál fyrir velferðarráðherra, Eygló Harðardóttur. Það er sagt að nýir vendir sópi best – og Eygló er atorkusöm. Og það veitir ekki af því stórt er sviðið sem þarf að sópa.

# Allir þurfa bakland

HEILBRIGÐISMÁL



Rúnar Freyr Gíslason
samskiptafulltrúi SÁÁ

**➜ Af hverju veitum við þessu fólki ekki þá hjálp sem það þarf og á skilið? Þetta fólk er sjúklingar sem þurfa læknishjálp. Og í þeirra tilviki dugar ekki venjuleg meðferð.**

Þegar ég kom úr meðferð fyrir u.þ.b. tveimur og hálfu ári leið mér ekki vel. Mér fannst ég vera búinn að tapa í lífinu. Alkóhólisti með þrjár meðferðir að baki á sama árinu. Ég upplifði mikið vonleysi, fannst ég vera einn og yfirgefinn og framtíðin leit ekki vel út.

En þegar ég fór af stað út í lífið fann ég strax að allt þetta var rangt. Ég átti mína menntun, hafði enn mína hæfileika og það sem mestu skipti, ég átti frábæra fjölskyldu, vini og vinnufélaga sem stóðu við bakið á mér. Ég átti öflugt bakland sem átti mjög stóran þátt í bata mínum. Það gerði það að verkum að ég þurfti aldrei að vera einn í mínum þjáningum. Ég átti alltaf einhvern að. Það var og er mér ótrúlega dýrmætt.

En sumir eiga ekkert bakland. Þeir koma úr meðferð og fá enga aðstoð. Einu vinirnir eru gömlu neyslufélagarnir. Engin fjölskylda er til staðar, engin menntun, ekkert öryggisnet. Þess vegna er ekkert skrýtið að þetta fólk fari aftur út í neyslu. Því finnst ekkert annað vera í boði.

En það þarf ekki að vera þannig. Við, Íslendingar, eigum að hjálpa þessu fólki, veita þeim það bakland sem það skortir. Mikið af þessu fólki hefur aldrei fengið neinn stuðning. Ekki einu sinni í æsku. Sumir áttu fárveika foreldra í vímuefnaneyslu. Þeim gekk kannski illa í skóla, var hafnað félagslega og fóru fljótlega sjálfir að leita skjóls í fíkniefnum. Margt af þessu fólki fer svo út í glæpi og endar í fangelsi. Þar fer það svo jafnvel í ennþá meiri neyslu og er inn og út úr fangelsum árum saman.

### Efla þarf úrræðin

Af hverju veitum við þessu fólki ekki þá hjálp sem það þarf og á skilið? Þetta fólk er sjúklingar sem þurfa læknishjálp. Og í þeirra tilviki dugar ekki venjuleg meðferð. Þess vegna þarf að efla úrræðin, lengja sjúkravist og eftirfylgni með þessu fólki. Við hjá SÁÁ erum reiðubúin með þannig úrræði, úrræði sem ganga út á að tryggja þessu fólki bakland. Við viljum leyfa því að vera lengur inni í meðferð og að henni lokinni viljum við hjálpa því af stað út í þjóðfélagið. Við viljum nota 37 ára reynslu samtakanna og veita þessu fólki baklandið sem það aldrei hafði. Baklandið sem átti svo stóran þátt í að hjálpa mér og fjölmörgum öðrum að ná bata við sjúkdómnum alkóhólisma.

Í dag hefst formlega söfnun SÁÁ sem ber yfirskriftina: Treystum baklandið. Við höldum þá afmælis- og baráttufund í Háskólabíói og eru allir velkomnir. Við höfum nú þegar sent valgreiðsluseðla á fjölmörg fyrirtæki og viðtökurnar eru vægast sagt frábærar. Almenningi gefst kostur á símasöfnun þar sem fólk hringir í símanúmer og styrkir þar með starf SÁÁ í þessum málaflokki. Ég vil af öllu hjarta hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að aðstoða okkur við þetta mikilvæga og aðkallandi verkefni. Hringið í síma 903-1001 fyrir 1.000 króna stuðning, 903-1003 fyrir 3.000 króna stuðning og 903-1005 fyrir 5.000 króna stuðning. Takk!

Rauðir dagar 6.-10. október

Að kaupa fyrstu íbúðina



Á dagskránni í dag er meðal annars fræðslufundur
um fjármögnun íbúðarkaupa

Kynntu þér dagskrá Rauðra daga á islandsbanki.is

Í dag
Fjármögnun húsnæðiskaupa
Fræðslufundur fyrir þau sem hyggja á sín fyrstu íbúðarkaup. Farið verður yfir tegundir lána, áhrif vaxta og verðtryggingar, mismunandi lánstíma og annað sem hafa ber í huga við fjármögnun húsnæðiskaupa. Boðið verður upp á veitingar frá Joe & the Juice.
Íslandsbanki Suðurlandsbraut 14
Mið. 8. okt. kl. 17.00-18.00
Skráning á islandsbanki.is

Á morgun
Síðdegisboð VÍB
Ráðgjöf og umræður um sparnað, fjárfestingar og séreignarsparnað
Íslandsbanki Kirkjusandi
Fim. 9. okt. kl. 16.00-18.00
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Þú gætir unnið iPhone 6
Notaðu Íslandsbanka Appið í október og þú ert með í leiknum. Kynntu þér Appið og iPhone leikinn á islandsbanki.is

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki





# Unnið í þágu barna

**SAMFÉLAG**




**Eygló Harðardóttir**
félags- og húsnæðismálaráðherra


Ísland á að vera fjölskylduvænt samfélag þar sem börn búa við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Vellíðan barna og gott samspil á milli samfélags og fjölskyldu leggur grunn að heilbrigði og farsælli samfélagsþróun. Áhersla er lögð á framangreint í stjórnarsáttmálanum. Huga þarf bæði að almennu umhverfi fjölskyldna í landinu og að þeim fjölskyldum sem mestan stuðning þurfa á að halda.

### Gæði óháð búsetu

Þeim fjölskyldum sem eru berskjaldaðastar er sinnt af félagsþjónustu og barnavernd sveitarfélaganna í dag. Fólk á að geta treyst því að gæði þjónustunnar séu sambærileg óháð búsetu. Margir vinna gott og faglegt starf í þessum málaflokki, en betur má ef duga skal. Framundan er því heildarendurskoðun á stjórnsýslu ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar. Mikilvægur þáttur í endurskoðuninni er stofnun stjórnsýslustofnunar sem mun sinna upplýsingaöflun um þjónustu og skilgreiningu gæðaviðmiða, öflun og viðhaldi bestu þekkingar á sviði félagsþjónustu og barnaverndar og ýmsum stjórnsýsluverkefnum, meðal annars þeim sem nú eru í umsjón Barnaverndarstofu, Fjölmenningarseturs og réttindagæslumanna fatlaðs fólks. Einnig verður athugað hvernig eftirliti með gæðum og öryggi þjónustunnar verði best háttað í hinni nýju stofnun, með áherslu á sjálfstæði þeirrar einingar.

Sveitarfélögin hafa sýnt, með yfirtöku stórra verkefna á undanförnum árum, hvers þau eru megnug og hefur það sannfært mig enn frekar um að nærþjónustan á að vera á þeirra vegum. Þar er yfirsýnin yfir þarfir notenda og því mestar líkur á að veitt séu úrræði á viðeigandi þjónustustigi. Þannig skapast samlegð sem eflir sveitarstjórnarstigið til góðs fyrir íbúana. Þáttur ríkisins í nærþjónustu á að felast í að skilgreina gæði hennar, tryggja jafnræði og sinna eftirliti.

Þessi skil hafa ekki verið nógu skýr í félagsþjónustu og barnavernd að mínu mati. Ríkið hefur sinnt verkefnum sem kunna að eiga betur heima hjá sveitarfélögunum á meðan eftirliti hefur verið áfátt. Þetta verður að laga.

Vegna þessa hef ég falið nefnd að endurskoða stjórnsýslu ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar, draga skýrari skil milli stjórnsýslu og þjónustuverkefna og efla eftirlit. Leitað verður til sérfræðinga bæði innanlands og erlendis í þessu skyni. Formaður nefndarinnar er Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri. Þóroddur er með doktorspróf í félagsfræði og er þekktur af rannsóknum sínum á högum og líðan barna og ungmenna.

### Forvarnir gegn ofbeldi

Ekkert barn á að þurfa að upplifa ofbeldi, en þegar það gerist verðum við að vera til staðar fyrir þau. Sá stuðningur á að vera óháður fjölskylduaðstæðum, efnahagslegri og félagslegri stöðu, og því hvort þau séu fötluð eða ófötluð.

Barnahús er mikilvægur þáttur í þjónustu við börn sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Núverandi húsnæði var orðið of þröngt fyrir starfsemina, enda brýnt að fjölga starfsfólki og bæta aðstæður. Við höfum því keypt nýtt og betra húsnæði sem Barnahús flyst bráðlega í. Til framtíðar litið er það draumur minn að Barnahús sinni ekki aðeins þeim börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi heldur einnig líkamlegu ofbeldi. Í fjárlögum er lagt til að tímabundin 20 m.kr. heimild, vegna aðgerða gegn kynferðisofbeldi gegn börnum, verði gerð varanleg. Hef ég jafnframt lagt áherslu á að hugað verði sérstaklega að ofbeldi gegn fötluðum börnum og að fjármunir verði tryggðir til þess á fjárlögum.

Til að ná árangri í forvörnum gegn ofbeldi þurfa margir að vinna saman á breiðum grundvelli. Til að efla samstarf hef ég, ásamt ráðherrum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins, unnið yfirlýsingu um markvissar aðgerðir og víðtækt samráð til að vinna gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Sérstök áhersla er þar lögð á aðgerðir gegn ofbeldi í garð fatlaðs fólks í öllum aldri og öðrum berskjölduðum hópum. Samstarfsyfirlýsing þessa efnis liggur nú fyrir og verður undirrituð á næstunni.

### Fjölskylduvænt samfélag

Eitt af mínum fyrstu verkefnum sem ráðherra félagsmála var að skipa hóp til að móta fjölskyldustefnu fyrir Ísland með áherslu á börn og fjölskyldur þeirra. Við vinnuna hefur verkefnisstjórn átt í góðu samráði við fjölmarga hagsmunahópa og sérfræðinga og er áætlað að leggja fram þingsályktunartillögu á vori komandi. Drög verða sett á Netið til umsagnar. Í fyrirliggjandi drögum er lögð áhersla á aðgerðir til að auka félagslegan jöfnuð og réttindi, aðgerðir til að sporna gegn mismunun, leiðir til að stuðla að jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs og jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi og uppeldi barna. Í farvatninu eru því mörg stór og mikilvæg verkefni sem munu styrkja hag fjölskyldna í landinu.

**➔ Mikilvægur þáttur í endurskoðuninni er stofnun stjórnsýslustofnunar sem mun sinna upplýsingaöflun um þjónustu og skilgreiningu gæðaviðmiða, öflun og viðhaldi bestu þekkingar á sviði félagsþjónustu og barnaverndar...**

# Ung börn geta ekki beðið

**HEILBRIGÐISMÁL**




**Sæunn Kjartansdóttir**
sálgreinir


Það er með hálfum huga sem ég rita þessa grein. Daglega berast fréttir af alvarlegu ástandi Landspítalans og fjárskorti í velferðarkerfinu, hvernig á ég að gera mér vonir um að Miðstöð foreldra og barna fái náð fyrir augum ráðamanna? Fæstir hafa svo mikið sem heyrt á hana minnst. Þó er öllu verra að það er alls óvíst að þeir sem deila út fjármunum okkar átti sig á mikilvægi fyrsta æviársins. Halda þeir kannski að lítil börn séu hörð af sér og fljót að gleyma? Standa þeir í þeirri trú að það sem gleymist skipti ekki máli? Vonandi ekki því að þetta eru ranghugmyndir sem eru hættulegar ungum börnum.

Á meðan orka heilbrigðisráðherra fer í að slökkva elda er hætt við að tækifæri til að fyrirbyggja alvarlegan vanda fari forgörðum. Hægt er að spara verulega fjármuni með því að grípa snemma inn í hjá fjölskyldum með ung börn, reyndar ekki á þessu kjörtímabili, heldur þarf að horfa til framtíðar. Þetta er ekki eingöngu skoðun meðferðaraðila heldur hefur bandarískur Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði sýnt fram á að þeir fjármunir skila langmestu til baka til samfélagsins sem varið er í að styðja við börn fyrstu 5 ár ævinnar. Það er vegna þess að bætt heilsa og aukin félagsleg færni dregur úr þörf fyrir kostnaðarsöm úrræði síðar meir í félags-, mennta- og heilbrigðiskerfinu.

Í Bretlandi hafa þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum áttað sig á þessu en nýlega gerðu þeir með sér þverpólitískan sáttmála sem kallast The 1001 Critical Days. Í honum er kveðið á um hvaða þjónustu fjölskyldur ungra barna þurfa og eiga rétt á, þrátt fyrir vægðarlausan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Sáttmálinn tryggir að hagsmunir yngstu barnanna eru hafnir yfir dægurþras stjórnmálamanna og að fjárveitingar til faglegrar þjónustu við ung börn eru ekki háðar því hverjir sitja við stjórnvölinn hverju sinni.

### Viðkvæmustu einstaklingarnir

Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar ótalmargar rannsóknir sem sýna að fyrstu þúsund dagarnir, frá getnaði til tveggja ára aldurs, hafi meiri áhrif á framtíðarheilbrigði einstaklingsins en nokkurt annað æviskeið. Á þessu tímabili er heili barnsins í mótun en þroski hans er mjög háður daglegri umönnun barnsins. Rétt er að minna á að ung börn eru viðkvæmustu og varnarlausustu einstaklingar samfélagsins. Þau eru jafnframt sá hópur sem gerir mestar kröfur til foreldra sinna því þau þurfa næma umönnun allan sólarhringinn, án þess að geta tjáð þarfir sínar öðru vísi en með gráti. Þessi staða setur þau í margfalt meiri áhættu en eldri börn.

**➔ Þó er öllu verra að það er alls óvíst að þeir sem deila út fjármunum okkar átti sig á mikilvægi fyrsta æviársins. Halda þeir kannski að lítil börn séu hörð af sér og fljót að gleyma? Standa þeir í þeirri trú að það sem gleymist skipti ekki máli? Vonandi ekki því að þetta eru ranghugmyndir sem eru hættulegar ungum börnum.**

Annar alvarlegur áhættuþáttur er vanlíðan foreldra sem dregur úr næmi þeirra á barn sitt og truflar örugga tengslamyndun. Það er því ekki eingöngu nauðsynlegt að grípa tímanlega inn í heldur felst heilbrigð skynsemi í að nýta tækifærið til að hafa varanleg áhrif á barn og foreldra þess. Auk þess er það siðferðileg skylda samfélagsins að vera vakandi fyrir líðan ungra barna og bregðast við með ábyrgum hætti þegar þau fá ekki það atlæti sem þau þarfnast.

Vandi ungra barna og foreldra sem glíma við vanlíðan er brýnn. Miðstöð foreldra og barna er eina meðferðarúrræðið sem sinnir þeim sem þurfa sérhæfðari hjálp en heilsugæslan veitir en eigi þó ekki erindi á geðdeild. Vissulega kostar að veita foreldrum og börnum þeirra meðferð en ég fullyrði að það sé mun kostnaðarsamara fyrir samfélagið að gera það ekki.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. október 2014 | 26. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

SVANSMERKIÐ SÍÐAN 2000!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## SKULDASTAÐA RÚV **HÆTTULEG**

- **Draga þyrfti úr þjónustu RÚV ef nota ætti rekstrarfé til að grynnka á skuldum**
- **Almenn vaxtahækkun í landinu yrði fyrirtækinu mjög þungbær**
- **Ákveðið hefur verið að skoða fjárheimildir til RÚV**

SÍÐA 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dúkkulísuvefurinn malar gull



Hagnaður Dress up games ehf. á síðasta ári nam tæpum 48 milljónum króna, samkvæmt nýbirtum ársreikningi. Félagið, sem fær tekjur af því að hýsa auglýsingar Google, er í eigu Ingu Maríu Guðmundsdóttur bókasafnsfræðings á Ísafirði og hefur lengi verið á meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum.

Sérfræðingur í markaðssetningu á netinu segir að fyrirtækjum og einstaklingum sem nýta auglýsingaveitur á borð við Google AdSense til tekjuöflunar fari fjölgandi. ➜ SÍÐA 4

## Eftirspurnin fram úr vonum

Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, segir eftirspurn eftir metani á Akureyri meiri en áætlanir fyrirtækisins hafi gert ráð fyrir.

Norðurorka vinnur metan úr gömlum sorphaugum í Glerárdal á Akureyri og hóf sölu á eldsneytinu í nýrri afgreiðslustöð fyrir rúmum mánuði.

„Við gerðum áætlanir til fyrstu sex áranna og okkur sýnist að fyrsta árið, miðað við það sem við höfum séð þennan eina mánuð, gangi vel eftir,“ segir Helgi. ➜ SÍÐA 2

## Seyðisfjörður í miklu uppáhaldi



Guðrún Ragna Garðarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Atlantsolíu frá maí 2008. Hún lærði viðskiptafræði við Háskóla Íslands og lauk meistaragráðu í fjármálum frá EADA í Barcelona.

„Þetta eru búnir að vera mjög viðburðaríkir tímar og það gekk á ýmsu fyrstu mánuðina enda varð efnahagshrun skömmu eftir að ég byrjaði,“ segir Guðrún. Hún er fædd og uppalin á Seyðisfirði og segir fjölskylduna duglega að fara austur. ➜ SÍÐA 10



# Heilræði til RÚV

Skjóðan

**RÍKISÚTVARPIÐ** (RÚV) er í slíkum fjárhagskröggum að það hefur neyðst til að leita á náðir kröfuhafa sinna og semja um frestun til áramóta á afborgun af skuldabréfi, sem var á gjalddaga í síðustu viku. Svo sem við var að búast setti Kauphöllin skuldabréf RÚV á athugunarlista við þessi tíðindi enda geta þau bent til þess að RÚV sé ógjaldfært fyrirtæki sem stefnir í gjaldþrot.



**RÚV** hefur búið við stöðugar tekjur um langt skeið og tekjur fremur farið vaxandi. Frá skattgreiðendum fær RÚV rösklega þrjá milljarða á hverju ári. Auglýsingar, kostun og fleira skila svo um 2,2 milljörðum á ári þannig að á síðasta ári hafði RÚV úr meira en 5,3 milljörðum að spila. Frá rekstrarárinu sem lauk í ágúst 2011 höfðu tekjur RÚV aukist um meira en 7,5 prósent og samkvæmt hálfsárs uppgjöri frá því í febrúar á þessu ári standa tekjurnar því sem næst í stað á milli ára. Auglýsinga- og kostunartekjur dragast lítið eitt saman en framlag skattgreiðenda hækkar.

**STJÓRNENDUR** RÚV hafa haft mörg ár til að laga rekstur fyrirtækisins að þeim tekjuramma sem því er settur. Ekkert hefur gerst í sumar sem kollvarpar fjárhagsstöðu fyrirtækisins og skýrir ógjaldfærni.

**RÚV** rekur í dag tvær útvarpsstöðvar og eina sjónvarpsstöð. Hjá fyrirtækinu hafa verið um 300 stöðugildi undanfarin ár en eitthvað hefur þeim fækkað á þessu ári. Þegar starfsmannafjöldinn er borinn saman við t.d. fjölda starfsmanna 365 miðla, sem rekur fjölda útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva, fyrir utan að gefa út víðlesnasta dagblað landsins og dreifa því til lesenda þá eru hjá 365 álíka mörg stöðugildi og hjá RÚV þrátt fyrir mun umfangsmeiri starfsemi.

**ÞAÐ** virðist vera RÚV um megn að keppa við einkaaðila á fjölmiðlamarkaði þrátt fyrir ríflega þriggja milljarða forgjöf frá skattgreiðendum og væna sneið af auglýsingamarkaðinum. Það ætti að vera hægt að reka eina útvarpsstöð og eina sjónvarpsstöð fyrir 2-2,5 milljarða á ári ef menn gæta hófs í yfirbyggingu og stilla sig um að yfirbjóða aðra fjölmiðla í kaupum á erlendu afþreyingarefni og útsendingarrétti frá íþróttaviðburðum. RÚV ætti að geta sinnt menningar- og öryggishlutverki sínu vel innan þess ramma sem framlög skattgreiðenda setja fyrirtækinu.

**EKKERT** þarf að standa í vegi fyrir því að RÚV kosti rekstur sinn eingöngu með ríflega þriggja milljarða fjárframlagi skattgreiðenda, hverfi af auglýsingamarkaði og greiði af skuldabréfum sínum á réttum tíma.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**2** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**2** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**
**60,3%** frá áramótum

**EIMSKIP**
**3,4%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM**
**-24,8%** frá áramótum

**ÖSSUR**
**-4,4%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 109,00 | -16,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 230,00 | -12,2% | 3,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 33,20 | 21,8% | 1,8% |
| Hagar | 45,00 | 17,2% | 1,1% |
| Icelandair Group | 17,90 | -1,6% | 3,2% |
| Marel | 106,50 | -19,9% | 0,0% |
| N1 | 19,40 | 2,6% | 2,4% |
| Nýherji | 5,85 | 60,3% | 1,7% |
| Reginn | 15,25 | -1,9% | 0,3% |
| Tryggingamiðstöðin* | 24,10 | -24,8% | 3,0% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,20 | -24,0% | 0,2% |
| Össur | 315,50 | 37,8% | -4,4% |
| HB Grandi | 31,35 | 13,2% | -0,3% |
| Sjóvá | 11,95 | -11,5% | 1,3% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.169,47 | -7,2% | 1,5% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 2.500,00 | 117,4% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,00 | 50,9% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 8. október**
- Seðlabanki Íslands - Fjármálastöðugleiki 2014/2
- Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Deloitte, LÍÚ og SA - Sjávarútvegsdagurinn

**Föstudagur 10. október**
- Hagstofan - Efnahagslegar skammtímatölur í október 2014

**Mánudagur 13. október**
- Seðlabanki Íslands - Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Þriðjudagur 14. október**
- Vinnumálastofnun- Atvinnuleysistölur fyrir september
- Þjóðskrá - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Fimmtudagur 16. október**
- Hagstofan - Fiskafli í september 2014
- Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Sala á metani meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir

*Forstjóri Norðurorku segir eftirspurn eftir metani á Akureyri meiri en búist hafi verið við. Heildarkostnaður verkefnisins nemur um 350 milljónum króna. Eldsneytið er unnið úr gömlum sorphaugum.*

**VERSLUN**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Eftirspurnin er meiri en við bjuggumst við og reynsla okkar af þessum fyrsta mánuði hefur því verið góð,“ segir Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, um reynslu fyrirtækisins af sölu á metani í gegnum nýja afgreiðslustöð á Akureyri sem var opnuð fyrir rúmum mánuði.



HELGI JÓHANNESSON

„Við gerðum áætlanir til fyrstu sex áranna og okkur sýnist að fyrsta árið, miðað við það sem við höfum séð þennan eina mánuð, gangi vel eftir,“ segir Helgi.

Norðurorka vinnur metan úr gömlum sorphaugum í Glerárdal á Akureyri. Fyrirtækið samdi í fyrra við Olís um markaðssetningu og smásölu eldsneytisins.

„Markaðsstarfið er þó í raun varla farið af stað því þetta er langtímahugsun og við vildum fyrst sjá hvernig þessi stöð myndi ganga og eftir það vinna með Olís að frekari markaðssetningu,“ segir Helgi.




**METANSTÖÐIN** Framleiðsla Norðurorku á að nægja fyrir 600 fólksbíla á ári til ársins 2030. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Heildarkostnaður Norðurorku, sem er nánast alfarið í eigu Akureyrarkaupstaðar, vegna metanverkefnisins nemur að sögn Helga um 350 milljónum króna. Verkefnið var fjögur ár í undirbúningi en á þeim tíma dróst sala á nýjum metanbílum saman. Fréttablaðið greindi í janúar síðastliðnum frá því að einungis 69 nýir metanbílar hefðu selst á síðasta ári samanborið við 201 bíl árið 2012. Bifreiðum sem var breytt í metanbíla fækkaði þá einnig úr 195 í 57.

„Margir spurðu þá hvort við ætluðum að endurskoða okkar áform en þetta er auðvitað langtímaverkefni og þetta gengur vafalaust líka í bylgjum. Hins vegar á ég svolítið erfitt með að skilja af hverju fólk sækir ekki meira í þetta. Eldsneytið er talsvert ódýrara en til dæmis bensín og þau gjöld sem lögð eru á metanbíla eru enn lág,“ segir Helgi.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 70163 08/2014



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
- Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki
Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður býður traustum aðilum til sölu

# 400 íbúðir í sjö eignasöfnum

Íbúðalánasjóður býður til sölu 400 íbúðir í sjö eignasöfnum víðast hvar um landið. Með sölunni vill sjóðurinn stuðla að uppbyggingu leigumarkaðar á Íslandi og leiguöryggi núverandi leigjenda.

Íbúðirnar verða einungis seldar til ábyrgra aðila sem halda eignunum áfram í leigu, en kaupendur fasteignasafnanna taka yfir öll réttindi og skyldur þeirra leigusamninga sem eignunum fylgja.

**Íbúðalánasjóður mun óska eftir raunhæfri áætlun frá þátttakendum í söluferlinu um hvernig íbúðunum verði haldið í útleigu næstu 5 árin.**

**Markmið Íbúðalánasjóðs með söluferlinu eru:**

- **AÐ FÆKKA FASTEIGNUM SEM SJÓÐURINN HEFUR Í VÖRSLU SINNI**
- **AÐ STUÐLA AÐ UPPBYGGINGU ALMENNS ÍBÚÐALEIGUMARKAÐAR**
- **AÐ STUÐLA ÁFRAM AÐ LEIGUÖRYGGI NÚVERANDI LEIGUTAKA**

**Nánari upplýsingar um söluferlið má finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is, en upplýsingar um fasteignasöfnin verða einnig aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins frá og með 17. október nk.**

**Upplýsingafundur fyrir áhugasama kaupendur verður í húsnæði Capacent í Ármúla 13 þann 14. október kl. 09.00.**

**Þátttakendur þurfa að skrá sig á fundinn á heimasíðu Íbúðalánasjóðs fyrir lok mánudagsins 13. október nk.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími 569 6900

PIPAR\TBWA · SÍA · 143472



# Smellirnir geta skilað tugmilljónum

***Hagnaður dúkkulísuvefsins dressupgames.com nam 48 milljónum króna á síðasta ári. Læknanemi segir að bloggsíða sem hann rekur sé með um tíu milljónir í auglýsingatekjur á mánuði vegna samninga við Google.***

**SPROTAFYRIRTÆKI**

**Haraldur Guðmundsson** haraldur@frettabladid.is

„Aukningin hefur verið talsverð enda hefur fyrirtækjum og einstaklingum sem nota þetta sem tekjulind fjölgað,“ segir Ari Þorgeir Steinarsson, framkvæmdastjóri Netráðgjafar og sérfræðingur í markaðssetningu á netinu, spurður hvort hann hafi orðið var við fjölgun í hópi þeirra fyrirtækja sem byggja tekjuöflun sína nánast alfarið á auglýsingasamningum á netinu.

Finna má nýleg dæmi um innlend fyrirtæki og einstaklinga sem ná inn umtalsverðum tekjum í gegnum samninga við auglýsingaveitur á borð við Google AdSense. Í þeim tilvikum hýsa þau auglýsingar sem fyrirtæki kaupa af Google og fá í staðinn hluta af þeirri upphæð sem bandaríska stórfyrirtækið fær í hvert skipti sem smellt er á þær. Slíkar auglýsingar má meðal annars finna á síðum eins og grapevine.is, icenews.is og livefromiceland.is.

„Hingað til hefur ekki verið hægt að bjóða þessi auglýsingapláss á síðum þar sem skrifað er á íslensku. En þetta hefur aukist hjá þeim sem reka vinsælar síður á ensku og þetta mun án efa halda áfram að aukast því það er alveg á hreinu að síða sem laðar að sér mikla umferð getur haft af því ágætis tekjur,“ segir Ari.

### Um 48 milljóna hagnaður í fyrra

Dúkkulísuvefurinn dressupgames.com er þekktasta dæmið um íslenskt fyrirtæki sem hefur náð góðum árangri með auglýsingasamning við Google í farteskinu. Hagnaður af rekstri síðunnar nam tæpum 48 milljónum króna á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi, og rúmum 46 milljónum árið 2012.

Félagið Dress up games ehf. er alfarið í eigu Ingu Maríu Guðmundsdóttur bókasafnfræðings á Ísafirði. Það var stofnað 2007 en síðan var opnuð árið 1998. Á henni má finna tengla inn á fjölmarga tölvuleiki þar sem dúkkulísur af öllum stærðum og gerðum eru klæddar í föt og skreyttar með ýmsum fylgihlutum. Vefsíðan fær milljónir innlita í hverjum mánuði enda efst á lista Google þegar leitað er að dúkkulísusíðum á netinu.

Eigið fé félagsins nam 194 milljónum króna í árslok 2013. Eignirnar námu þá rúmum 208 milljónum og skuldirnar tæpum 15 milljónum. Rekstur Dress up games hefur skilað hagnaði frá því félagið var stofnað og það hefur á undanförnum árum verið á meðal arðbærustu fyrirtækja á Vestfjörðum. Afkoman hefur þó aldrei verið betri en árið 2010 þegar hún var jákvæð um 111 milljónir króna.

Í nýbirtum ársreikningi félagsins kemur fram að arðgreiðslur hafi numið 40 milljónum króna í fyrra og 38 milljónum árið 2012.

Inga María Guðmundsdóttir vildi ekki tjá sig um rekstur vefsins þegar Markaðurinn leitaði eftir því.




**DRESSUPGAMES.COM** Vefurinn var opnaður fyrir 16 árum en afkoman hefur aldrei verið betri en árið 2010 þegar hún var jákvæð um 111 milljónir.

### Fær 30 krónur fyrir hvern smell

Kristján Gunnarsson, læknanemi á þriðja ári og bloggari, opnaði síðuna authoritynutrition.com í desember 2012. Þar skrifar hann greinar um heilsu, næringu og lífsstíl, sem eru opnar öllum, og hýsir auglýsingar sem fyrirtæki kaupa af Google. Í hvert skipti sem lesendur síðunnar smella á auglýsingarnar fær Kristján um 30 krónur í sinn vasa.

„Umferðin hefur tífaldast á þessu ári og tekjurnar aukist mikið. Þær nema nú yfir tíu milljónum króna á mánuði en þessum auknu vinsældum fylgir einnig aukinn kostnaður því ég er kominn með starfsfólk sem skrifar greinar og svarar tölvupósti og er einnig með starfsmann í Bandaríkjunum sem sér um Facebook-síðuna með mér,“ segir Kristján.

Hann hefur stofnað samlagsfélagið Kristján Gunnarsson en það hefur ekki enn skilað inn ársreikningi fyrir árið 2013.

„En það fór mikill tími í að koma þessu af stað og ég held að það sé ástæðan fyrir því af hverju fólk gefst oft upp á þessu.“

Kristján segist ætla að leggja aukinn kraft í greinaskrif og nefnir önnur verkefni sem hann er með í bígerð.

„Við ætlum meðal annars að hanna upplýsingatöflu um allar fæðutegundir og fjalla ítarlega um nánast allar fæðutegundir sem til eru,“ segir Kristján.



**„Ég er ekki milljónamæringur en hef tekið nánast alla mína veltu og notað hana til að byggja fyrirtækið upp.“**
*Heimir Arnfinnsson, eigandi FUMoney ehf.*

### Auglýsir síðurnar á Facebook

Reyðfirðingurinn Heimir Arnfinnsson stofnaði fyrr á árinu eignarhaldsfélagið FUMoney utan um rekstur á ýmsum vefsíðum og öðrum tekjuöflunarleiðum hans á netinu. Heimir er með mörg járn í eldinum en hann notar til dæmis Facebook til að auka umferð inn á ýmsar vefsíður sem hann á og rekur þar sem hann birtir auglýsingar í gegnum Google AdSense.

„Ég rek fjölmennar aðdáendasíður á Facebook sem tengjast allar vinsælum sjónvarpsþáttum, Hollywood-leikurum og poppstjörnum. Ég hef byggt þær upp með því að setja inn á þær alls konar efni eins og myndir og annað. Svo birti ég reglulega tengla inn á bloggsíður sem fjalla um sama efni og keyri þannig umferðina af Facebook og yfir á bloggið þaðan sem tekjurnar koma,“ segir Heimir.

Hann notar samskiptamiðilinn einnig til að byggja upp lista af netföngum sem hann notar aftur til að auglýsa bloggsíðurnar enn frekar.

„Þá kaupi ég til dæmis einhvern hlut á Ebay sem tengist viðkomandi sjónvarpsþætti eða poppstjörnu og gef hann síðan á Facebook í leikjum þar sem þátttakendur gefa upp netföngin sín. Svo dreg ég einhvern út en sit eftir með póstlista sem ég nota til að auglýsa síðurnar enn frekar.“

Tekjuöflun á netinu hefur verið aðalstarf Heimis frá árinu 2011. Hann segist þó ekki hafa tíma til að uppfæra allar þær blogg- og Facebook-síður sem hann rekur og því greiðir hann erlendum verktökum fyrir að birta nýja texta, myndskeið og annað efni.

Sala á auglýsingum og önnur tekjuöflun á netinu hefur verið aðalstarf Heimis frá árinu 2011. Á þeim tíma hefur hann þó ekki einblínt á að koma sínum síðum ofarlega í leitarniðurstöður Google og þannig auka enn frekar umferð inn á þær. Heimir segir aðspurður að hann geti greitt sér „ágætis laun“ en bætir við að meirihluti teknanna fari aftur inn í reksturinn.

„Ég er ekki milljónamæringur en hef tekið nánast alla mína veltu og notað hana til að byggja fyrirtækið upp. Svo kaupi ég mikið af námskeiðum, fer á ráðstefnur og hef einnig hent helling af peningum í vitlausar fjárfestingar sem fer í reynslubankann. Hins vegar stefni ég á forstjóralaun og hef alltaf gert.“




**Leiðin úr höftunum**
Ráðstefna í Hátíðasal Háskóla Íslands
miðvikudaginn 8. október kl. 17:00-19:00

**Í tilefni af því að Jónas Haralz, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefði orðið 95 ára í ár bjóða Landsbankinn hf. og Hagfræðideild Háskóla Íslands til ráðstefnu sem tileinkuð er honum.**

**Opnunarávarp**
*Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs Landsbankans.*

**Í leit að staðfestu**
*Maria Ellingsen flytur erindi eftir Jónas Haralz frá fundi Vísindafélags Íslands í apríl 2009.*

**Afhending skjalasafns Jónasar Haralz til Þjóðarbókhlöðu**

**Fyrstu skrefin til afnáms hafta**
*Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.*

**Er breytt fjármögnun bankakerfisins lykill að afnámi hafta?**
*Ásgeir Jónsson, dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands.*

**Fjármagnsjöfnuður sem orsakavaldur**
*Gylfi Zoega, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands.*

Fundarstjóri: Salvör Nordal.

**Allir velkomnir - léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.**



*Jónas Haralz*

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

www.hi.is





**LAUGARÁSVÍDEÓ** Gunnar Jósefsson er eini eigandi leigunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ársreikningur sýnir að ein stærsta vídeóleigan skilaði hagnaði í fyrra:

# Vídeóleigan skilaði 23 milljóna hagnaði

Hagnaður Laugarásvídeós, einnar stærstu myndbandaleigunnar á Íslandi í dag, nam 23 milljónum króna á síðasta ári, en árið á undan var 8,1 milljónar króna tap. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 37,9 milljónum en var 3,3 milljónir árið á undan.

Samkvæmt samandregnum ársreikningi námu eignir félagsins 81,1 milljón króna um síðustu áramót en voru 82,7 milljónir í árslok 2012. Verðmæti fasteigna fór úr 37,2 milljónum króna niður í 26,5 milljónir. Fastafjármunir fóru aftur á móti úr 45,4 í tæplega 54,6 milljónir króna.

Gunnar Jósefsson, eigandi leigunnar, segir að enn sé nóg að gera hjá sér. „Góður laugardagur getur þýtt 160 til 170 gesti,“ segir hann. Og bendir jafnframt á að fólk eigi val. Sumir vilji fara í bíó en aðrir leigi DVD eða Blue Ray.

Laugarásvídeó hefur verið rekið frá árinu 1986. Reksturinn hófst við Laugarásveg 1, en svo flutti fyrirtækið á Dalbraut 1-3.

Myndbandaleigum hefur fækkað mikið að undanförnu en auk Laugarásvídeós eru það einkum Aðalvídeóleigan á Klapparstíg og Snævalandsvídeó.

- jhh


Opnunartilboð
6.-11. október
að Bíldshöfða 10
Stilling
Verslun
Ferðavörur
THULE SWEDEN
20%
afsláttur
TRICO
Með hverjum tveimur
Trico rúðuþurrkum
fylgja 5 lítrar af
Vaski rúðuvökva
Vaskur
TRICO Flex
Wonder Wheels
Kauptu tvo brúsa af Wonder
Wheels bílavörunum og sá
þriðji fylgir með að eigin vali.
3 fyrir 2
Við mælum rafgeyminn
í bílnum þínum þér að
kostnaðarlausu
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Sala á Rás 2 yrði ekki til að leysa rekstrarvanda Ríkisútvarpsins

***Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra segir að stjórnendur Ríkisútvarpsins hafi unnið mjög erfitt starf við niðurskurð. Menn verði að sýna umburðarlyndi þegar verið er að reyna að draga úr kostnaði. Eðlilegt sé að ræða hvort rétt sé að ríkið reki Rás 2 en sala á þeirri stöð yrði ekki lausn á rekstrarvanda.***

**ÚTTEKT**
jonhakon@frettabladid.is

Það brá mörgum í brún þegar stjórnendur Ríkisútvarpsins sendu tilkynningu frá sér í síðustu viku um að Ríkisútvarpið hefði ekki haft bolmagn til að greiða 190 milljóna króna afborgun af skuldabréfi sem var á gjalddaga 1. október. Því hafi verið samið við kröfuhafa um að fresta greiðslu til áramóta. Einkum er þar um lífeyrisskuldbindingar að ræða.

„Það er augljóst að það er alvarlegt fyrir fyrirtæki að geta ekki staðið í skilum með sínar skuldbindingar. Það er þannig í þessu máli að hér er um að ræða uppsafnaðan vanda sem ekki varð til á þessu ári eða síðasta en hann er engu að síður alvarlegur og við honum þarf að bregðast. Ég hef fullt traust á stjórn, útvarpsstjóra og framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins til að takast á við þetta verkefni," segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.

Hann segir að nú standi yfir endurskoðun á þjónustusamningi ríkisins við stofnunina. Sú vinna sé langt komin og það sé mikilvægt að nægjanlegt fjármagn fylgi frá ríkinu til þess að stofnunin geti staðið við þær skyldur sem lagðar eru á hana með þjónustusamningi. „Það er aldrei svo að það sé greypt í stein hvert nákvæmt innihald slíks þjónustusamnings á að vera. Eðlilega getur það breyst eftir því sem tímarnir líða. En sú vinna stendur yfir núna. Ég vil líka taka það fram að það kemur fram í fjárlagafrumvarpinu að það þurfi að skoða fjármál stofnunarinnar sérstaklega. Og þetta gefur auðvitað tilefni til þess," segir Illugi.

***Af hverju kemur þessi tilkynning RÚV um greiðsluerfiðleika svo óvænt, í ljósi þess að staða stofnunarinnar var vel þekkt?***

„Nú er það svo að Ríkisútvarpið er með sín skuldabréf skráð á markaði og það er því að nokkru viðkvæmt mál hvernig farið er með upplýsingar um svona stöðu. Ríkisútvarpinu ber að tilkynna það til Kauphallarinnar þegar svona staða kemur upp. Og ég sé ekki betur en að það hafi allt verið gert með eðlilegum hætti," segir Illugi. Það hafi ekki verið hægt að gera grein fyrir stöðunni öðru vísi en með tilkynningu til Kauphallarinnar.

Illugi segir að á undanförnum árum hafi þeir fjármunir sem Ríkisútvarpið hefur yfir að ráða verið skornir töluvert niður. „Sem leiddi til þess að það voru töluvert miklar uppsagnir hjá stofnuninni fyrir nokkrum mánuðum, sem komu í kjölfarið á öðrum uppsögnum á undanförnum árum eftir hrun. Ríkisútvarpið er ekkert öðru vísi en aðrir fjölmiðlar að þeir hafa þurft að draga saman seglin. Aðrir fjölmiðlar hafa þurft að ganga í gegnum mjög sársaukafullar aðgerðir. Þótt Ríkisútvarpið njóti þeirrar sérstöðu að geta fengið rekstrarfé frá skattgreiðendum, þá var við því að búast að það myndi þurfa að draga saman seglin eins og aðrir," segir Illugi.

Hann segir að stjórn Ríkisútvarpsins og framkvæmdastjórn muni vitanlega setjast niður og fara yfir málið. „Og gera okkur grein fyrir því með formlegum hætti nákvæmlega hvernig staðan er." Hann segir það klárt mál að ef Ríkisútvarpið þarf að finna fjármuni til að greiða afborgunina af skuldabréfinu núna þá þýði það að öðru óbreyttu, að draga þurfi úr þjónustu Ríkisútvarpsins. „Það má vera ljóst."

***Hefurðu fylgst með hagræðingarferlinu – er hægt að gera meira í að hagræða?***

„Ég veit að frá því að núverandi stjórnendur tóku við hafa þeir unnið að hagræðingu, fyrrverandi stjórnendur höfðu unnið mjög erfitt starf við erfiðar aðstæður við að skera niður. Þannig að það hefur staðið yfir niðurskurður í nokkur ár í Ríkisútvarpinu," segir Illugi. Auðvitað taki þetta á og sé erfitt fyrir Ríkisútvarpið eins og allar aðrar stofnanir sem hafa mátt þola niðurskurð.

„En flestar stofnanir ríkisins hafa mátt þola þetta á undanförnum árum rétt eins og fyrirtæki í einkarekstri hafa þurft að takast á við krefjandi rekstrarumhverfi. Það hafa reyndar verið enn erfiðari verkefni sem einkareksturinn hefur staðið frammi fyrir hvað varðar að laga reksturinn að nýjum veruleika," segir Illugi. Mikið verk hafi verið unnið í því að hagræða. En það hafi ekki allar breytingar verið mjög vinsælar hjá Ríkisútvarpinu. „Til dæmis breytingar sem hafa leitt þá til þess að sá fornfrægi og góði liður Síðasta lag fyrir fréttir er ekki lengur síðasta lag fyrir fréttir. En ég skil það svo á forystumönnum Ríkisútvarpsins að þannig nái þeir fram aukinni hagræðingu og betri nýtingu á tæknimönnum. Það er ekki hægt að ætlast til þess í einu orðinu að þeir skeri niður og spari, en bara alls ekki það sem snýr að þessum þáttum eða öðrum," segir Illugi. Hann býst við að það verði alltaf einhverjir til sem segja að þessi þáttur eða hinn séu ómissandi. Ef

> **Það hafa reyndar verið enn erfiðari verkefni sem einkareksturinn hefur staðið frammi fyrir hvað varðar að laga reksturinn að nýjum veruleika.**



**UPPSAFNAÐUR VANDI** Illugi Gunnarsson segir vanda RÚV ohf. vera uppsafnaðan yfir mörg ár, en engu að síður sé hann alvarlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**METFJÖLDI**

**Um 88 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í september síðastliðnum samkvæmt talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða 15.100 fleiri en í september á síðasta ári. Aukningin nemur 20,6% milli ára. Ferðamenn hafa aldrei mælst fleiri í september.**


## AUKAKÍLÓIN BURT
### með thylakoids spínat extrakt

**Aptiless:** Mest selda spínat þyngdarstjórnunarefnið í heiminum. Hungurtilfinning minnkar strax. ***Thylakoids***: *Dregur úr hungri - Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Minnkar ummál Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru.* *Athugið þó að ferskt spínat hefur ekki sömu áhrif Aptiless spínatduftið, því meltigar–vegur mannfólksins getur ekki brotið niður Thylakoids úr fersku spínati.*

### Vísindaleg sönnun á virkni
*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð*




Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð

Umboð: www.vitex.is

**Merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag**

**Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.**


# EINFALT FITUSTRÍÐ

**SÖLUAFL KYNNIR** *Fegurðardrottning Íslands notar Fat Buster-fitubrennslutöflur til að passa upp á línurnar. Töflurnar innihalda þrjú áhrifaríkustu fitubrennsluefni sem til eru í baráttunni gegn offitu og óþarfa aukakílóum.*

Mig hefur lengi langað að deila reynslu minni af Fat Buster-brennslutöflunum frá Labrada sem ég er að taka inn,“ segir Tanja Ýr Ástþórsdóttir, Ungfrú Ísland 2014.

„Ég er yfirleitt ekki hrifin af brennslutöflum þar sem of mikið magn koffíns fer illa í mig en Fat Buster-fitubrennsluefnið er náttúrulegt og inniheldur grænt kaffi, hindberja-ketóna og ursolic-sýrur. Allt eru það virkustu efnin í baráttu gegn fitu í líkamanum.“

Tanja Ýr hefur nú tekið inn Fat Buster-fitubrennslutöflurnar í þrjár vikur.

„Fat Buster virkar mjög vel á mig; ég hef minni matarlyst, er miklu minna þreytt og hef þar að auki lést talsvert síðan ég byrjaði að nota fitubrennslutöflurnar. Ég mæli því eindregið með Fat Buster fyrir þá sem vilja losna við aukakílóin á náttúrulegan og þægilegan hátt.“



**NÁTTÚRULEG LAUSN GEGN FITUSÖFNUN**

Fat Buster-fitubrennslutöflurnar frá Labrada innihalda þrjú áhrifaríkustu náttúrulegu fitubrennsluefnin sem til eru í baráttunni gegn offitu og vinna hratt og heilsusamlega gegn óþarfa aukakílóum.

Þykkni úr grænum kaffibaunum (Svetol) inniheldur hátt hlutfall kröftugs efnis sem berst gegn fitu, kallað chlorogenic. Rannsóknir sýna að chlorogenic-sýra yfirtekur ensím sem eru ábyrg fyrir fitusöfnun og hægja á sykurþörf.

Hindberja-ketónar örva fitubrennslu og koma jafnvægi á meltinguna með því að losa um fasta fitu og koma virkni á fitubrennsluhormónið adiponectin.

Ursolic-sýra er náttúrulegt efni úr eplahýði og rósmarín. Það hefur sýnt fram á aukna fitubrennslu og varnar vöðvatapi á meðan fólk grennist.

Takið eina töflu fjórum sinnum á dag fyrir hámarksárangur, hálftíma fyrir máltíð.




**FITUBANI** Fat Buster vinnur hratt og heilsusamlega gegn offitu og óþarfa aukakílóum.

**UNGFRÚ ÍSLAND 2014** Tanja Ýr Ástþórsdóttir er fegurðardrottning Íslands. Hún hefur lést, er með minni matarlyst og meiri orku á Fat Buster-brennslutöflunum.

## SÖLUSTAÐIR

Fat Buster fæst í öllum verslunum Hagkaups og Iceland.

Nánari upplýsingar á leanbody.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe
S A F T



**Ingólfur G. Gissurarson Everestfari:**
Ég komst á toppinn með Nutrilenk Gold.



**Ragnheiður Garðarsdóttir leikskólakennari:**
Verkir í mjöðm voru hreint helvíti á jörð en ég öðlaðist nýtt líf með Nutrilenk Gold.

Vertu laus við LIÐVERKINA






**Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri Golfklúbbs Sandgerðis**
Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Gold fyrir þá sem vilja fara golfhringinn verkjalausir.



**Nancy Georgsdóttir, þriggja barna móðir:**
Ég var með stöðuga verki vegna grindargliðnunar um árabil. Eftir aðeins 6 daga notkun á Nutrilenk Gold fór ég að finna fyrir bata.

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is




**HREINDÝRABORGARI** „Hreindýraborgararnir mæltust svo vel fyrir í fyrrahaust að við ákváðum að hafa þá alveg eins í ár," segir Magnús Ingi.

# ÍTALSKUR ÍS OG EÐALBORGARAR

*Texasborgarar kynna*

**2 FYRIR 1**

***af hreindýraborgurum með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo.***

***Gildir til 11.12. 2114.***

Á matseðli Texasborgara við Grandagarð eru ýmsar útgáfur af klassískum hamborgurum og fleira girnilegt, eins og kjúklingaréttir, BLT-samloka og fiskur og franskar. En nú er tími villibráðarinnar og þá eru hreindýraborgarar steiktir í gríð og erg. „Hreindýraborgararnir mæltust svo vel fyrir í fyrrahaust að við ákváðum að hafa þá alveg eins í ár," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þetta eru 140 gramma borgarar og við berum þá fram í hamborgarabrauði með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk – og franskar fylgja að sjálfsögðu með. Þetta er ekta villibráð í girnilegum búningi og kostar ekki nema 1.490 kr."

Nýlega var settur upp ekta ítalskur ísbar á Texasborgurum. Gestir afgreiða sig sjálfir og greiða svo eftir vigt. „Við viljum fá til okkar alla aldurshópa og erum því með flott fjölskyldutilboð á hamborgurum og 12 ára og yngri fá frían ís eftir matinn," segir Magnús Ingi. Nánar á texasborgarar.is og Facebook.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447



**MARKAÐUR** Það er líkt og að ganga inn á ítalskt markaðstorg að koma inn á Eataly í New York með tilheyrandi hávaða og ys.



**KRÆSINGAR** Staðurinn er samsuða verslunar og veitingastaða og sannkölluð veisla fyrir matarunnendur.

# MARKAÐSSTEMMING Á MANHATTAN

**FERÐIR** *Fyrir matarunnendur er stórborgin New York eitt allsnægtaland. Einn þeirra staða sem gaman er að heimsækja er Eataly við Madison Square Garden.*

Eataly við Madison Square garden er eins konar samsuða af matvöruverslunum og veitingastöðum og þar má upplifa ítalska matarmenningu eins og hún gerist best.

Húsnæðið er yfir 4.500 fermetrar. Þar er hátt til lofts og vítt til veggja og eins og að ganga inn á ítalskt torg eða markað þar sem matarilmurinn liggur í loftinu og margt er um manninn með tilheyrandi hávaða og ys.

Á hringferð um húsakynnin liggur leiðin fram hjá vínbar, ísbúð, ostabúð, fiskbúð, grænmetismarkaði, bakaríi og kaffihúsi svo eitthvað sé nefnt. Þar eru einnig veitingastaðir og hægt að fylgjast með matreiðslumönnunum útbúa pasta á staðnum, hnoða brauð og baka.

Fyrsti Eataly-staðurinn var opnaður árið 2007 í Tórínó á Ítalíu af Oscar Farinetti og síðan þá hafa fleiri staðir bæst við víða um heim, meðal annars í Japan, Tyrklandi og Dubai. Staðirnir eru tveir í Bandaríkjunum, í New York og í Chicago.

Í New York eru eigendur Mario Batali, sem hefur getið sér gott orð í ítalskri matargerð, Lidia og Joe Bastianich en Joe þekkja margir sem einn af dómurunum í sjónvarpsþáttunum Masterchef.



**ILMANDI BRAUÐ** Hægt er að fylgjast með bökurunum hnoða brauð í bakaríinu.



**STEMMING** Á yfir 4.500 fermetrum eru vínbúðir, bakarí, ísbúð og veitingastaðir svo eitthvað sé nefnt.



MIÐVIKUDAGUR 8. OKTÓBER 2014

# ÍSSKÁPAR &FRYSTIKISTUR

**Kynningarblað**
Heimilistæki
Eirvík
Fönix
Frystiklefar
Ísskápar framtíðarinnar
Leiðbeiningar um geymslu matvæla

# Whirlpool er stærsti framleiðandi heimilistækja í heimi

**Heimilistæki** eru leiðandi í innflutningi á raf- og heimilistækjum og bjóða upp á yfir hundrað gerðir af kæliskápum og fjölda frystiskápa og frystikistna frá mörgum virtum framleiðendum. Hjá Heimilistækjum er lögð áhersla á framúrskarandi vöruúrval.

Við bjóðum upp á úrval af vönduðum og endingargóðum kæli- og frystitækjum frá meðal annars Whirlpool, LG, Beko, Vestfrost, Severin, Panasonic og Scandomestic," segir Íris Ragnarsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Heimilistækjum. „Whirlpool-frystikisturnar hafa verið þær mest seldu á Íslandi í mörg ár enda er Whirlpool mjög vandað og rótgróið merki sem fólk getur treyst. Kisturnar má fá frá 100 lítrum upp í 450 lítra fyrir þá sem þurfa að geyma heila skrokka."

Íris segir LG-kæliskápana glæsilega þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði. „Tvöföldu kæliskáparnir frá Daewoo eru ódýrustu tvöföldu kæliskáparnir á markaðnum í dag og eru jafnframt stórglæsilegir, með klakavél og köldu vatni. Öll Beko-kælitækin eru í orkuflokki A eða hærra sem þýðir að orkunotkunin er í lágmarki og ekki skemmir að burstaða stálið þeirra er kámfrítt," upplýsir Íris.

Panasonic hefur framleitt kælitæki síðan 1953 og eru meðal fleiri framleiðanda sem bjóða upp á „no frost"-frystitæki. „No frost"-tæknin gerir það kleift að aldrei þarf að afþýða frystitækið þar sem sérstök tækni kemur í veg fyrir að vatnsuppgufun breytist í ís," útskýrir Íris.

„Það sem er nýtt í heimi kælitækja í dag eru betri hita- og rakastillingar." Margir af þeim kæliskápum sem við bjóðum upp á eru með „multi flow"-kerfið sem dreifir loftinu í skápnum betur. Það þýðir að hitastig verður jafnara í öllum skápnum, en í eldri skápum er oft mikill munur á hitastigi efst og neðst. Þetta þýðir að hægt er að stýra hitastigi betur og þannig hafa sérstakt hólf fyrir ferskvöru og grænmeti með réttu hitastigi sem eykur endingu þessara vara umtalsvert."

„Það er úr ýmsu að velja hjá okkur og við bjóðum upp á góða þjónustu og aðstoðum fólk við að finna það sem því hentar. Við viljum bara bjóða upp á það besta og við leggjum okkur fram við að vera með framúrskarandi vöruúrval þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Með því að vera með meira en hundrað kæliskápa í boði þá er tryggt gott úrval af öllum stærðum hvort sem eru litlir skápar undir borð, eða stærri skápar sem geta farið yfir tvo metra að hæð," segir Íris.

Heimilistæki eru með verslanir á sjö stöðum á landinu og einnig er allt vöruúrval og nánari upplýsingar að finna á heimasíðu Heimilistækja, ht.is.



Við viljum bara bjóða upp á það besta og við leggjum okkur fram við að vera með framúrskarandi vöruúrval þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi," segir Íris Ragnarsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Heimilistækjum. MYND/VILHELM



Scandomestic kæliskápur með frysti. Retro



Tvöfaldur Daewoo-kæliskápur



Whirlpool-kæliskápur með frysti.

# Frystiklefinn er barn síns tíma

**Það eru hæg heimatökin hjá íbúum blokkar í Krummahólum í því að frysta matvæli. Í fjölbýlishúsinu er innangengur frystiklefi sem þeir geta notað. Hverri íbúð í húsinu tilheyrir eitt hólf sem er 50 sinnum 50 sentímetrar. Þau eru þó ekki mikið notuð nú til dags.**

Í fjölbýlishúsi í Hólahverfinu í Breiðholti er sniðugur innangengur frystiklefi. Hverri íbúð í húsinu er úthlutað einu hólfi í frystinum. „Hver íbúð hefur aðgang að einu hólfi sem er 50 sinnum 50 sinnum fimmtíu sentímetrar að stærð. Í blokkinni eru 58 íbúðir og þar af leiðandi 58 hólf í frystiklefanum sem er um það bil sjö fermetra rými," segir Ari Sigurðarson, húsvörður byggingarinnar.

Ari segir frystihólfin ekki mikið notuð. „Þessi frystiklefi er barns síns tíma og aðeins þröngur hópur íbúa sem notar þetta." Spurður um ástæðu þess segir hann að eflaust kaupi fólk ekki frystivöru í jafn miklum mæli og áður fyrr. „Við erum samt sem áður að reka klefann og halda honum gangandi. Hann hefur bilað töluvert á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan ég flutti í húsið. Ætli það sé ekki góð milljón farin í þetta á síðustu tveimur til þremur árum." Hann bætir við að þrátt fyrir litla notkun hafi verið ákveðið á fundum að gera við klefann. „Ætli það hafi ekki verið þeir sem vildu halda frystiklefanum sem mættu á fundina en ekki hinir."

Ari segist aðeins vita um eina aðra blokk í nágrenninu þar sem sambærilegur frystiklefi sé til staðar en annars hafi hann ekki vitneskju um hvort þeir séu eitthvað víðar.



Hurðin fyrir frystiklefanum er voldug. MYNDIR/VALLI



Frystiklefinn í Krummahólum er um það bil sjö fermetrar. Frystihólfin eru 58 talsins.



Innangengur frystiklefi er í fjölbýlishúsi í Breiðholti. Hverri íbúð fylgir eitt hólf í klefanum.

> Þessi frystiklefi er barn síns tíma og aðeins þröngur hópur íbúa sem notar hann.




Nokkrir nýta sér frystihólfið sitt.


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## Neyðarvistir í ísskápinn

Það er góð tilfinning að eiga alltaf til grunnhráefni í máltíð. Allir ísskápar ættu að innihalda eftirfarandi matvæli:

- **Gríska jógúrt** sem er rík af prótíni og lágkolvetnakostur. Grísk jógúrt er tilvalinn bumbubani og gefur góða saðningu.
- **Smjör og ostur** í hvaða mynd sem er er ómissandi og orkumikið hráefni í flesta matseld og vitaskuld vinsælasta áleggið.
- **Ferska ávexti og grænmeti** að smekk og óskum hvers og eins til að maula í millimál eða nota í flóknari máltíðir.
- **Egg** eru full hús matar og hitaeiningasnauður prótíngjafi með endalausa möguleika til eldamennsku og baksturs.
- **Mjólk** er nauðsyn í alla ísskápa, hvort sem hún er notuð út á morgunkorn, í grjónagrautinn, heitt súkkulaði eða heilsuhristing.
- **Heilhveiti-tortillur** innihalda flókin kolvetni og halda blóðsykri í skefjum. Þær eru hentugar í hvers kyns skyndimáltíðir með osti, grænmeti og kjötáleggi en líka sírópi og kanil.



Heilsusamlegt innihald ísskápa vekur upp góðar tilfinningar og holla saðningu.

- **Bragðbætir eins og edik**, salsasósur, sinnep, majónes, tómatsósa, gúrkumauk, léttsósur og kryddlegir gefur flestum mat enn betra bragð.
- **Möndlur** eru hollur og ljúffengur valkostur til móts við stökkt og fituríkt snakk og frábærar í blandarann eða út á morgunkornið.
- **Hnetusmjör er hollustuvara**, rík af einómettuðum fitusýrum og fólati. Það er sælgæti sem ídýfa fyrir niðurskorið grænmeti og gómsætt inn í heitt pítubrauð.
- **Í frystinum** er tilvalið að eiga frosið brauð, trefjaríkt frosið grænmeti í hvers kyns súpur, pasta- og pönnurétti og frosna ávexti og ber sem geyma fullt af fjörefnum og eru einkar góð í heilsuhristing og bakstur.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, 512-5446
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Þröstur Erlendsson, sölustjóri í Eirvík. MYND/VALLI



Eirvík býður úrval kæliskápa, kæli- og frystiskápa og vínkæliskápa frá Liebherr.

# Kæliskápar með eigin aðdáendasíðu

**Í Eirvík fæst glæsilegt úrval kæliskápa, kæli- og frystiskápa og vínkæliskápa. Sumir eru hressandi, töff og litríkir. Aðrir eru amerískir og stórir með svalandi klaka- og vatnsvél, og enn aðrir búa yfir svo fullkomnum geymsluaðstæðum að fækka má búðarferðum til muna.**

Starfsfólk Eirvíkur vinnur út frá þeirri staðföstu trú að eldhúsið sé ótvírætt hjarta heimilisins. Hver og einn hefur sinn persónulega stíl og því mikilvægt að finna klæðskerasniðnar lausnir sem falla að þörfum og lífsstíl hvers og eins viðskiptavinar fyrir sig.

„Það skemmtilega varðandi kæli- og frystiskápa í dag eru þeir fjölbreyttu möguleikar sem eru í boði. Sumir vilja fá hressandi, töff og litríkan Smeg FAB retró-skáp sem nýtur sín vel bæði inni í eldhúsi jafnt sem í alrými eða skrifstofu. Aðrir vilja hins vegar byggja kæli- og frystiskápa inn í innréttingu, þá jafnvel fleiri en einn, og leyfa þá öðrum hlutum í eldhúsinu að njóta sín betur,“ segir Þröstur Erlendsson sölustjóri.

### Liebherr – gæði, hönnun og nýjungar

Mesta úrval Eirvíkur kemur frá virtum þýskum framleiðanda, Liebherr.

„Mögulegt er að fá allt frá fullkomnum innbyggðum kæli- og frystiskáp með BioFresh-ferskmetisskúffum og klakavél, að klassískum og hagkvæmum frístandandi hvítum kæliskáp. Vínkæliskápar eru síðan tilvalinn kostur fyrir vínunnandann. Þar eru vín geymd við bestu hugsanlegu skilyrði, það er við rétt hitastig, lágmarks titring og í vari gegn UV-geislum,“ útskýrir Þröstur.

„Á undanförnum árum hefur síðan eftirspurn eftir tvöföldum kæli- og frystiskápum og öðrum skápum sem eru breiðari en þessi „hefðbundni kæliskápur“ aukist mikið. Í dag er vinsælt að fjárfesta í skápum sem hafa gott geymslurými og fullkomnar geymsluaðstæður fyrir ferskvöru, og fækka þar með búðarferðum,“ bætir Þröstur við.

Fjölbreytt úrval iðnaðarkæliskápa og iðnaðarfrystiskápa er einnig fáanlegt frá Liebherr.

„Skáparnir henta fyrir hinn ýmsa atvinnurekstur, svo sem starfsmannaeldhús, mötuneyti, gistiheimili og veitingarekstur. Auk þess eru fáanlegir mjög fullkomnir Medical-skápar fyrir til dæmis apótek, lækna- og rannsóknastofur.“

### SMEG retró 50-stíll – sterkur karakter í eldhúsinu

Retró 50’FAB-skáparnir frá Smeg eru fyrir löngu orðnir að klassísku tískutákni. Innblástur hönnunar og litaúrval má rekja til tísku tímabilsins um 1950 og hafa skáparnir sést í ófáum matreiðsluþáttum, til að mynda hjá Jamie Oliver.

„Skáparnir eru ítölsk hönnun og framleiðsla. Þeir sameina klassískt retró-útlit, bogadregnar línur, líflega liti og nýjustu tækninýjungar. Eirvík sérpantar þessa skápa í öllum mögulegum litum og með þeirri hurðaropnun sem hentar hverjum og einum,“ segir Þröstur.

Til gamans má geta að vinsældir FAB-ísskápsins frá Smeg hafa verið það miklar að í dag á 50’s-línan sína eigin aðdáendasíðu sem hægt er að nálgast á www.smeg50style.com.

### Klassískir amerískir kæli- og frystiskápar

Að lokum ber að nefna ameríska kæli- og frystiskápa.

„Amerísku kæli- og frystiskáparnir í Eirvík eru frá Mabe, framleiðanda hinna þekktu amerísku GE-skápa. Amerísku Mabe-skáparnir eru fyrir Evrópumarkað og eru fáanlegir bæði með klakavél og vatni í hurð, en einnig með innbyggðri klakavél,“ segir Þröstur.

Nánari upplýsingar um alla kæliskápa, vínkæliskápa og kæli- og frystiskápa má nálgast á heimasíðu Eirvíkur www.eirvik.is og hjá sölumönnum Eirvíkur í síma 588-0200. Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í sýningarsal okkar að Suðurlandsbraut 20.








# Hversu lengi má geyma matinn?

Með góðu hreinlæti í eldhúsinu og með því að pakka matvælum í loftþéttar umbúðir endast þau betur í ísskápnum. Það fer illa með veskið að láta matvæli eyðileggjast og ástæðulaust. Við tókum saman geymsluþol nokkurra matvæla í ísskáp og frysti.

**PYLSUPAKKI**
- Opinn pakki í ísskáp: 1 vika
- Óopnaður pakki í ísskáp: 2 vikur
- Í frysti: 1-2 mánuðir.

**RJÓMAÍS**
- Endist í frysti í 2-6 mánuði en það reynir sjaldnast á það.

**AFGANGURINN AF KVÖLDMATNUM**
- Í ísskáp: 3-4 daga.
- Í frysti: 2-3 mánuði

**KJÖTHAKK**
- Í ísskáp: 1-2 dagar
- Í frysti: 3-4 mánuðir

**EGG**
- Í ísskáp: 3 vikur

**MYGLUOSTUR EINS OG BRÍE**
- Í ísskáp: 1 vika

**BRAUÐOSTUR**
- Í ísskáp: 3-4 vikur

**RJÓMI**
- Opin ferna í ísskáp: 5-7 dagar

**MJÓLK**
- Í ísskáp: 7 dagar

**SMJÖR**
- Í ísskáp: 1-2 mánuðir

**NAUTAKJÖT, LAMB OG SVÍN**
- Í ísskáp: 3-5 dagar
- Í frysti: 6-12 mánuðir

**ELDAÐUR SKELFISKUR**
- Í ísskáp: 3-4 dagar
- Í frysti: 3 mánuðir

**ELDAÐUR FISKUR**
- Í ísskáp: 3-4 dagar
- Í frysti: 4-6 mánuðir

**SÚPUR OG KÁSSUR**
- Í ísskáp: 3-4 dagar
- Í frysti: 2-3 mánuðir

**MAJÓNES**
- Í ísskáp: 2 mánuðir

**ÁLEGG**
- Opinn pakki í ísskáp: 1 vika
- Óopnaður pakki í ísskáp: 2 vikur
- Í frysti: 1-2 mánuðir

*www.foodrepublic.com*
*Leiðbeiningarstöð heimilanna*






VIÐ ERUM ÖLL TENGD VIÐ NÁTTÚRUNA

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði.
Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on ORKA NÁTTÚRUNNAR


## *Ráð til orkusparnaðar*

Ísskápurinn notar mesta orku af öllum heimilistækjum eða um 20 prósent. Það skiptir því verulegu máli fyrir umhverfið og orkureikning heimilisins að kaupa í upphafi ísskáp sem notar sem minnsta orku.

Orkumerkin Energy Star og Evrópska orkumerkið gefa til kynna hve orkufrekur ísskápurinn er. Því minni ísskáp sem þú kemst af með því betra.

**HÉR ERU NOKKUR RÁÐ TIL AÐ DRAGA ÚR ORKUNOTKUN ÍSSKÁPSINS**

- Munið að hafa ísskápinn ekki opinn að óþörfu
- Gætið þess að ísskápurinn sé rétt stilltur (4 °C)
- Gætið þess að ísskápurinn leki ekki
- Gætið þess að ísskápurinn sé hreinn að innan sem utan
- Fullur ísskápur sparar orku
- Ekki er æskilegt að hafa eldavélina við hliðina á ísskápnum
- Ekki er ráðlegt að vera með ísskápinn nálægt ofni eða eldavél
- Þíðið frosinn mat í ísskápnum. Það sparar orku
- Afísið frystinn í ísskápnum reglulega. Fimm millimetra þykkt íslag eykur orkunotkun um 30%
- Þurrkið burt rykið á bak við ísskápinn. Það sparar orku
- Gætið þess að næg loftræsting sé bak við og fyrir ofan ískápinn
- Ekki er ráðlegt að setja heita matarafganga inn í ískáp, betra er að láta matinn kólna áður en hann er settur inn. Það sparar orku og heldur matnum ferskari

*Heimild: natturan.is*



# Þekktir fyrir gæði og góða þjónustu

Verslunin Fönix hefur selt kæli- og frystiskápa frá danska fyrirtækinu Gram í yfir 40 ár. Skáparnir fást í mörgum stærðum og gerðum þar sem öll heimili og fyrirtæki geta fundið skápa við sitt hæfi. Fönix leggur megináherslu á gæði og góða þjónustu.

Danska fyrirtækið Gram hefur fyrir löngu skipað sér sess sem einn traustasti og vandaðasti framleiðandi kæli- og frystiskápa. Verslunin Fönix hefur selt þetta vandaða 113 ára gamla vörumerki í yfir 40 ár sem sýnir betur en margt annað hversu vinsælt og traust merkið er að sögn Sveins Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Fönix. „Við bjóðum upp á gott úrval kæli- og frystiskápa frá Gram sem henta inn á öll heimili auk þess sem fyrirtæki og stofnanir versla einnig mikið við okkur.“

Bæði kæli- og frystiskáparnir fást í mörgum stærðum en vinsælustu stærðirnar eru á bilinu 170-185 sentímetra háir að sögn Sveins. „Þarfir heimila og fyrirtækja eru mismunandi. Hjá okkur er hægt að fá ýmsar stærðir kæliskápa, bæði með og án frystis, auk þess sem þeir eru misdjúpir. Kæliskáparnir innihalda auk þess mismargar hillur og skúffur, allt eftir þörfum hvers og eins. Margir skápanna innihalda einnig svokallaðan „NoFrost“-frysti sem hindrar hrímmyndun inni í frystihlutanum. Svo má ekki gleyma að auðvelt er að þrífa þá alla.“ Flestir kæli- og frystiskáparnir fást í tveimur klassískum litum; hvítum og stáli.

### Ýmsar stærðir frystiskápa

Verslunin býður einnig upp á gott úrval frystiskápa frá sama framleiðanda. „Þeir fást í sömu stærðum og kæliskáparnir og sömu litum. Þeir hafa sama útlit og kæliskáparnir og því kaupa viðskiptavinir þá gjarnan saman og láta standa hlið við hlið inni í eldhúsi enda eru margar nýjar íbúðir og hús með rúmgóð eldhús. Við höfum einnig nýlega að bjóða upp á svokallaða XL-skápa sem eru mun dýpri en hefðbundnir frystiskápar og bjóða upp á allt að 39 sentímetra djúpar skúffur. Tími stóru frystikistunnar er að mestu leyti liðinn, nú kaupir fólk frekar frystiskápa sem henta aðstæðum hvers og eins.“

> **Fyrirtækið Fönix verður 80 ára á næsta ári sem sýnir að við höfum gert eitthvað rétt. Landsmenn vita að minnsta kosti hvert þeir eiga að leita eftir góðri þjónustu og vönduðum heimilistækjum.**

Sveinn segir Fönix leggja megináherslu á gæði og góða þjónustu. „Fyrirtækið Fönix verður 80 ára á næsta ári sem sýnir að við höfum gert eitthvað rétt. Landsmenn vita að minnsta kosti hvert þeir eiga að leita eftir vönduðum heimilistækjum og góðri þjónustu.“

Þótt kæli- og frystiskáparnir frá Gram þyki endingargóðir býður Fönix samt upp á góða varahluta- og viðgerðarþjónustu. „Ekkert heimilistæki dugar að eilífu og ef það bilar er yfirleitt lítið mál að gera við tækið.“

Verslunin Fönix er í Hátúni 6a í Reykjavík. Hún er opin alla virka daga milli 9.00 og 18.00 og á laugardögum í vetur milli kl. 11.00 og 14.00. Allar nánari upplýsingar má finna á www.fonix.is.



„Verslunin Fönix hefur selt kæli- og frystiskápa frá Gram í yfir 40 ár sem sýnir hversu traust merkið er, að sögn Sveins Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Fönix. MYND/GVA


Fönix býður allar stærðir af kælitækjum. MYND/PJETUR


Frystiskápur með „No Frost“-frysti. MYND/PJETUR


Kæliskápur með blásturskælingu og ferskvöruskúffu. MYND/PJETUR



# *Ljúffengur eftirréttur*

*Þegar von er á gestum í mat er þægilegt að vera búinn að gera eftirréttinn tímanlega. Ekki þarf annað en sækja hann í ísskápinn. Hér er mjög girnilegur eftirréttur sem smakkast vel og hægt er að gera fyrr um daginn.*

**Það sem þarf í þennan rétt sem er fyrir fjóra**

3 eggjarauður
2 msk. sykur
200 g hreinn rjómaostur
60 g flórsykur
1 vanillustöng
2 tsk. sítrónusafi
10 kökur hafrakex

**Jarðarberjasósa**

1 box af jarðarberjum
2 msk. sykur

*Þeytið eggjarauður og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Hrærið saman rjómaost, flórsykur, sítrónusafa og fræin úr vanillustönginni. Setjið smávegis af eggjablöndunni í ostblönduna og hrærið rólega. Bætið síðan restinni við og hrærið allt saman.*

*Hreinsið berin og setjið í skál með sykrinum. Maukið með töfrasprota. Setjið kexið í poka og berjið létt á með buffhamri. Setjið kex í botninn á fallegu glasi eða skál, hellið ostakreminu yfir og loks er jarðarberjasósan sett á toppinn. Skreytið með jarðarberi og mintu.*



Ekki er amalegt að eiga ljúffengan eftirrétt í ísskápnum. MYND/GETTY


**Frystikistur á tilboðsverði**

**25% afsláttur**

Kælitækni

FR205 190L B74xD70xH95
1 karfa, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð áður kr. 89.369
Verð nú kr. 67.026 m. vsk.

FR305 278L B98xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð áður kr. 102.742
Verð nú kr. 77.056 m. vsk.

FR405 385L B128xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð áður kr. 111.615
Verð nú kr. 83.711 m. vsk.

FR505 463L B150xD70xH95
3 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð áður kr. 124.537
Verð nú kr. 93.403 m. vsk.

FR605 463L B150xD70xH95
3 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu
Verð áður kr. 152.698
Verð nú kr. 114.524 m. vsk.

Tilboð gildir meðan birgðir endast.

VALITOR KORTALÁN VISA

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is

Okkar þekking nýtist þér





Ísskápur sem kennir fólki að elda úr afgöngum, pantar ferskvörur þegar þær klárast og getur einnig pantað heimsendingu gegnum netið auk þess sem hann skipuleggur hvar maturinn er eftir dagsetningum.

# Kælitæki og ísskápar framtíðarinnar

**Þótt þróunin í ísskápum hafi verið nokkur í gegnum árin hafa útlitsbreytingar ekki verið róttækar. Ísskápar eru enn „skápar“ með skúffum, hurðum og hillum. Nokkrir hönnuðir hafa þó litið út fyrir kassann og hannað nýstárlega ísskápa sem hugsanlega gætu verið fyrirmyndir framtíðarísskápa.**

### Sjálfhreinsandi ísskápur

Vísindamenn við háskólann í Central Lancashire og Ocado, stórmarkaður á netinu, hönnuðu í sameiningu hugmynd að hátæknilegum ísskáp árið 2010. Ísskápurinn kennir fólki að elda úr afgöngum, pantar ferskvörur þegar þær klárast og getur einnig pantað heimsendingu gegnum netið auk þess sem hann skipuleggur hvar maturinn er eftir dagsetningum.

Ísskápurinn á að vera sjálfhreinsandi, hann á að geta minnkað líkurnar á að matur skemmist og bent eigendum sínum á uppskriftir sem hægt sé að nota matinn í sem til er í ísskápnum. Þessi snjallísskápur er útbúinn nanótækni. Hillurnar eru úr óteljandi míkróflísum sem færa mat sem þarf að borða sem fyrst fremst í hillurnar.

Ísskápurinn er tengdur þráðlausu neti og því hægt að horfa á matreiðsluþætti á skjá.

### Bio Robot-ísskápur

Electrolux Design Lab heldur árlega keppni í þróun heimilistækja. Árið 2010 var þemað „The 2nd Space Age“ eða önnur geimöld. Hugmyndin var að þátttakendur hönnuðu tæki sem hægt yrði að nota árið 2050. Eiginleikar tækjanna þurftu að vera þeir að spara pláss og orku.

Rússneski nemandinn Yuriy Dmitriev kom með hugmyndina að Bio Robot-ísskápnum þar sem kaldaskin er notað til að kæla gel úr lífffjölliðum sem getur síðan kælt mat. Gelið er ekki klístrað og maturinn er settur beint inn í gelið sem myndar aðskilda belgi fyrir hvern hlut.

Útlit ísskápsins er langt frá því að vera hefðbundið enda eru engar skúffur eða hurðir á honum. Þá kælir róbótinn alla hluti á mismunandi hitastigi eftir þörfum. Gelið er í ramma sem er fjórum sinnum minni en venjulegur ísskápur.

Þessi hugmynd Rússans vakti mikla athygli því hugmyndin er ekki aðeins framúrstefnuleg heldur er hægt að raða ísskápnum á hvaða veg sem er, uppréttum, á hlið eða jafnvel hengja hann upp í loft.

Bio Robot-ísskápurinn er enn á hugmyndastigi en það verður gaman að sjá hvort og hvernig Electrolux þróar hugmyndina áfram í framtíðinni.

### Allt við höndina á matmálstímum

Electrolux Futuristic Dining Table er framútstefnulegt snjallborðstofuborð eftir hönnuðinn Petr Kubik. Þar sér hann fyrir sér hvernig nýta mætti betur pláss á heimilum með því að sameina í einu húsgagni margt af því sem þarf við matarborðið.

Í þessu borðstofuborði er nefnilega að finna ýmislegt áhugavert og engin þörf er á að standa upp til að rista brauð eða sækja kaffið, ná í epli úr ísskápnum eða vaska upp.

Hugmyndaborð Kubiks er útbúið þannig að inni í því er að finna fjölmörg eldhúsáhöld og tæki á borð við ísskáp, litla uppþvottavél, brauðrist, örbylgjuofn og kaffivél. Í borðinu eru ýmis falin hólf þar sem hægt er að geyma mat og tæki. Borðplatan er úr efni sem getur breytt um áferð. Þannig getur yfirborðið ýmist verið svart og glansandi eða gagnsætt til að sýna matinn sem geymdur er í kæli. Í miðjunni er hægt að geyma drykki.

Ekki skemmir fyrir að hægt er að fara á netið og lesa þannig blöðin á skjá í borðplötunni, horfa á þætti eða leita að uppskriftum.






Bio Robot-ísskápurinn tekur lítið pláss.





# Ískaldar staðreyndir

Heimilistækin frá IKEA eru umhverfisvæn hágæðatæki með ókeypis 5 ára ábyrgð. Svo er verðið í algjörum sérflokki líka miðað við eiginleika. Gerðu samanburð, það er þinn hagur.

**5**
**ára**
**ÁBYRGÐ**

Heimilistæki eru með 5 ára ábyrgð.
Nánari upplýsingar
í ábyrgðarbæklingnum.



Þú getur lagað hirsluna að þínum þörfum með **þremur stillanlegum hillum úr hertu gleri.**

Innbyggð vifta dreifir loftinu og **viðheldur jöfnu hitastigi** í öllum skápnum, þannig að þú getur geymt hvaða matvæli sem er, hvar sem er í skápnum.

Þú getur valið hvort þú lætur hurðirnar **opnast til hægri eða vinstri.**

**Engin fingraför** á ryðfría stálinu, yfirborð hurðanna er meðhöndlað með efni sem hrindir frá sér fingraförum.

Með hraðkælingarstillingunni getur þú **kælt hratt niður** fersk matvæli og drykki, sem er tilvalið eftir stórinnkaup.

**Innbyggð LED lýsing** sem lýsir út í öll horn.

Þú þarft **aldrei að afþíða** eða skafa klaka því sjálfvirka afþíðingin kemur í veg fyrir rakamyndun og því myndast ekki hrím eða klaki á matvælum eða tækinu sjálfu.

Hraðfrystistillingin **frystir mikið magn** af ferskum matvælum og lækkar hitastigið hratt ef þörf er á, sem viðheldur ferskleika matvælanna og varðveitir næringarefnin.

- Orkuflokkur: A++
- Orkunotkun: 242 kWh/á ári
- Rúmtak kælis, nettó: 226 l
- Rúmtak frystis: 92 l. 4-stjörnur
- Hljóðstyrkur: 43 dB (A)
- Loftslagsflokkur: SN/T
- Kælikerfi: R600a
- Rafspenna: 230-240V
- Viðhaldsfrí LED lýsing
- Frystigeta: 4 kg/24 klst.
- Geymslugeta í rafmagnsleysi: 12 klst.
- 3 frystiskúffur fylgja
- Hurðir sem lokast sjálfar
- 2 frystikubbar fylgja
- 2 grænmetisskúffur fylgja
- 1 eggjabakki fylgir
- 1 flöskurekki fylgir
- 1 ísmolabakki fylgir

# 124.900,-

**KYLIG kælir/frystir A++**
B59,5×D64,2, H184,5cm
Kælir: 226l. Frystir: 92l. Ryðfrítt stál

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

## KÆLING Í GAMLA DAGA

**Flestir eiga** erfitt með að sjá fyrir sér líf án kæli- og frystiskápa sem hjálpa okkur að geyma matvæli, kæla gosið og geyma rjómaísinn. Áður en kæli- og frystiskápar komu til sögunnar nýtti fólk sér þó ýmsar leiðir til að halda matvælum köldum eða frosnum. Yfirleitt var snjór eða ísklumpar notaðir til kælingar og þurfti í mörgum tilvikum að ferðast langar leiðir til að sækja hráefnið, jafnvel upp í fjöll.

**Til eru** heimildir frá því fyrir árið 1000 sem sýndu að Kínverjar voru farnir að safna ísklumpum til að nýta undir kælingu og seinna meir bættust til dæmis Grikkir og Rómverjar í hópinn og gerðu það sama.

**Geymslan var** iðulega þannig sett upp að grafnar voru holur í jörðu og matur settur neðst í hana. Ofan á hann var settur hálmur eða tré og þar ofan á þykkt snjólag eða ísklumpar. Að sama skapi voru kofar og geymsluhúsnæði víða um heim fyllt af snjó og ísklumpum þar sem hægt var að geyma matvæli stóran hluta ársins.







## ÍSINN HENNAR ÖMMU

**Heimagerður ís er eftirlæti margra. Ísinn er bestur eins og amma gerði hann fyrir jólin. Margir eiga örugglega minningar um hann. Hér er uppskrift að heimagerðum vanilluís með heitri súkkulaðisósu.**

4 eggjarauður
100 g sykur
2 tsk. vanillusykur
4 dl rjómi

*Þeytið eggjarauður og sykur. Stífþeytið rjóma í annarri skál og bætið vanillusykri saman við. Blandið rjómanum varlega saman við eggjakremið. Setjið í form og frystið. Gott er að setja plastfilmu í formið áður en ísinn er settur í því þá er betra að losa hann úr því.*

**Heit súkkulaðisósa**

1 plata suðusúkkulaði
2 dl rjómi

*Hitið upp súkkulaði og rjóma og látið malla við vægan hita þar til sósan þykknar. Gott er að bera fram jarðarber með ísnum og sósunni.*



## BERJAFROSTPINNAR

**Flestir hafa** prófað að gera frostpinna úr ávaxtasafa. Það er enn betra að gera þá úr ferskum berjum.

**Þá þarf** eina öskju af berjum að eigin vali; bláberjum, jarðarberjum, hindberjum eða blöndu, 1 dl af sykri (má minnka magnið) og 2 msk. af sítrónusafa.

**Skolið berin.** Hellið í blandara. Bætið sítrónusafa og sykri við og maukið. Hellið í djúp mót. Margir eiga frostpinnamót en það mætti líka nota lítil en djúp muffinsmót (sílikon eða stál).

**Stingið inn** í frysti og látið stífna smá. Takið út og stingið trépinnum í miðjuna. Þeir fást meðal annars í Kokku. Frystið og njótið.



# BÍLL DAGSINS



Bíll dagsins kr.
**1.590.000**

## Toyota Avensis Sol 1.8i
Nýskráður 5/2006, ekinn 116 þús.km., bensín, sjálfskiptur.



FORD

**FORD Escape XLS 4x4**
Nýskráður 7/2009, ekinn 136 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



PEUGEOT

**208 Active Dísil**
Nýskráður 12/2012, ekinn 16 þús.km., dísil, 5 gírar.
**Verð kr. 2.650.000**



HYUNDAI

**I30 classic dísil**
Nýskráður 12/2012, ekinn 56 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**



HONDA

**CR-V Panorama**
Nýskráður 1/2008, ekinn 92 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.790.000**



HONDA

**Civic Hybrid**
Nýskráður 5/2008, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.750.000**



HONDA

**Accord Exectuive 2.4i**
Nýskráður 4/2006, ekinn 39 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**



MITSUBISHI

**Grandis VVTi 7manna**
Nýskráður 3/2005, ekinn 135 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**



SKODA

**Superb Ambition**
Nýskráður 11/2012, ekinn 100 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.750.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.
Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**
**Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 867 4254**

STARFSMANNALEIGAN
Getum útvegað:
• Smiði
• Flísara
• Múrara
• Verkamenn
• Járnamenn
699-0921
www.starfsmannaleigan.is

Verk og efni ehf



Fasteignaviðhald • Allt viðhald fasteigna
Málningavinna • Smíðavinna
Þakviðgerðir • Flísalagnir • Múrviðgerðir
Uppl. í s. 867 4968 Njáll
verkogefni@gmail.com

**ÓLI SMIÐUR**
Stór verk sem smá, úti / inni, mikil reynsla / vönduð vinnubrögð. S. 698-9608

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Visa 566 7311 Euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733



Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Skírteini og plastkort



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Samskipti annast uppsetningu vinnustaðaskirteina og prentun. Hannaðu þitt eigið skírteini á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

**RISA DVD MARKAÐUR!**
**-ALLT Á AÐ SELJAST-**
Fullt af frábærum titlum!
Magn afsláttur!
Gerum einnig við geisladiska!
**James Bönd, Skipholti 9, 105 Reykjavík.**
**S. 562 5271**



**EIKAR SJÓNVARPSSKÁPUR**
Lengd 180cm, br. 50cm og hæð 50cm. Verð 65þús. Uppl. í s. 663 3313

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

Gítarleikari óskar eftir að stofna eða komast í metal band. S. 846 8602.

# Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.





Allt sem þú þarft



**MIKILVÆGUR ARFUR** Ráðherra segir að það þurfi að skoða mörg verkefni sem Ríkisútvarpið þarf að sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## LYKILTÖLUR ÚR HÁLFS ÁRS UPPGJÖRI RÚV TÍMABILIÐ 1.9. 2013–28.2. 2014

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 2.731.642.574 |
| Rekstrargjöld | 2.867.813.218 |
| Rekstrartap | 136.170.644 |
| Tap og heildarafkoma tímabilsins | 219.156.276 |
| **Eignir samtals** | 6.799.038.471 |
| **Skuldir samtals** | 6.365.085.604 |

það eigi að ráða þá verði engu hægt að breyta. „Þannig að menn verða að sýna stjórnendum Ríkisútvarpsins umburðarlyndi þegar verið er að reyna að draga úr kostnaði,“ segir Illugi.

***Kemur til greina að auka fjárheimildir Ríkisútvarpsins á fjárlögum?***

„Ég held að það þurfi að skoða ýmis verkefni sem það þarf að sinna,“ segir Illugi. Hann bendir á að Ríkisútvarpið geymi mikinn menningararf. Til dæmis efni frá í árdaga Ríkisútvarpsins sem er til á lakkplötum og segulbandsupptökum. Það þurfi að passa upp á að þetta efni liggi ekki undir skemmdum. „Þetta er hluti af menningararfi okkar og sögu og það kostar einhverja fjármuni að tryggja að það varðveitist. Ég held að menn geti verið sáttir við þetta alveg óháð því hvar menn standa varðandi það hversu mikla fjármuni Ríkisútvarpið á að hafa úr að spila,“ segir Illugi. Það verður líka að horfa til þess að mikið hafi verið skorið niður hjá Ríkisútvarpinu á síðustu misserum.

***Er raunhæft að selja húsnæði Ríkisútvarpsins og lóð hússins?***

„Ég held að það sé nauðsynlegt að skoða allar leiðir til þess að spara í rekstrinum og gera hann hagkvæmari,“ segir Illugi. Það sé líka rétt að hafa það í huga að það húsnæði sem stofnunin er í núna hafi verið byggt við allt annað tæknistig hvað varðar útvarps- og sjónvarpsútsendingar. „Núverandi útvarpsstjóri fór strax í það að gera heilmiklar breytingar innanhúss og færa starfsemina betur saman til þess að nýta húsið betur. Þess vegna er strax kominn möguleiki á því að leigja út hluta af húsinu,“ segir Illugi. Það sé líka sjálfsagt að skoða möguleika á hvort það sé hægt að selja lóðina eða húsið allt og nýta þá fjármuni

> **Þetta er hluti af menningararfi okkar og sögu og það kostar einhverja fjármuni að tryggja að það varðveitist.**

sem þar með myndu losna til þess að greiða niður skuldir. „Það er líka rétt að hafa það í huga enn og aftur að það er íþyngjandi fyrir Ríkisútvarpið að vera með þessar miklu lífeyrisskuldbindingar. Það er hættuleg staða sem fyrirtækið er í, svona skuldsett, ef til dæmis vextir fara að hækka hér verulega. Þá má gefa sér að það geti orðið stofnuninni ansi þungbært,“ segir Illugi.

***Er raunhæft að selja Rás 2 og skera þannig niður kostnað.***

„Hvað varðar söluna á Rás 2 þá held ég að það yrði ekki eitthvað sem myndi leysa þann vanda sem nú er uppi. Það væri þá ákvörðun sem menn tækju vegna þess að þeir teldu að Ríkisútvarpið ætti ekki að sinna þannig starfsemi. Það væri ákvörðun allt annars eðlis en að bregðast við þeim vanda sem er í rekstri ríkisútvarpsins núna,“ segir Illugi. Eðlilegt sé að ræða það alveg sérstaklega hvort það sé ástæða til þess, miðað við núverandi fjölmiðlaumhverfi, að slík starfsemi sé af hálfu ríkisins. „Það eru rök beggja vegna í málinu. Það eru sterk rök fyrir því að svo sé og það er líka alveg rétt að hlusta eftir þeim röddum sem uppi eru um að einkaaðilar geti vel sinnt þessu hlutverki,“ segir Illugi. En menn verði að hafa í huga að umræðan þurfi að markast af þjónustusamningi frekar en að líta á sölu á Rás 2 sem lausn við fjárhagsvandræðum.

Make it matter.

Nýr heimsmeistari

GUINNESS WORLD RECORDS




HP Officejet Pro X fjölnotaprentarar

**Nýtt hraðamet*** í prentun – allt að 70 blaðsíður á mínútu

50% **Helmingi ódýrari í rekstri** en sambærilegir laserprentarar

Umhverfisvænn

Kynntu þér eiginleika nýju **„HP PageWide“** tækninnar

*Samkvæmt Guinness World Records og prófunum Buyers Laboratory LLC.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Nánar á www.ok.is/ProX

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið



**SEYÐFIRÐINGUR** Guðrún Ragna er nýbyrjuð í MBA-námi í Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Finnst hvergi betra að vera en á Seyðisfirði

***Guðrún Ragna Garðarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Atlantsolíu frá maí 2008. Hún lærði viðskiptafræði við Háskóla Íslands og lauk meistaragráðu í fjármálum frá EADA í Barcelona. Frítíminn fer í fjölskylduna og að lesa bækur.***

**SVIPMYND**

**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

„Ég byrjaði í MBA-námi í Háskóla Íslands í haust og svo erum við núna að einbeita okkur að því að innleiða nýjan búnað sem mun gera okkur kleift að auka sölu félagsins á endurnýjanlegum orkugjöfum,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, spurð hvaða verkefni séu á borði hennar þessa dagana.

Guðrún var ráðin framkvæmdastjóri olíufélagsins í maí 2008 en hún hafði þá starfað sem aðstoðarfjármálastjóri Atlantsolíu í tvö ár.

„Þetta eru búnir að vera mjög viðburðaríkir tímar og það gekk á ýmsu fyrstu mánuðina enda varð efnahagshrun skömmu eftir að ég byrjaði. En stærsta breytingin sem ég hef farið í gegnum með fyrirtækinu tengist þessari íblöndun sem við erum að byrja á núna,“ segir Guðrún. Hún útskýrir að félagið vinni nú að því að koma upp lífdísiltönkum og öðrum búnaði í birgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði. Breytingarnar má rekja til nýrra laga sem eiga að auka notkun á endurnýjanlegu eldsneyti.

Guðrún er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og hún útskrifaðist úr viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Síðar lá leiðin til Spánar þar sem hún lauk meistaragráðu í fjármálum frá viðskiptaháskólanum EADA í Barcelona.

„Þegar ég kom aftur heim byrjaði ég svo hjá Atlantsolíu,“ segir Guðrún og bætir við að hún hafi áður starfað sem fjármálastjóri Heildverslunar Ásgeirs Sigurðssonar og við ýmis bókhaldsstörf.

„Í sumar ákvað ég svo að fara í MBA-námið í þeim tilgangi að fríska aðeins upp á menntunina og fá endurnýjaða sýn á hlutina,“ segir Guðrún.

Hún er gift Jóni Vali Sigurðssyni sölumanni og þau eiga þrjú börn á aldrinum eins til tólf ára.

> **Í sumar ákvað ég svo að fara í MBA-námið í þeim tilgangi að fríska aðeins upp á menntunina og fá endurnýjaða sýn á hlutina.**

Frítímanum eyðir Guðrún að mestu með fjölskyldunni. Hún er fædd og uppalin á Seyðisfirði og segir fjölskylduna duglega að fara austur.

„Það er hvergi betra að vera og það er ekki spurning að þetta er minn uppáhaldsstaður á landinu enda á ég þar ættingja og vini. Síðan erum við dugleg að fara á skíði og stunda almenna útivist. Svo finnst mér gaman að lesa góðar bækur og ég mæti reglulega í ræktina ef það er hægt að kalla það áhugamál,“ segir Guðrún og hlær.




## VINNUSÖM OG GÓÐUR STJÓRNANDI



„Ég hef unnið töluvert með Guðrúnu Rögnu. Hún er mjög vinnusöm og ábyrgðarfullur einstaklingur sem gerir miklar kröfur til sín og þeirra sem starfa með henni. Hún er öflugur stjórnandi sem treystir sínum starfsmönnum vel og er dugleg að „deligera“ valdi og ábyrgð og það skiptir miklu máli ef þú ætlar að ná langt sem stjórnandi. Hún vinnur jafnframt stöðugt að því að efla og styrkja sitt stjórnendateymi. Þrátt fyrir að gegna því hlutverki sem hún er í þá er Guðrún frekar hógvær persóna á eigin getu og frammistöðu. Hún er í raun mjög prívat persóna, mikil fjölskyldukona og góður vinur vina sinna.“

**Ása Karín Hólm, stjórnunarráðgjafi hjá Capacent**



„Þegar ég hóf störf hjá Atlantsolíu fannst mér mjög töff að kona stýrði félaginu og það á mínum aldri. Guðrún Ragna er frábær stjórnandi og er alltaf tilbúin að hlusta á skoðanir og sjónarmið samstarfsmanna, sem hlýtur að teljast góður kostur. Sem dæmi um það er hurðin sjaldnast lokuð á skrifstofunni hennar. Hún er mjög klár og dugleg enda oft mikið að gera hjá henni en hún nær að jafnvægisstilla sig með hæfilega afslöppuðu viðhorfi. Guðrún er mjög trú sinni innri landsbyggðartúttu sem mér finnst mjög fallegt og gerir hana að enn betri manneskju.“

**Rakel Björg Guðmundsdóttir, þjónustustjóri Atlantsolíu**

TP-LINK The Reliable Choice
stærsti framleiðandi á þráðlausum netbúnaði í heiminum*




TL-WN725N
**ÞRÁÐLAUST USB NETKORT**
150 Mbps
Nett og auðvelt í uppsetningu
Styður alla helstu öryggisstaðla
**Verð kr. 1.790**

TL-PA2010PKIT
**NET YFIR RAFMAGN**
200 Mbps · Powerline
Innbyggð 230v innstunga
Tengist sjálfkrafa
**Verð kr. 7.900**

TL-PA4010PKIT
**NET YFIR RAFMAGN**
500 Mbps · Powerline
Innbyggð 230v innstunga
Tengist sjálfkrafa
**Verð kr. 10.900**

**ÞRÁÐLAUS AÐGANGSPUNKTUR**
300 Mbps · Tvö loftnet fyrir betri drægni
Drífur allt að 30 metra innanhús
WPS takki fyrir auðvelda tengingu
**Verð kr. 8.450**

*með 39,85% markaðshlutdeild árið 2013

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
ORMSSON TP-LINK

# 4K ULTRA HD

## FYRIRTÆKJASKJÁIR



PHILIPS

### 4K - FJÓRFÖLD UPPLAUSN

UltraClear 4K UHD skjáir hafa fjórfalt meiri upplausn en hefðbundnir tölvuskjáir sem gerir litina dýpri og smáatriði nákvæmari. Aukin upplausn og gæði henta sérstaklega fagmönnum sem vinna með CAD-CAM forrit, myndvinnslu eða gagnavinnslu þar sem unnið er með stórar upplýsingatöflur. 3840 x 2160 punkta upplausn gefur margfalt meira vinnslupláss á einungis einum skjá, án þess að fórna gæðum.

### EINN SKJÁR Í STAÐ TVEGGJA

Með einum 28“ UHD skjá er vinnuplássið margfalt á við hefðbundna skjái. Þeir sem eru vanir að vinna við tvo skjái hlið við hlið geta auðveldlega fækkað þeim niður í einn UHD skjá.

### NÝJIR TENGIMÖGULEIKAR

Auk þess að koma með Dual Link DVI tengi er skjárinn með Display Port, HDMI tengi, háhraða USB 3.0 auk þess að MHL tengið leyfir hleðslu og beintengingu farsíma, spjaldtölva og fartölva við skjáinn.



### STILLANLEGUR SNÚNINGSFÓTUR

Skjár í hæfilegri hæð eykur bæði afköst og þægindi starfsmanna auk þess að minnka þreytu. Skjárinn er hæðastillanlegur með snúningsfæti þannig að einnig er hægt að breyta halla hans og snúa lóðrétt þegar það hentar betur.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

Stjórnmálamenn verða að þora að breyta til batnaðar:

# Á rangri leið

Það var vægast sagt kjarnyrt ályktun sem Samband ungra sjálfstæðismanna samþykkti á málefnaþingi um liðna helgi. Í ályktuninni er ríkisstjórnarsamstarf við Framsóknarflokkinn gagnrýnt harðlega og hugmyndir reifaðar um að því verði slitið.

Það ber að taka þeim athugasemdum sem ungliðarnir gera af fullri alvöru. Alvarlegasta athugasemdin er vegna tugmilljarða króna þjóðnýtingar einkaskulda. Aðgerð sem kölluð hefur verið leiðrétting, en er í raun ekkert nema himinhá greiðsla stjórnarflokkanna fyrir atkvæði sín. Með aðgerð sem ráðist var í að frumkvæði Framsóknarflokksins en með samþykki Sjálfstæðisflokksins, sem kennir sig við frelsi og ábyrgð einstaklingsins, er fjármunum sóað, sem betur væru komnir í uppbyggingu nýs sjúkrahúss eða lækkun ríkisskulda.



**Markaðshornið**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

**Alvarlegasta athugasemdin er vegna tugmilljarða króna þjóðnýtingar einkaskulda.**

Það virðist líka sem verulega skorti á virðingu fyrir góðri stjórnsýslu í ráðuneytunum þessa dagana. Með stuttu millibili hefur tvisvar verið greint frá því að í bígerð sé að flytja ríkisstofnanir, eða að minnsta kosti hluta þeirra, til svæða utan Reykjavíkurborgar. Hugmyndir um flutning Fiskistofu virðast komnar sýnu lengra en hugmyndir um flutning barnaverndarmála. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir flutningnum, önnur en sjónarmið um eflingu byggðar.

Lögfróðari menn en ég hafa bent á að Fiskistofa verður ekki flutt án þess að Alþingi samþykki lög sem heimili slíkt. Hið sama á við um breytingar á yfirstjórn barnaverndarmála. Það er ágætt, því fleiri munu þá koma að ferlinu í kringum þá ákvarðanatöku. Og þá kviknar sú spurning hvort þingmenn beggja stjórnarflokka ætli að taka þátt í þeirri grímulausu sérhagsmunagæslu framkvæmdarvaldsins sem fælist í flutningi þessara stofnana.

Við það bætast svo fréttir af meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudaginn hyggst Eygló Harðardóttir velferðarráðherra fela Barnaverndarstofu að endurnýja tæplega 500 milljóna króna þjónustusamning til þriggja ára við meðferðarheimilið Háholt í Skagafirði þrátt fyrir að Barnaverndarstofa sé eindregið á móti endurnýjun samningsins. Barnaverndarstofa segir þá meðferð fjármunanna ekki í samræmi við bestu vitund um faglegar kröfur og meðferðarþörf barna sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda. Vissulega ber ráðuneyti Eyglóar ábyrgð á stefnumótun í barnavernd. Það breytir ekki þeirri staðreynd að mesta fagþekking á málaflokknum er á Barnaverndarstofu og ráðherra væri sómi af að hlusta á skoðanir stofnunarinnar.

Ofan á þetta bætist svo landbúnaðarkerfi sem löngu er kominn tími til að verði endurskoðað. Ekki bara vegna frétta af því að allar tilraunir smásöluaðila til innflutnings á landbúnaðarvörum, hvort sem sambærilegar vörur eru framleiddar hér eða ekki, hafa verið kæfðar í fæðingu. Heldur líka vegna þess að Mjólkursamsalan hefur markvisst rutt samkeppnisaðilum af markaði með bolabrögðum.

Varðstaða um landbúnaðarkerfið og kjördæmapot er að vísu ekkert nýtt og ekkert sem einskorðast við núverandi stjórnarflokka. En flokkar sem þora ekki að gera nauðsynlegar breytingar til heilla fyrir almenning, þeir eiga ekki erindi í stjórnarmeirihluta.




**HARÐNANDI SAMKEPPNI** Hagnaður raftækjarisans Samsung dróst saman um allt að 60 prósent á þriðja ársfjórðungi þegar hann nam 3,8 milljörðum Bandaríkjadala. Minni sala á Samsung Galaxy-snjallsímunum er sögð aðalástæðan en undanfarin ár hafa þeir verið helsta tekjulind fyrirtækisins.

# Markaðsbrestir og mótvægi

**Skoðun**



Jón Sigurðsson
fyrrverandi rektor

Atvinnulíf nútíma velmegunarþjóðfélaga einkennist af mikilli fjölbreytni. Mikilvægur þáttur er svokallaður „félagsgeiri“ eða óarðsækinn rekstur þjónustu við almenning („non profit“, „Sozialwirtschaft“, „social entreprise“, „l'économie sociale“). Félagsgeirinn er talinn um 5% vergrar landsframleiðslu á heimsvísu, sem gæti talist „sjöunda stærsta hagkerfi“ heims. Um aldamótin störfuðu um 40 milljónir manna í þessum geira á heimsvísu, þar af tæpur helmingur sjálfboðaliðar.

**Í varanlegri sókn**

Félagsgeirinn mun vera einna sterkastur í Norður-Ameríku. Í Evrópu er hann mjög öflugur, en er þar í tengslum við opinbera fjármögnun og víða eru tengsl við kirkjuna. Á Norðurlöndum er verkaskiptingin önnur, enda ríkisvaldið þar umsvifameira. Almennt talað eflist félagsgeirinn eftir því sem almenn lífskjör batna og valkostum almennings fjölgar. Þannig hefur félagsgeirinn verið í varanlegri sókn sé litið yfir lengra tímabil.

Peter F. Drucker hefur skrifað mikið um félagsgeirann og mótað áhrifamiklar kenningar um stöðu hans, einkenni og mikilvægi. Drucker rakti m.a. að óarðsækinn rekstur byggist á siðrænum og félagslegum gildum sem miklu skipta fyrir almenna velferð og menningu, velmegun og framfarir.

Hann gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki sem úrræði gegn markaðsbrestum og sem mótvægisafl innan markaðshagkerfisins.

> **Mjög hefur dregið úr vægi samvinnufélaga og sparisjóða á undanförnum árum. Sú öfugþróun er ótengd rekstrarforminu.**

Óarðsækinn félagsgeiri á Íslandi birtist í rekstri frjálsra félagasamtaka, í sjálfseignarstofnunum, sjálfstæðum velferðarstofnunum og menningarstofnunum, sjálfstæðum skólum, sparisjóðum, samvinnufélögum og búsetafélögum, og lífeyrissjóðum. Fyrir nokkrum árum voru um 12 þúsund almannasamtök og áhugamannafélög skráð hér, tæplega 70 sjálfseignarstofnanir með atvinnurekstur og rúmlega 400 aðrar, sumar þeirra með rekstur. Þá voru samvinnufélög rúmlega 30, húsnæðissamvinnufélög átta og sparisjóðir átta. Og 27 lífeyrissjóðir eru starfandi í landinu.

**Breytingafrumvarp lagt fram**

Félagsgeirinn er ráðandi í velferðar- og öldrunarþjónustu. Búvörustöðvar eru samvinnufélög og Samkaup þjóna um 17% dagvörumarkaðarins. Sem dæmi um umsvif óarðsækna félagsgeirans á Íslandi má taka lífeyrissjóðina. Eignir þeirra nema um 160% vergrar landsframleiðslu og árlegar inn- og útgreiðslur þeirra um 13% vergrar landsframleiðslu. Annars er áætlað að félagsgeirinn nemi í heild um 4-7% landsframleiðslunnar.

Mjög hefur dregið úr vægi samvinnufélaga og sparisjóða á undanförnum árum. Sú öfugþróun er ótengd rekstrarforminu, en fylgir byggðaröskun og verðbólguþróun. Á síðustu árum hafa velferðarstofnanir líka lent í hremmingum. Um það vitna Hjúkrunarheimilið Eir, Sunnuhlíð, Félagsbústaðir í Hafnarfirði og fleiri slíkar stofnanir. Svipuðu máli gegnir um búsetafélögin.

Þessi vandræði staðfesta að efla þarf aðhald og samfélagslegt eftirlit með þessum rekstri, enda á óarðsækinn félagsgeiri ekki að taka á sig áhættur eða vogun eða fara út fyrir eigin svið. Samfélagseftirlit verður að auka, og einnig verður að koma í veg fyrir að skuldbindingar við aðra gangi fram fyrir skuldbindingar stofnana og samtaka við eigin félagsmenn og þjónustuþega, sparifjáreigendur, heimilismenn og íbúa í íbúðarréttar- eða búseturéttaríbúðum. Þetta má vel tryggja með skilvirkum hætti, og á Alþingi í fyrra var sérstakt breytingafrumvarp lagt fram um hluta vandans. Vonandi verður það afgreitt á næstunni.

# Er ekki kominn tími til að tengja?

**Hin hliðin**

Þórunn Jónsdóttir
frumkvöðull



Nýverið eyddi ég dágóðum tíma í Bandaríkjunum við uppbyggingu sprotafyrirtækis og tók meðal annars þátt í prógrammi sem er sérstaklega ætlað sprotafyrirtækjum í tækni. Á þeim stutta tíma sem ég varði þar í landi lærði ég sitthvað um uppbyggingu tengslanetsins, en um það hef ég áður fjallað hér á síðum Markaðarins.

Eitt það fyrsta sem ég lærði við komuna til Bandaríkjanna var að taka alla fundi sem buðust. Jafnvel þótt um væri að ræða fjárfesta eða fagaðila sem ég vissi fyrir víst að væru ekki á því sviði sem við störfuðum á. Stundum kom ekkert út úr fundunum, en iðulega fengum við tvær til þrjár kynningar þar sem viðkomandi sagði að við værum ekki á hans sviði en að hann þekkti einhvern sem við ættum að tala við. Taktu því alla fundi sem þér bjóðast – þú veist aldrei hvað kemur út úr þeim!

**Undirbúðu tengslaviðburði vel**

Ef þú færð boð á tengslaviðburð ætti það fyrsta sem þú gerir, eftir að hafa skráð þig á viðburðinn, að skoða gestalistann ef hann er opinber. Fylgdu á Twitter þeim sem ætla að mæta á og skoðaðu hvort þeir halda úti bloggsíðum eða eru áberandi í fjölmiðlum. Þannig slærðu tvær flugur í einu höggi; þú veist hverja þú þarft algjörlega að hitta á umræddum viðburði; og þú getur verið tilbúin/n með viðeigandi ísbrjóta. Skoðaðu líka Twitter-handföngin sem notuð eru í tengslum við viðburðinn og tístu einhverju daginn sem viðburðurinn er haldinn til að láta vita að þú mætir og til að auka líkurnar á því að aðrir gestir muni kynna sér þig fyrir viðburðinn.

**Vertu alltaf með nafnspjöldin á þér**

Að lokum vil ég nefna mikilvægi þess að vera alltaf (alltaf!) með nafnspjöld á sér. Ég hef í sakleysi mínu farið á veitingastað að hitta vinkonu og áður en ég veit af er ég búin að hitta fjölda fólks sem hefur áhuga á því sem ég er að gera og vill tengjast á Twitter og LinkedIn. Verandi með erfitt íslenskt nafn er ólíklegt að nokkur sem ég hitti muni muna hvað ég heiti þegar heim er komið og því hverfandi líkur á því að þau fylgi mér á samfélagsmiðlunum án þess að vera með nafnspjald frá mér. Sem minnir mig á upplýsingarnar sem ættu að vera á spjaldinu. Nafn, titill, netfang og símanúmer eru staðall. En bættu líka við Twitter- og LinkedIn-upplýsingum þínum og fyrirtækisins.

# FENIX



## Fenix RC40
**Vasaljós**
- Allt að 3500 lumens
- Drægni: 710 metrar
- Aðeins 96 grömm
- Hleðslurafhlaða: 7800mAh/7, 4V
- Allt að 160 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-8, 2 metrar

**Verð: 44.678 kr.**




## Fenix BT20
**Ljós á reiðhjól**
- Allt að 750 lumens
- Drægni: 156 metrar
- Þyngd: 121 grömm
- Allt að 19,5 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-6

**Verð: 14.903 kr.**



## Fenix HL30
**Höfuðljós**
- Allt að 200 lumens
- Drægni: Allt að 40 metrar
- Allt að 140 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-6

**Verð: 7.091 kr.**



## Fenix E25
**Vasaljós**
- Allt að 187 lumens
- Drægni: 156 metrar
- Þyngd: 75 grömm
- notar 2 stk AA rafhlöður
- Vatnsvörn: IPX-8, 2 metrar

**Verð: 6.275 kr**



## Fenix UC40 ultimate
**Vasaljós**
- Allt að 960 lumens
- Drægni: Allt að 204 metrar
- Þyngd: 144 grömm
- Vatnsvörn: IPX-8, 2 metrar

**Verð: 14.401 kr.**



## Fenix PD35
**Vasaljós**
- Allt að 850 lumens
- Drægni: Allt að 185 metrar
- Þyngd: 144 grömm
- Allt að 139 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-8, 2 metrar

**Verð: 11.483 kr.**



## Fenix HP25
**Höfuðljós**
- Allt að 180 lumens
- Drægni: Allt að 153 metrar
- Allt að 220 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-6

**Verð: 11.766 kr.**



## Fenix SD10
**Köfunar vasaljós**
- Allt að 930 lumens
- Drægni: 300 metrar
- Aðeins 96 grömm
- Allt að 14 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-8, köfun allt að 100 metrar

**Verð: 16.556 kr.**



## Fenix TK75 XM-L2 U2
**Vasaljós**
- Allt að 2900 lumens
- Drægni: Allt að 690 metrar
- Allt að 200 klst ending
- Vatnsvörn: IPX-8, 2 metrar

**Verð: 25.853 kr.**

# Sterk og langdræg ljós

**Hlauptu, hjólaðu, skoðaðu, klifraðu eða kafaðu með Fenix ljósi frá Vélum og verkfærum.**
Þessi amerísku gæðaljós fást í margskonar styrkleikum og þyngdum eftir notkunarsviði.
Fenix-ljósin veita góðri birtu inn í tilveruna þegar myrkrið sækir að.

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **USD** 121 | **DKK** 20,46 | **NOK** 18,639 | **CHF** 125,74 |
| **GBP** 194,28 | **EUR** 152,3 | **SEK** 16,798 | **JPY** 1,11 |

**FTSE**
6,495.58
- 68.07 (1.04%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 32,4 MILLJÓNA HAGNAÐUR

### Viðsnúningur á Bíldudal

Hagnaður Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. á síðasta ári nam 32,4 milljónum króna miðað við 4,9 milljóna króna tap árið 2012. Eigið fé fyrirtækisins var í árslok 2013 jákvætt um 233 milljónir króna. Fyrirtækið sækir og vinnur kalkþörungaset úr Arnarfirði sem er þurrkað í mjöl og aðrar afurðir í verksmiðju félagsins á Bíldudal. Framleiðslan er að langmestu leyti seld á erlendum mörkuðum og notuð í lífrænt dýrafóður, fæðubótarefni og áburð. Írska fyrirtækið Marigot Ltd. á 99 prósent af hlutum félagsins.

**6.10.2014** „Skipaflotinn á Íslandi er ábyrgur fyrir mjög stórum hluta þeirrar losunar sem við erum að berjast gegn. Endurfjárfesting eða nýsmíði skipa í þeim flota skilar mun minni losun, sparneytnari vélum og í alla staði hagkvæmari skipum. Það er því mikilvægt að við búum sjávarútveginum hagstæð skilyrði til að fjárfesting haldi áfram.“



***Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra*

## 287.500 GISTINÆTUR

### 11% aukning í ágúst

Gistinætur á hótelum í ágúst voru 287.500 sem er 11 prósenta aukning miðað við ágúst 2013.

Gistinætur erlendra gesta voru 91 prósent af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum.

Þeim fjölgaði um 12 prósent frá sama tíma í fyrra en gistinóttum Íslendinga fækkaði um fjögur prósent, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

## *STJÓRNARMAÐURINN*

## Banabiti bóksölu?

Fjárlagafrumvarpið hefur verið í umræðunni nýverið, og sitt sýnist hverjum. Helstu neikvæðniraddirnar snúa að hækkun lægra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 12%. Bændasamtökin, VR og ASÍ voru meðal þeirra sem vöruðu við áhrifum hækkana á matvöru. Þau rök hafa að mestu verið hrakin og verða því ekki gerð að umræðuefni hér.

**HÆKKUN** lægra þrepsins hefur þó ekki aðeins áhrif á matvöru, heldur einnig á t.d. bóksölu.

**STJÓRNARMANNINUM** hefur fundist athyglisvert að fylgjast með dómsdagsspám rithöfunda, útgefenda og bóksala um áhrif hækkunarinnar. Sala bóka er þó töluvert fyrirferðarminni í þjóðhagsreikningum Íslands en sala á matvöru, en viðbrögðin frá þessum hagsmunaaðilum hafa síst verið lágværari.

**ÞEIR** hafa áhyggjur af því að hækkun virðisaukaskatts á bækur muni minnka sölu bókmennta hérlendis. Þessar áhyggjur eru eðlilegar enda myndi minni sala á bókmenntum hafa bein áhrif á tekjur þeirra sjálfra. Rökin sem þeir beita gegn hækkuninni eru þó önnur.

**HALLGRÍMUR HELGASON** benti á að bransinn er í mjög viðkvæmu jafnvægi sem hækkunin gæti hæglega raskað, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Lesa má af orðum Hallgríms að hann telji bókaútgáfu geta lagst af ef fram fer sem horfir.

**ANDRI SNÆR MAGNASON** telur að hækkunin geti haft áhrif á eftirspurn eftir bókum, sér í lagi hjá ungu fólki, með alvarlegum afleiðingum fyrir læsi þess.

**RÖK HALLGRÍMS OG ANDRA** halda þó ekki. Ekkert orsakasamband er á milli útgefinna bóka á Íslandi og virðisauka hverju sinni. Þetta er hægt að gaumgæfa á vef Hagstofu. Aðrar markaðsaðstæður, svo sem stærð markhóps og fjöldi útgefinna titla, hafa töluvert meiri áhrif á verðlag bóka og þar af leiðandi eftirspurn. Þetta sést greinilega þegar verð bóka án virðisauka er borið saman við önnur lönd.

**STJÓRNARMAÐURINN** er einhuga fylgjandi breytingunum. Það er hann þrátt fyrir að vera almennt séð ekki sérlega hrifinn af skattahækkunum og þrátt fyrir að vera sólginn í reyfara, sem hann les til jafns við ársreikninga og hagtölur.

**BREYTINGARNAR** á virðisaukaskattskerfinu eru nauðsynlegar. Ógagnsæjum vörugjöldum er skipt út fyrir eitt skattþrep og undanþágum til sérhagsmunaaðila eytt. Auðvitað er erfitt að kyngja þessum breytingum fyrir þá sem verða fyrir þeim, en einfaldara kerfi með skilvirkari verðmyndun og meiri samkeppni er hagur okkar allra.

•••

**STJÓRNARMAÐURINN** hnaut um auglýsingu er hann vafraði um Facebook yfir kaffinu. Fyrirsögn auglýsingarinnar var Rýmingarsala á rafbókum! Fyrir hverju átti að rýma er erfitt að segja, enda ólíklegt að rafbækurnar taki mikið pláss í hillum þessa ágæta bóksala. Stjórnarmaðurinn var þó ekki lengi að skella sér á eintak, enda 1.490 kr. fyrir Arnald gjöf en ekki gjald.

@stjornarmadur




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**STUNDASKRÁ - SCHEDULE:**

NORSKA I , II & NORSKA f. Heilbrigðisgeira, ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. ENSKA f. fullorðna. Byrja/Start: 13/10, 10/11, 8/12, 13/1. 4 vikur/5 x í viku - 4 weeks/5 days a week. Kvöld/Síðdegi/ Morgna. Evenings/Afternoons/ Mornings. Aukatímar 90 mín/kr 6000,- : STÆ, EÐL, EFN. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155.

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFA - VINNUSTOFA - GEYMSLA**

Skrifstofuherbergi - 20 m2 vinnustofa/skrifstofa á 1. hæð.

**Nánar á www.leiga.webs.com**

**s. 898 7820**

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**NÝTT SUMARHÚS.**

Smíði á sumarhúsum, gesthúsum, pallasmíði, viðbyggingar. Tilboð í önnur hús, Haraldur húsasmíðameistari. Uppl. halli@ hatak. is Sími 894 0048.

Herbergi til leigu m/rúmi, aðgang að WC og eldhúsi á besta stað í bænum. S. 690 8160

### Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUHERBERGI**

Til leigu í góðu húsnæði á sv. 105 Reykjavík. Verð frá 35-60 þús. Uppl. í s. 840 0699

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚS.IS**

Hjólhýsi, húsbílar, fellihýsi, Camper, bílar, upph, húsnæði. Uppl, í s. 770-5144

**GEYMSLUHÚS.IS**

Tjaldvagnar aðeins 25.000 til 1. Mai 2015 Ath upph, húsnæði. Uppl. í s. 770-5144

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Melabúðin

**MELABÚÐIN**

Óskum eftir þjónustulunduðum og samviskusömum starfsmanni til starfa við innkaup, áfyllingu og afgreiðslu. Um er að ræða heilsdagsstarf eða hlutastarf hálfan daginn. Íslenska nauðsynleg. Upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum eða í síma.

**Melabúðin, Hagamel 39**

**s: 551-0224**

**melabudin@thinverslun.is**

HOT DOG HOUSE PYLSUHÚSIÐ

**PYLSUHÚSIÐ INGÓLFSTORGI.**

Óskum eftir starfsfólki í kvöld helgar og næturvinnu. Aldurstakmark 18 ár og Íslenskukunnátta er skilyrði.

**Umsóknir sendist à helgi@hlollabatar.is**

**Eða á staðnum milli kl 10 og 17 virka daga.**

SÓLAR

**SÓLAR EHF**

Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

**HANDFLAKARI ÓSKAST TIL STARFA HJÁ FISKIKÓNGINUM.**

Greitt pr.kg eða fast tímakaup. Nóg vinna, alla daga ársins.

Upplýsingar í síma 896 0602 Kristján, Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

Bakarí/kaffihús óskar eftir matreiðslumanni og afgreiðslufólki til starfa. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „kaffihús"

Starfskraft vantar í 100% vinnu í rótgróið fyrirtæki í hreinlætis / þjónustugeiranum. Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga. Starfsmaður þarf að vera skipulagður, duglegur og agaður. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

**MÁLARAR**

Vanir málarar óskast til starfa. Uppl. í s. 778 0100

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

**Heitar kynlífssögur**

905-2002 • 535-9930

**Símadömur • live spjall**

908-6000 • 535-9999

**HÁRGREIÐSLUFÓLK ATH.**

Stóll til leigu, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) eða í síma 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

### atvinna

**SMIÐIR**

**VERKAMENN**

**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

HANDAFL EHF

**s. 777 2 333**

### fasteignir

## Perlukór 3-A Kópavogi

**OPIÐ HÚS í dag miðvikudag milli kl. 17:00 og 18:00**

**Þriggja til fjögurra herbergja 108 fm glæsiíbúð.**

**Áhvílandi c.a. 31 millj. Íbúðalánasjóður**




Eign í sérflokki. Sérlega björt vönduð, stílhrein, vel um gengin og falleg 108,2 fm þriggja til fjögurra herbergja glæsiíbúð á annarri hæð með sérinngangi í nýlegu vönduðu þríbýlishúsi byggðu 2005 af ÍAV. Óvenju mikil lofthæð er í íbúðinni og gefur það eigninni skemmtilegt yfirbragð. Eigninni fylgir stæði í góðri bílageymslu.

**Ásett verð 36,9 millj. Áhvílandi ÍLS ca 31,0 millj.**

**Gunnhildur (GSM 856-6172) og Brynjar sýna íbúðina í dag miðvikudag milli kl. 17:00 og 18:00**

**FBJ Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar Sími 511 1555**

### atvinna




**Garðabær auglýsir eftir stjórnendum í leikskóla bæjarins**

**Leikskólinn Akrar**

- deildarstjóri

**Leikskólinn Bæjarból**

- sérkennslustjóri

**Nánari upplýsingar á vefnum www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

## MERKISATBURÐIR

**1720** Skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Húnavatnssýslu á tvo bæi og farast sex manns.

**1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað í Reykjavík.

**1910** Enskur togari rænir hreppstjóra og sýslumanni Barðstrendinga og fer með þá til Englands.

**1967** Che Guevara er handtekinn í Bólivíu.

**1969** Peter Ustinov, leikari og leikskáld, er viðstaddur frumsýningu á verki sínu, Betur má ef duga skal, í Þjóðleikhúsinu.

**2001** Arnold Schwarzenegger er kosinn ríkisstjóri Kaliforníu.

**2005** Yfir 70 þúsund manns farast í gífurlegum jarðskjálfta í Pakistan, Afganistan og Indlandi norðanverðu.

# Hlýtur kínversk bókmenntaverðlaun

Ragnhildur Sigurðardóttir rannsakaði auðlindanýtingu indíána í Norður-Ameríku.

„Þetta hefur mikla þýðingu fyrir okkur og er mjög hvetjandi. Þetta sýnir okkur að við erum á réttri leið og höfum skrifað eigulega og góða bók sem gaman er að lesa,“ segir Ragnhildur Sigurðardóttir, líffræðingur og jarðfræðingur, en hún hlaut á dögunum virt kínversk bókmenntaverðlaun. Þau fékk hún, ásamt meðhöfundum sínum fimmtán, fyrir bókina The River of Life: Sustainability Practices of Native Americans and Indigenous Peoples.

„Við notuðum efni, bæði frá Íslandi og Indónesíu og fórum í gegnum auðlindanýtingu og gerð hennar fyrst og fremst hjá indíánum Norður-Ameríku,“ segir Ragnhildur.

Bókin var valin úr bunka hundrað bestu bóka sem komu út í Kína árið 2013 og innihalda ekki skáldskap. Meðhöfundar Ragnhildar voru meðal annarra fyrrverandi rektor hennar í Yale-háskóla og prófessorar þaðan, ásamt þremur indíánum. Tveir þeirra stunda nám við Yale-háskóla og sá þriðji er þingmaður í Washington.

„Kjarninn í þessum hóp er búinn að skrifa saman fræðirit um þróun, umhverfismál og vistfræði síðustu 15 ár. Þessi hópur kom saman í Yale-háskóla, en bókin var unnin í Seattle,“ segir Ragnhildur.

Ragnhildur Sigurðardóttir er lærður líf- og jarðfræðingur frá Háskóla Íslands, er master í skógarvísindum og er með M.Sc. og M.Phil og Ph.D. í vistkerfavistfræði frá Yale-háskóla.

adda@frettabladid.is



**RAGNHILDUR** Bók hennar og meðhöfunda var valin úr hundrað bestu bókum Kína árið 2013, utan skáldverka. MYND/ÚR EINKASAFNI

---

†



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG NIELSEN**
**Kirkjubraut 5, Seltjarnarnesi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 5. október.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. október kl. 13.00.

**Margrét Bragadóttir**
**Sigurbjörg Dagmar Hjaltadóttir**
**Ingunn Anna Hjaltadóttir**
**Hildur Vala Hjaltadóttir**
**Bragi Þór og Kári Freyr**
**Hjalti Valur Helgason**
**Jón Sigurður Ingason**
**Tryggvi Steinn Helgason**
**Einar Örn Hannesson**

---










Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið

---

†



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,

**ELENORE MARTH**
**Sandhólaferju, Djúpárhreppi / Colares, Portúgal,**

lést á Cuf-spítalanum í Lissabon þann 5. október 2014 eftir stutta legu.

**Ulrich Marth**
**Sabine Marth**
**Jochum M. Ulriksson**
**Ulrika Marth**
**Valur Marinósson**
**Anne Majoran**
**Rafael Naidorf**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁSTU HAUKSDÓTTUR SIGURZ**
**Búlandi 31, Reykjavík.**

**Magnús Reynisson**
**Skúli Eggert Sigurz**
**Jóhanna S. Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Ingólfsson**
**Sigurður Haukur Sigurz**
**ömmu- og langömmubörn.**
**Sigríður Jóhanna Tyrfingsdóttir**
**Ingunn Þóra Jóhannsdóttir**
**Björg Eyjólfsdóttir**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR V. FRIÐÞJÓFSSON**
**fv. skrifstofustjóri við Háskóla Íslands,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli 5. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 15. október kl. 13.

**Jenný Sólveig Ólafsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Ólöf Sigfríður Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Sigrún Jóns**
**og barnabörn.**
**Jón Hördal Jónasson**
**Þórir Jónsson**
**Stefán Jakobsson**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**MAGNÚS JÓNSSON**
**Háteigi 19, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 24. september 2014. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Aðstandendur vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks legudeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, D-álmu.

**Sigríður Magnúsdóttir**
**Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir**
**Kristbjörg Jónína Magnúsdóttir**
**Sjöfn Magnúsdóttir**
**Elísabet Magnúsdóttir**
**Pétur Magnússon**
**Sigurborg Magnúsdóttir**
**Einar Haukur Helgason**
**Óskar Gunnarsson**
**Hafþór Óskarsson**
**Valerie Jaqueline Harris**
**Gunnar Ellert Geirsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir og systir,

**GESTRÚN SVEINSDÓTTIR**
**fyrrverandi kaupmaður á Tálknafirði, Ægisvöllum 1, Keflavík,**

sem lést þann 1. október í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 10. október kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á félagið Heilavernd.

**Ólafur Helgi Gunnbjörnsson**
**Sveinbjörg Erla Ólafsdóttir**
**Gunnbjörn Ólafsson**
**Guðný Ösp Ólafsdóttir**
**Geirlaug Jónsdóttir**
**Kolbrún Sveinsdóttir**
**Bjartmar Hannesson**

---

†



Þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

**RAGNHILDAR HELGADÓTTUR.**

**Helgi B. Thoroddsen**
**Sigrún B. Bergmundsdóttir**
**Bergmundur og Jóhannes**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL STEINAR BJARNASON**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands 2. október. Minningarathöfn verður í Áskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 9. október klukkan 11.00. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju í Hornafirði föstudaginn 10. október klukkan 14.00.

**Gróa Ormsdóttir**
**Helga Lilja Pálsdóttir**
**Birna Þórunn Pálsdóttir**
**Páll Rúnar Pálsson**
**Jón Pálsson**
**Björk Pálsdóttir**
**Sturlaugur Þorsteinsson**
**Sigurður Grímsson**
**Hrönn Björnsdóttir**
**Geir Þorsteinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur.**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**RAGNAR ÞÓRÐARSON**
**Grænumörk 5, Selfossi,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 2. október. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 11. október kl. 13.30.

**Ragnhildur Einarsdóttir**
**Þórmar Ragnarsson**
**Heiðveig Ragnarsdóttir**
**Jóhanna Ragnarsdóttir**
**Eyrún Ragnarsdóttir**
**Einar Jónas Ragnarsson**
**Elfa B. Þorleifsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**
**Jónína M. Kristjánsdóttir**
**Henning Frederiksen**
**Bjarni Halldórsson**
**Sigurður M. Guðmundsson**
**Petra Vijn**
**Örn Sigurðarson**



XLT
Hrefna Sætran
& DOMINO'S KYNNA
„Góðgerðarpizzan í ár er með sérlega bragðmiklu áleggi. Þar má fyrst telja lauk og rauðlauk sem gefa henni heilmikinn kraft og svo beikonkurlið sem mér finnst alltaf gefa eitthvað extra og er algjörlega ómissandi. Hægeldaða grísakjötið er hinsvegar aðalatriðið, það er alveg ótrúlega mjúkt og gott. Íslenski cheddar-osturinn virkar síðan afskaplega vel með grísakjötinu og gefur sérstakan keim og svo toppa ég herlegheitin með BBQ swirl sósu.“
GOTT MÁL
PULLED PORK ~ CHEDDAR OSTUR ~ BEIKONKURL ~ LAUKUR ~ RAUÐLAUKUR~ BBQ SWIRL
GÓÐGERÐARPIZZA TIL STYRKTAR ÞÖRFU MÁLEFNI
Domino's og meistarakokkurinn Hrefna Sætran hafa tekið höndum saman og styrkja Minningarsjóð Lofts Gunnarssonar með sölu á sérstakri pizzu, dagana 6.–10. október. Stór pizza kostar 3.199 kr. og miðstærð 2.799 kr.
ÖLL SALAN RENNUR ÓSKIPT
TIL
Minningarsjóðs Lofts Gunnarssonar
Fjárhæðin verður notuð til að kaupa rúm og aðbúnað fyrir útigangsfólk. Minningarsjóður Lofts Gunnarssonar var stofnaður í minningu Lofts og er tilgangur hans að bæta hag útigangsmanna í Reykjavík ásamt því að berjast fyrir að lögbundin mannréttindi þeirra séu virt af borg og ríki.
Ali
TM
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345




**KL. 20:25**
**A to Z**
Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna.

# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 20:05**
**Heimsókn**
Sindri Sindrason lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.



**KL. 20:50**
**Grey's Anatomy**
Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.



**KL. 21:35**
**Forever**
Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.



**KL. 22:00**
**Sherlock Holmes: A Game of Shadows**
Hörkuspennandi mynd með Robert Downey Jr., Rachel McAdams, Noomi Rapace og Jude Law í aðahlutverkum.



**KL. 21:00**
**The Mentalist**
Fjórða serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



**KL. 20:30**
**X-Factor UK**
Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir einstaklingar fá tækifæri til að slá í gegn.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 3 | | 9 | 7 | | |
| 9 | | | | 4 | | 2 | | 3 |
| | | | | | 1 | | 6 | |
| 8 | 3 | 1 | | | | | 4 | |
| | | 4 | 9 | | 5 | 6 | | |
| | 6 | | | 3 | | | 7 | |
| | | | 1 | | | 8 | 9 | 6 |
| | | 7 | | | | | | 5 |
| | 9 | 3 | 2 | | | 4 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 9 | 2 | | 5 | | 6 |
| 6 | | 9 | | | | 8 | | 3 |
| | | 7 | 5 | 4 | 8 | | | 1 |
| | 6 | | | | | | | |
| | 4 | | | | 1 | | 9 | 5 |
| 4 | | | 6 | | 2 | | | |
| | 2 | | | 9 | 7 | 6 | 8 | |
| | | | | 3 | 4 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | | 2 | | 1 | | | | |
| | | 9 | | 3 | | 5 | | |
| 4 | | | 8 | 9 | | 1 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 4 | 3 | | | 7 | 6 | | |
| 7 | | | | 8 | | 9 | | |
| 8 | 5 | | | 2 | 6 | 4 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 | 3 | 7 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 6 | 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 9 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 | 6 |
| 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 2 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 7 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 | 8 | 4 |
| 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 7 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 9 | 5 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ást er eina aflið sem getur breytt óvini í vin.“
*Martin Luther King.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** utan, **8.** sauðagarnir, **9.** sódi, **11.** eyðileggja, **12.** goðsagnavera, **14.** ránfugl, **16.** sjó, **17.** hópur, **18.** fugl, **20.** fyrir hönd, **21.** trjóna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rótartauga, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** nýta, **10.** berja, **13.** mjög, **15.** Innyfla, **16.** afbrot, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** án, **8.** vil, **9.** gos, **11.** má, **12.** atlas, **14.** fálki, **16.** sæ, **17.** lið, **18.** örn, **20.** pr, **21.** kani.
**LÓÐRÉTT: 1.** tága, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** notfæra, **10.** slá, **13.** all, **15.** iðra, **16.** sök, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sverrir Þorgeirsson (2.221), Skákdeild Hauka, hafði svart gegn Róbert Lagerman (2.305), Vinaskákfélaginu, á Íslandsmóti skákfélaga.**
**Svartur á leik:**



**17....d4! 18. Rxd4** (Skást var 18. Bf2 dxc3 19. Bxh4 cxd2 20. Bxd8) **18....Rxd4 19. Bxd4 Bg4 20. De3 Bxd1 21. Bxb6 axb6 22. Rxd1 De7** og skiptamun yfir vann svartur örugglega nokkru síðar.
**www.skak.is** Íslenskir skákmenn í Vegas.




ENNEMM / SÍA / NM59858

# MENNING

## Skrímslin orðin tíu ára

BÆKUR ★★★★★

**Skrímslakisi**
Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal
**MÁL OG MENNING**

Þótt ótrúlegt megi virðast eru tíu ár síðan fyrsta skrímslabókin, Nei! sagði litla skrímslið, kom út, eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. Skrímslin voru ekki lengi að festa sig í sessi hjá ungum lesendum og þótt elstu aðdáendurnir séu líklega vaxnir upp úr bókaflokknum hlýnar þeim eflaust um hjartarætur að sjá að þessir gömlu vinir þeirra eru enn að bardúsa ýmislegt. Á dögunum kom nefnilega út áttunda bókin um viðkvæmu skrímslin tvö.




Bókin ber titilinn Skrímslakisi en þar hefur litla skrímslið eignast kettling og hann tekur fullmikið af athygli eigandans – eða það finnst stóra skrímslinu í það minnsta. Vinirnir geta auk þess ekki lengur klifrað í trjám, því kisi er svo lítill, og ekki farið að synda, því kisi er hræddur við vatnið, og þar fram eftir götunum. Lesandinn veltir kannski fyrir sér hvort stóra skrímslið sé í raun afbrýðisamt út í litla skrímslið sem á svona sætan kettling, eða sjálfan kettlinginn sem fær alla athyglina frá litla skrímslinu, bara með því að vera til. Kannski veit stóra skrímslið ekki einu sinni svarið sjálft þegar það tekur málin í sínar hendur.

Það sem einkennir skrímslabækurnar er að sagan er sögð á mörgum plönum, myndirnar standa einar og sér, sem og textinn, en á blaðsíðum bókarinnar talar textinn við myndirnar og segir enn aðra sögu. Til dæmis þegar stóra skrímslið tekur málin í sínar hendur er það ekki sagt berum orðum heldur gefið í skyn með samtali mynda og texta. Þannig er lagt mikið traust á lesandann og ánægjan af lestrinum verður enn meiri og jafnframt skapast tilefni til umræðna milli foreldra og barna.

Textinn er broslegur, persónur skrautlegar og myndirnar afar lifandi. Form bókarinnar er öðruvísi og aðlaðandi. Allt virðist vera útpælt, enda hafa höfundar nú tíu ára reynslu af samvinnu við þessi skrautlegu skrímsli.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Afar vönduð og lifandi barnabók á mörgum plönum sem býður upp á að vera lesin margsinnis og alltaf hægt að finna eitthvað nýtt til að tala um.

# Elítan í norrænum barnabókmenntum

**Mýrin, alþjóðleg barnabókahátíð, hefst á morgun. Þar rekur hver viðburðurinn annan og fræðimenn og höfundar víðs vegar að láta ljós sitt skína.**

Alþjóðlega barnabókahátíðin Mýrin hefst í sjöunda sinn í Norræna húsinu á morgun og stendur fram á sunnudag. Á henni koma fram á fjórða tug íslenskra og erlendra rithöfunda. Stór sýning byggð á norrænum barnabókmenntum er haldin í tengslum við hátíðina og stendur yfir í sjö vikur. Á hátíðinni verður einnig haldið málþing um framtíð barnabókmennta, ýmsar málstofur, sköpunarsmiðjur og fleira og fleira.

„Þetta er þétt dagskrá,“ segir Tinna Ásgeirsdóttir verkefnastjóri. „Á morgun verður dagskrá fyrir skólahópa, málstofur og stefnumót við höfunda, á föstudag er málþing um framtíðina í barnabókmenntum sem stendur allan daginn og þarf að skrá sig á. Á laugardag verða fleiri málstofur, meðal annars málstofa um það hvernig rithöfundar og barnabókmenntir nálgast viðkvæm viðfangsefni á borð við dauðann og önnur um það sem er tabú að skrifa um í barnabókum á hverjum tíma undir yfirskriftinni Tabú og tíðarandi, sem ég held að verði mjög skemmtileg.“

Á sunnudaginn verða svo upplestrar, leiðsögn og myndasmiðja fyrir börn og foreldra. „Það er rétt að undirstrika að smiðjurnar eru allar hugsaðar sem fjölskylduviðburðir,“ segir Tinna. „Við hvetjum foreldra til að taka þátt í þeim með börnum sínum.“



**TINNA ÁSGEIRSDÓTTIR** „Allir fyrirlesarar á hátíðinni eru í fremstu röð á sínu sviði. Þetta verður rosaflott.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á laugardag og sunnudag munu þeir höfundar sem eru tilnefndir í ár til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs lesa upp úr bókum sínum frá klukkan 13 til 15. „Þetta er elítan í barnabókmenntum á Norðurlöndunum í dag,“ segir Tinna. „Og allir fyrirlesarar á hátíðinni eru í fremstu röð á sínu sviði. Þetta verður rosaflott.“

Allar upplýsingar um viðburðina og tímasetningar þeirra er að finna á heimasíðu hátíðarinnar myrin.is.

fridrikab@frettabladid.is






**SPILA BEETHOVEN** Septettinn skipa Arngunnur Árnadóttir, Jósef Ognibene, Michael Kaulartz, Nicola Lolli, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Júlía Mogensen og Richard Korn.

# Septett í Es-dúr á háskólatónleikum

**Sjö hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja verk Beethovens í hátíðarsal HÍ í dag.**

Á háskólatónleikum í dag flytja sjö hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands Septett í Es-dúr op. 20 eftir Ludwig van Beethoven. Septettinn skipa Arngunnur Árnadóttir á klarínettu, Jósef Ognibene á horn, Michael Kaulartz á fagott, Nicola Lolli á fiðlu, Þórunn Ósk Marinósdóttir á víólu, Júlía Mogensen á selló og Richard Korn á kontrabassa.

Beethoven samdi Septett í Es-dúr op. 20 árið 1800 og tileinkaði verkið Maríu Theresu, keisaraynju af Austurríki. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.30 og fara fram í Hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands. - fsb

*Fyrirlestur á ensku: Christof Leuze*

*Hvernig* lífið heldur áfram eftir dauðann
*séð með augum Gralsboðskaparins*



**Miðvikudagur, 8. október 2014 • kl. 20:00** Aðgangseyrir: 500 kr.
Í Norræna húsinu , Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

*Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey*

Dauðinn sem fæðing inn í handanheima
*séð með augum Gralsboðskaparins*



**Fimmtudagur, 9. október 2014 • kl. 20:00** Aðgangseyrir: 500 kr.
Í Norræna húsinu, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Sími: 842 2552 Mail: vasey-leuze@gral-norden.net

Skipuleggjandi: GRAL-NORDEN • www.gral-norden.net

## Sunna og Ornstein saman

Djasspíanistinn **Sunna Gunnlaugs** er nýkomin frá Berlín þar sem hún lék dúó-tónleika með þýska píanistanum Juliu Hülsmann fyrir fullu húsi. Nú tekur hún á móti hollenska bassaklarinettuleikaranum Maarten Ornstein og munu þau tvö halda þrenna tónleika hér á landi í vikunni.

Maarten Ornstein starfrækir hljómsveitina Dash í Amsterdam og sækir í rætur eþnískrar tónlistar frá ýmsum svæðum auk hins hefðbundna og óhefðbundna í djasstónlistinni. Sunna og Maarten ná saman á einstaklega næman máta í túlkun á eigin tónsmíðum með skvettu af Thelonious Monk, Bill Frisell og aldagamalli tyrkneskri menningu.

Fyrstu tónleikar þeirra verða í Múlanum á Björtu loftum í Hörpu klukkan 21 í kvöld. Annað kvöld verða þau í Bergi í Reykjanesbæ klukkan 19.30 og síðustu tónleikarnir verða í Tónbergi á Akranesi klukkan 20 á föstudagskvöldið.



## Rakel sýnir í Deiglunni

Rakel Sölvadóttir opnar sína fyrstu einkasýningu í Deiglunni á Akureyri laugardaginn 11. október klukkan 15 undir yfirskriftinni #1. Á sýningunni skoðar Rakel listrænt og samfélagslegt hlutverk fatahönnunar og snertir á ýmsu varðandi tísku og fatnað.

Sýningin stendur til 9. nóvember og er opin þriðjudaga til sunnudaga frá klukkan 12 til 17. Aðgangur er ókeypis.



**SPJALLAR VIÐ GESTI** Þóra Sigurðardóttir ræðir við gesti í Hafnarborg annað kvöld.

## Leiðsögn í Hafnarborg

Þóra Sigurðardóttir myndlistarmaður tekur á morgun klukkan 20 þátt í leiðsögn og ræðir við gesti um verk sín á sýningunni Rás, sem nú stendur yfir í Hafnarborg.

Þóra á að baki langan feril og hefur verið mikilvirk í íslensku myndlistarlífi. Hún notar myndlistina til að kanna veröldina og til endurskoðunar á hversdagslegustu hlutum. Þetta má glöggt sjá í framlagi hennar til sýningarinnar Rás, en þar notar hún ofur hversdagslegan hlut sem uppsprettu teikninga sem öðlast sjálfstætt líf og eigið listrænt gildi.

Sýningin Rás var valin úr innsendum tillögum en undafarin ár hefur verið kallað eftir tillögum að haustsýningu í Hafnarborg. Hinn 13. október rennur út frestur til að skila inn tillögum að sýningu í safninu haustið 2015.

# Þjóðlög og djass gullaldaráranna í Salnum

Hljóðfæraleikarar í hæsta gæðaflokki spila á tvennum tónleikum í Salnum um helgina. Guitar Islancio er þar á föstudagskvöld og Icelandic All Star Jazzband á laugardag. Bjössi Thor er í báðum böndunum.

Við í Guitar Islancio spilum á kassagítara og erum frekar þekktir fyrir þjóðlagastíl en Icelandic All Star Jazzband leikur djass gullaldaráranna. Það eru lög sem samin voru kringum 1950," segir Björn Thoroddsen um mismuninn á þessum tónleikum sem hann spilar á um næstu helgi í Salnum og eru hluti af árlegri djass- og blúshátíð í Kópavogi.

Á föstudag klukkan 20 kemur hann fram með Guitar Islancio. Það tríó skipa auk hans Gunnar Þórðarson gítarleikari og Jón Rafnsson kontrabassaleikari.

Í Icelandic All Star Jazzband sem leikur í Salnum á laugardagskvöld klukkan 20 eru Sigurður Flosason sem leikur á saxófón, Tómas R. Einarsson á kontrabassa, Einar Valur Scheving á trommur og Kjartan Valdemarsson á píanó, auk Björns á gítar.

Jazz- og blúshátíðin hófst um liðna helgi þegar Björn hélt um 20 mínútna tónleika í heimahúsum í Kópavogi og segir það hafa verið skemmtilega upplifun.

**- gun**



**ROKNA STUÐ** „Það var skemmtileg upplifun að spila heima í stofum," segir Björn sem greinilega nýtur sín vel. MYND ÚR EINKASAFNI




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DRACULA | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| DRACULA LÚXUS | KL 10.45 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE EQUALIZER LÚXUS | KL 5 - 8 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EQUALIZER | KL 6 - 9 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BOYHOOD | KL 5.40 - 9 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 - 9 | 14 |

LAUGARÁSBÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| DRACULA UNTOLD | 8, 10 | 16 |
| SMÁHEIMAR | 5:40 | L |
| THE EQUALIZER | 6, 9 | 16 |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:40, 8, 10:20 | 16 |

SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| ANNABELLE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| AFINN | KL. 5:40 - 6:30 - 8 - 9 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 10:30 | 12 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 6:20 - 9 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:50 | 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | L |
| IF I STAY | KL. 8 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:30 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE | KL. 10:40 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE | KL. 10:20 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 8 | 16 |
| AFINN | KL. 8 | L |
| THE EQUALIZER | KL. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |
| IF I STAY | KL. 10:20 | 12 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**MORRISSEY** Segist ekki vera hræddur við dauðann.

## Berst við krabbamein

Morrirsey, fyrrum söngvari hljómsveitarinnar The Smiths, hefur glímt við mikil veikindi síðasta eina og hálfa árið og þurft að leggjast inn á spítala vegna þess. Hann berst við krabbamein en segist í samtali við El Mundo að hann óttist ekki dauðann. „Ef ég dey, þá dey ég. Og ef ég geri það ekki þá dey ég ekki. Akkúrat núna líður mér vel. Ég geri mér grein fyrir því að á sumum nýlegum myndum af mér lít ég illa út. En svona fara veikindin með mann. Ég ætla ekki að hafa áhyggjur af því, ég hvíli mig þegar ég er dáinn.“

# Háhraða hugarró

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég ók eins og fjandinn væri á hælunum á mér. Sveiflaðist milli akreina eins og ég væri að sikksakka buxnaskálm með spori 4. Skipti niður, gaf í, bremsaði snögglega og skaut mér inn á milli. Hjartað ólmaðist í brjóstinu þegar litlu mátti muna eitt skiptið og bálreiður ökumaður þeytti hornið. Ég svaraði í sömu mynt og lamdi í stýrið til áhersluauka. Steig svo fast á bensíngjöfina og komst inn í röðina á fyrir framan hann. Þetta akstурslag náði engri átt en það varð að hafa það. Ég var sein fyrir.

**ÉG** var varla komin út úr hverfinu en ferðinni var heitið í næsta bæjarfélag. Það voru óþægilega margir á sömu leið, þvældust fyrir mér og ýfðu skapið. „Af hverju er fólk ekki bara heima hjá sér,“ öskraði ég á bílrúðuna og gaf ekkert fyrir undrunarsvip farþegans í næsta bíl. Þegar út á hraðbrautina var komið gengu hlutirnir hraðar og ég spólaði áfram, vongóð um að ná í tæka tíð. Rauð ljós töfðu þó enn fyrir mér en með miðflóttaaflinu vann ég upp tíma á hringtorgum.

**AF** hverju fór ég ekki fyrr af stað? Sumir dagar eru bara svona. Gjörsamlega ekki ein einasta mínúta aflögu. Teygst hafði úr vinnudeginum og þegar heim var komið biðu hversdagslegar annir sem ég gat ekki sleppt. Ég lagði af stað um leið og ég hafði gefið ormunum hressingu, hlustað á heimalesturinn, hengt upp úr vélinni, hent í aftur, hreinsað upp, gengið frá, allt á innan við 11 mínútum!

**Á** áfangastað tróð ég mér á milli bíla á ruglingslegu bílastæðinu, svo þröngt að ég þurfti nánast að smokra mér út um bílgluggann. Stökk yfir drullupollana, þeyttist inn um dyrnar, niður tröppurnar, reif mig úr skónum, henti af mér úlpunni, kastaðist inn í salinn og fleygði mér á dýnuna.

**„EINBEITIÐ** ykkur að andardrættinum og kyrrið hugann. Skiljið allt áreiti eftir fyrir utan salinn. Næsta klukkutímann verðum við bara hér og nú,“ sagði flauelsmjúk rödd.

**NEI,** bara, ég var á leiðinni í jóga!

# Þættirnir Ófærð forseldir til meginlandsins

Tökur á nýju íslensku sakamálaþáttunum Ófærð, eða Trapped eins og þeir kallast á ensku, hefjast í haust.



**SAKAMÁL Á SEYÐISFIRÐI** Sigurjón lofar drungalegum sakamálaþáttum.

„Það er mjög góð stemning fyrir þessu,“ segir Sigurjón Kjartansson, einn handritshöfunda að nýju íslensku þáttaröðinni Ófærð eða Trapped, en þættirnir hafa nú þegar verið seldir til Frakklands, Þýskalands og Norðurlandanna.

Þættirnir, sem verða teknir upp í haust á íslensku og aðallega með íslenskum leikurum, verða talsettir í Þýskalandi og Frakklandi en sýndir með texta í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Leikarar sem hafa verið staðfestir eru meðal annars Ólafur Darri og Bjarne Henriksen úr Forbrydelsen.

Sigurjón segir að þetta verði drungalegir sakamálaþættir sem gerast á Seyðisfirði. „Þegar ferja með 300 ferðalöngum frá Danmörku lendir í smábæjarhöfn brestur á stórhríð. Ferjan getur ekki snúið við fyrr en storminn lægir. Eini vegurinn inn í bæinn lokast. Illa limlest lík finnst í flæðarmálinu og ekki er hægt að bera kennsl á manninn, sem var greinilega myrtur nokkrum klukkustundum áður. Lögreglustjórinn á svæðinu, Andri Ólafsson, mætir á svæðið og uppgötvar að morðingi er laus í bænum. Þegar fréttin berst út veldur hún miklu uppnámi þar sem bæði ferðalangarnir og íbúarnir uppgötva að þeir liggja allir undir grun á meðan morðinginn gengur laus.“ - þij


Samkeppni um
# jafnlaunamerki

**Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir samkeppni um hönnun á nýju einkennismerki, jafnlaunamerki fyrir vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana.**

**Samkeppnin er öllum opin en veitt verða ein verðlaun**

**að upphæð 1.000.000 kr.**

**Skilafrestur tillagna er til kl. 12:00, 5. nóvember 2014.**

Einkennismerkið skal endurspegla inntak jafnlaunastaðals þ.e. að jafnverðmæt störf njóti sömu kjara og réttinda óháð kyni og hvers konar mismunun. Merkið þarf að vera nothæft í alþjóðlegu samhengi þar sem Jafnlaunastaðallinn er fyrstur sinnar tegundar í heiminum og gæti verið þýddur og innleiddur erlendis. Merkið þarf að vera áhugavert, einkennandi og auðvelt í notkun í öllum miðlum. Valdar tillögur verða sýndar á norrænni ráðstefnu um jafnlaunamál og jafnrétti á vinnumarkaði þann 13. nóvember. Á ráðstefnunni fer verðlaunaafhending einnig fram.

Jafnlaunastaðallinn er stjórntæki sem nýtist atvinnurekendum við mótun eða endurskoðun á launastefnu sinni og þeim aðferðum og viðmiðum sem notuð eru við launasetningu. Jafnlaunastaðallinn er afurð áralangs samstarfs heildarsamtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Um er að ræða útfærslu á ákvæði í jafnréttislögum 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna til launa. Markmið innleiðingar jafnlaunastaðals er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum svo jafnverðmæt störf njóti sömu kjara og réttinda.

**Nánari upplýsingar um hönnunarsamkeppnina er að finna á vefslóðinni www.honnunarmidstod.is**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre




**HARÐUR** Sun Kil Moon. Hann og The War on Drugs spila á Íslandi í nóvember.

## Rokkarar í deilum

Mark Kozelek í hljómsveitinni Sun Kil Moon, sem treður upp í Fríkirkjunni í nóvember, hefur nú gefið út lagið „War on Drugs: Suck My Cock“ sem mætti kalla „disslag“ á sveitina The War on Drugs, sem kemur fram á Airwaves í ár. Forsaga málsins er sú að Sun Kil Moon og War on Drugs komu fram á sama tíma á Ottawa Folk-tónlistarhátíðinni. Þegar hávaðinn í tónleikum War on Drugs yfirgnæfði tónleika Sun Kil Moon reiddist Kozelek og sagði að næsta lag sitt héti: „The War on Drugs má sjúga helvítis typpið á mér.“ Kozelek hefur greinilega ekki látið deigan síga því hann samdi þetta háfleyga lag og gaf út á netinu í gær.

Í laginu kallar Kozelek The War on Drugs „hvítustu hljómsveit“ sem hann hafi nokkurn tíma heyrt. Þá kallar hann tónlist þeirra „ómerkilegt John Fogerty-rokk“ og „bjórauglýsingarokk“. - þij

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## 20 ára



### INDVERSKT AFMÆLI

*5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.-sun.*

**FORRÉTTUR**
*(veljið einn)*
Jeera grillað lamb
Chicken "65"
Cafreal kjúklingur
Malwani risarækjur

**AÐALRÉTTIR**
*(veljið þrjá)*
**Úr Tandoori ofninum**
Kalimirchi lamb
Chutneywala lamb
Lagan kjúklingur
Lasooni kjúklingur
Hariyali lax
**Aðrir aðalréttir**
Vindaloo lamb
Achari lamb
Tikka Masala kjúklingur
Kori Gassi kjúklingur
Aloo Baigan Rajawadi grænmetisréttur
Meloni Sabzi grænmetisréttur

**MEÐLÆTI**
*(fylgir allt með)*
Blanda af Naan brauði,
Raitha, Pulao hrísgrjón
og heimalagað Chutney

**EFTIRRÉTTUR**
*(veljið einn)*
Engifer crème brûlée
Pistasíu Kulfi

## BROT AF ÞVÍ BESTA

Í október galdra kokkarnir fram eftirlætisrétti úr 20 ára reynslubrunni Austur-Indía. Ekta indverskt afmæli í gjörbreyttum og glæsilegum veitingasal - þetta verður meiri veislan!

**Fimm rétta hátíðarmatseðill:**
**5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Sérvalin vín með mat á aðeins 4.990 kr. og seiðandi afmæliskokteill á vafalítið huggulegasta bar landsins á aðeins 1.500 kr.

**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

*„Einfaldlega besti indverski matur í heimi"*
*Jakob Frímann Magnússon*

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552 1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30-22:00 og fös.-lau. 17.30-23.00

## Stjarnan fær rússneskt lið í heimsókn



**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Stjörnunnar fá rússneska liðið Zvezda 2005 í heimsókn í kvöld í fyrri leik liðanna í 32-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Seinni leikurinn fer fram í Perm í Rússlandi 16. október.

Stjörnustúlkur, sem hafa unnið Pepsi-deild kvenna með yfirburðum síðustu tvö tímabil, þreyttu frumraun sína í Evrópukeppni fyrir tveimur árum. Þá, líkt og nú, mættu þær rússnesku liði, Zorkij. Liðin gerðu markalaust jafntefli á Samsung-vellinum í fyrri leiknum, en Stjarnan lék manni færri í 65 mínútur eftir að Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur var vikið af velli í fyrri hálfleik. Zorkij hafði svo betur í seinni leiknum með þremur mörkum gegn einu og fór áfram. - iþs



**FULLTRÚAR LIÐANNA TÓLF** Leikmenn frá liðunum tólf í Dominos-deild karla sem keppa um Íslandsmeistaratitilinn í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## KR og Keflavík „rústuðu“ spánni

**KÖRFUBOLTI** Karlalið KR og kvennalið Keflavíkur líta best út að mati fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Dominos-deildum karla og kvenna en spá þeirra var birt á árlegum kynningarfundi fyrir deildirnar sem fram fór í gær.
KR fékk 425 stig (af 432 mögulegum) og 83 stigum meira en næsta lið sem er Grindavík. Stjarnan og Njarðvík eiga líka að vera með heimavallarrétt í úrslitakeppninni samkvæmt spánni en fjögur síðustu liðin inn í úrslitakeppnina verða síðan nýliðar Tindastóls, Haukar, Keflavík og Snæfell. ÍR og Skallagrími er spáð falli. Dominos-deild karla hefst á fimmtudaginn.
Kvennalið Keflavíkur fékk 174 stig (af 192 mögulegum) eða 28 stigum meira en Íslandsmeistarar Snæfells. Grindavík og Valur komast líka í úrslitakeppnina. Hamarskonur falla en lið Hvergerðinga hefur misst marga lykilmenn frá því í fyrra.
Kvennadeildin hefst í kvöld með eftirtöldum leikjum: KR-Valur, Snæfell-Haukar, Keflavík-Breiðablik og Grindavík-Hamar. - óój

# Sá besti blómstraði í nýrri stöðu

FH-ingurinn **Atli Guðnason** er leikmaður ársins hjá Fréttablaðinu og Vísi en hann var með hæstu meðaleinkunn af öllum leikmönnum Pepsi-deildar karla í fótbolta. Fréttablaðið fer í dag yfir hvaða leikmenn stóðu sig best í sumar samkvæmt einkunnagjöfinni.

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur tekið saman frammistöðu leikmanna Pepsi-deildar karla í sumar og það er þrítugur FH-ingur sem vann öruggan sigur í einkunnagjöf blaðamanna Fréttablaðsins og Vísi.

„Þetta er varla sárabót. Maður getur alveg verið glaður með svona einstaklingsverðlaun en þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta liðsíþrótt og maður er að sækjast eftir Íslandsmeistaratitlinum. Þegar hann vinnst ekki þá er maður eiginlega aldrei sáttur,“ sagði Atli Guðnason þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær en þá var hann að leika sér við dóttur sína.

### Munaði millimetrum

Atli var aðeins nokkrum millimetrum frá því að tryggja FH-ingum Íslandsmeistaratitilinn á laugardaginn, fyrst þegar Ingvar Jónsson varði skalla hans á ótrúlegan hátt í fyrri hálfleik og svo þegar skot hans small í stönginni á lokamínútum úrslitaleiksins milli FH og Stjörnunnar. Stjörnumenn sluppu með skrekkinn og skoruðu síðan sigurmarkið í uppbótartíma. Atli fær smá sárabót frá Fréttablaðinu.

„Þetta var stöngin út en þetta voru líka slæmar ákvarðanir sem við getum lært af. Ég veit samt ekki hvernig við eigum að geta verið nær þessu,“ segir Atli sem fékk nokkur færi í leiknum til að skora sitt ellefta mark á leiktíðinni.

### Bjó til tólf mörk í síðustu sex

Atli var með 6 mörk og 6 stoðsendingar í síðustu 6 leikjum FH-liðsins á tímabilinu.

„Endaspretturinn var nokkuð góður,“ segir Atli yfirvegaður. „Ég hef ekki verið yfirlýsingaglaður maður hingað til og ætla ekki að fara að breyta því núna. Þetta var svona allt í lagi en svolítið gloppótt með góðum leikjum inn á milli,“ sagði Atli. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-liðsins, virðist hafa kveikt vel í sínum manni með því að setja hann á bekkinn tvo leiki í röð í lok ágústmánaðar.

„Það breytti ekkert mínum leik að vera settur á bekkinn því ég spila alltaf eins. Ég fékk reyndar að fara í aðra stöðu sem var mjög skemmtilegt. Ég hef yfirleitt verið á kantinum en þetta hefur komið einu sinni og einu sinni fyrir að ég fari inn í miðjuna og mér hefur alltaf fundist það mjög skemmtilegt,“ segir Atli og það er staða sem hann vill fá að spila.

„Ég held að það yrði ekki vitlaust hjá Heimi að hugsa mig þarna,“ segir Atli og tölfræðin styður það svart á hvítu. Atli er eini leikmaður deildarinnar sem bæði skoraði og lagði upp tíu mörk eða fleiri.

### Gerðum nóg til að vinna

Atli viðurkennir að síðustu dagar hafi verið erfiðir. „Þeir hafa farið batnandi en sunnudagurinn var frekar erfiður. Þar þurfti maður að sætta sig við það að við skyldum hafa klúðrað þessu algjörlega sjálfir. Það var erfitt að vakna og hugsa með sér að ég hefði sjálfur getað gert hlutina öðruvísi. Við spiluðum mjög vel og gerðum alveg nóg til að vinna,“ segir Atli og bætir við:

„Það voru lítil atriði sem maður hefði getað gert betur eins og að vanda sig aðeins meira í skotum,“ sagði Atli sem viðurkennir að hafa endurlifað mörg færanna í huganum á þeim dögum sem eru liðnir.

„Þetta er að verða allt í lagi núna,“ segi Atli og Fréttablaðið gat líka aðeins glatt hann með þessari útnefningu.

### Næstum því tímabil

Atli er strax farinn að safna kröftum fyrir næsta tímabil þar sem hann býst við að lítið breytt FH-lið berjist aftur um titilinn.

„Það er ekki hægt að gera annað en að leggja meira á sig, byrja upp á nýtt og reyna að ná titlinum aftur,“ segi Atli.

„Þetta var svona næstum því tímabil. Við lentum í öðru sæti í deildinni þegar við vorum næstum því búnir að vinna og við vorum líka alveg nálægt því að komast áfram á móti Elfsborg í Evrópukeppninni. Þetta er næstum því tímabil en gott tímabil samt sem áður,“ segir Atli að lokum.

Hér á síðunni má sjá nokkra lista sem við höfum tekið saman upp úr einkunnagjöf Fréttablaðsins og Vísis en allur topp 40 listinn er síðan hér til hliðar.

ooj@frettabladid.is

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

### OFTAST VALDIR MENN LEIKSINS

| | |
|---|---|
| Igor Taskovic, Víkingi | 6 sinnum |
| Atli Guðnason, FH | 4 sinnum |
| Gary Martin, KR | 4 sinnum |
| Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni | 4 sinnum |
| Árni Vilhjálmsson, Breiðabliki | 4 sinnum |
| Brynjar Gauti Guðjónsson, ÍBV | 4 sinnum |
| Elías Már Ómarsson, Keflavík | 4 sinnum |
| Kristján Gauti Emilsson, FH | 3 sinnum |
| Kassim Doumbia, FH | 3 sinnum |
| Daníel Laxdal, Stjörnunni | 3 sinnum |
| Óskar Örn Hauksson, KR | 3 sinnum |
| Guðjón Pétur Lýðsson, Breiðabliki | 3 sinnum |
| Magnús Már Lúðvíksson, Val | 3 sinnum |
| Þórður Ingason, Fjölni | 3 sinnum |



**FRÁBÆR Í SUMAR** Atli Guðnason kom með beinum hætti að 22 mörkum FH-liðsins í sumar þar af voru 16 þeirra í síðustu sex leikjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Þeir bestu í sumar

LÁGMARKS EINKUNN FYRIR 14 LEIKI

| | |
|---|---|
| 1. Atli Guðnason, FH | 6,71 |
| 2. Aron Elís Þrándarson, Víkingur | 6,57 |
| 3. Kassim Doumbia, FH | 6,50 |
| 4. Gary Martin, KR | 6,48 |
| 5. Igor Taskovic, Víkingu | 6,43 |
| 5. Haukur Heiðar Hauksson, KR | 6,43 |
| 7. Daníel Laxdal, Stjarnan | 6,32 |
| 8. Ingvar Jónsson, Stjarnan | 6,29 |
| 9. Elías Már Ómarsson, Keflavík | 6,25 |
| 10. Þorri Geir Rúnarsson, Stjarnan | 6,21 |
| 11. Martin Rauschenberg, Stjarnan | 6,19 |
| 12. Guðjón Pétur Lýðsson , Breiðablik | 6,17 |
| 13. Árni Vilhjálmsson, Breiðablik | 6,15 |
| 14. Hólmar Örn Rúnarsson, FH | 6,14 |
| 15. Veigar Páll Gunnarsson, Stjarnan | 6,13 |
| 15. Þórir Guðjónsson, Fjölnir | 6,13 |
| 17. Ólafur Páll Snorrason, FH | 6,11 |
| 18. Bergsveinn Ólafsson, Fjölnir | 6,10 |
| 19. Þórður Ingason, Fjölnir | 6,09 |
| 19. Ingvar Þór Kale, Víkingur | 6,09 |
| ---------- | |
| 21. Óskar Örn Hauksson, KR | 6,05 |
| 22. Róbert Örn Óskarsson, FH | 6,00 |
| 22. Ólafur Karl Finsen, Stjarnan | 6,00 |
| 22. Gunnar Már Guðmundsson, Fjölnir | 6,00 |
| 22. Davíð Þór Viðarsson, FH | 6,00 |
| 22. Hörður Árnason, Stjarnan | 6,00 |
| 22. Pablo Punyed, Stjarnan | 6,00 |
| 28. Alan Lowing, Víkingur | 5,95 |
| 28. Jonas Sandqvist, Keflavík | 5,95 |
| 30. Shawn Nicklaw, Þór | 5,94 |
| 31. Samuel Hewson, FH | 5,93 |
| 32. Elfar Freyr Helgason, Breiðablik | 5,91 |
| 33. Sandor Matus, Þór | 5,90 |
| 34. Haraldur Freyr Guðmunds., Keflavík | 5,89 |
| 35. Elfar Árni Aðalsteinsson, Breiðablik | 5,88 |
| 36. Ragnar Leósson, Fjölnir | 5,86 |
| 36. Stefán Logi Magnússon, KR | 5,86 |
| 36. Kristinn Magnússon, Víkingur | 5,86 |
| 39. Grétar Sigfinnur Sigurðarson, KR | 5,84 |
| 39. Jón Ragnar Jónsson, FH | 5,84 |



### BESTUR Í MARKI ↑

| | |
|---|---|
| 1. Ingvar Jónsson, Stjarnan | 6,29 |
| 2. Ingvar Þór Kale, Víkingur | 6,09 |
| 2. Þórður Ingason, Fjölnir | 6,09 |
| 4. Róbert Örn Óskarsson, FH | 6,00 |

### BESTUR Í FYRRI UMF.

| | |
|---|---|
| 1. Aron Elís Þrándarson, Vík. | 7,14 |
| 2. Kassim Doumbia, FH | 6,90 |
| 3. Elías Már Ómarsson, Keflav. | 6,67 |
| 4. Igor Taskovic, Víkingur | 6,60 |

### BESTUR Í SEINNI UMF.

| | |
|---|---|
| 1. Atli Guðnason, FH | 7,20 |
| 2. Gary Martin, KR | 7,10 |
| 3. Árni Vilhjálmsson, Breið. | 6,70 |
| 4. Daníel Laxdal, Stjarnan | 6,64 |

### BESTUR Í VÖRN ↓

| | |
|---|---|
| 1. Kassim Doumbia, FH | 6,50 |
| 2. Haukur Heiðar Haukss., KR | 6,43 |
| 3. Daníel Laxdal, Stjarnan | 6,32 |
| 4. Martin Rauschenberg, Stjar. | 6,19 |



### BESTI ERLENDI LEIKMAÐURINN ↑

| | |
|---|---|
| 1. Kassim Doumbia, FH | 6,50 |
| 2. Gary Martin, KR | 6,48 |
| 3. Igor Taskovic, Víkingur | 6,43 |
| 4. Martin Rauschenberg, Stj. | 6,19 |
| 5. Pablo Punyed, Stjarnan | 6,00 |
| 6. Alan Lowing, Víkingur | 5,95 |



### BESTUR Á MIÐJU ↑

| | |
|---|---|
| 1. Igor Taskovic, Víkingur | 6,43 |
| 2. Þorri Geir Rúnarsson, Stjar. | 6,21 |
| 3. Guðjón Pétur Lýðss., Breið. | 6,17 |
| 4. Hólmar Örn Rúnarsson, FH | 6,14 |



### BESTUR Í SÓKN ↓

| | |
|---|---|
| 1. Atli Guðnason, FH | 6,71 |
| 2. Aron Elís Þrándarson, Vík. | 6,57 |
| 3. Gary Martin, KR | 6,48 |
| 4. Elías Már Ómarsson, Keflav. | 6,25 |





### BESTI UNGI LEIKMAÐURINN

← Leikmenn gjaldgengir í 21 árs liðið

| | |
|---|---|
| 1. Aron Elís Þrándarson, Víkingur | 6,57 |
| 2. Elías Már Ómarsson, Keflavík | 6,25 |
| 3. Þorri Geir Rúnarsson, Stjarnan | 6,21 |
| 4. Árni Vilhjálmsson, Breiðablik | 6,15 |
| 5. Bergsveinn Ólafsson, Fjölnir | 6,10 |
| 6. Ólafur Karl Finsen, Stjarnan | 6,00 |
| 7. Sindri Snær Magnússon, Keflavík | 5,77 |
| 8. Aron Sigurðarson, Fjölnir | 5,73 |
| 9. Emil Pálsson, FH | 5,71 |

# BARNADAGAR Í HEILSUHÚSINU

**Lífrænt og náttúrulegt fyrir barnið þitt!**

TILBOÐIN GILDA 8.–12. OKT.

3 FYRIR 2




**Animal Parade**
Hágæða náttúruleg bætiefnalína
fyrir börn! Tuggutöflur.
**3 fyrir 2!**

25%




**Villimey**
Sérvaldar, lífrænar jurtir sem hafa róandi, mýkjandi
og styrkjandi áhrif á viðkvæma húð barna.

**Ungagaldur:** Rík af fjölómettuðum fitusýrum.
Án allra rotvarnar-, ilm- og litarefna

**Bossagaldur:** Hefur reynst vel á útbrot og bleyjubruna.
Einnig gott smyrsl á sviða og sár.

**Bumbugaldur:** Ríkt af Omega 3 og E-vítamíni.




**Mamma Chia**
Chia skvísur, stútfullar af næringu,
sem millimál og í nestisboxið.
Chia fræ + ávextir + grænmeti.
Án viðbætts sykurs.
**Tilboðsverð: 259 kr.**








**Babynat**
Barnamatur frá 4 mánaða.
Lífrænn og ljúffengur.
**Verð: Lítil 275 kr. – Stór 366 kr.**

20%




**Weleda húðvörur síðan 1921**
Algjörlega náttúrulegar – alveg eins
og barnið þitt. Fullkomin leið til að
stuðla að heilbrigðri húð.

30%




20%






**Ný vörulína – Baby Derma!**
Húðvörur fyrir ofurviðkvæma húð.
Ilmefnalausar vörur.

GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle

**Green People – Organic Babies**
Lífrænar hreinlætis- og húðvörur
fyrir börn frá fæðingu.

---

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

**Heilsuhúsið**
1979

**LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ**

# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2 kl. 20.05
### Heimsókn
Sindri Sindrason snýr aftur og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.



## Í KVÖLD



**Grey's Anatomy**
**STÖÐ 2 KL. 20.50** Ellefta syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**A-Z**
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna.



**Wag the Dog**
**BÍÓ KL. 20.25** Grínmynd sem tekur fyrir bandarísk stjórnmál með Dustin Hoffman, Robert De Niro, Denis Leary og Anne Heche í aðalhlutverkum.

## Bylgjan kl. 16.00
### Reykjavík Síðdegis
Málefni líðandi stundar á Íslandi. Þorgeir, Kristófer og Bragi í Reykjavík síðdegis fram að kvöldfréttum.






## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Wipeout
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Grand Designs
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Gossip Girl
**14.30** Smash
**15.25** Victorious
**15.50** Grallararnir
**16.15** Arrested Development
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Bad Teacher
**19.40** The Middle
**20.05** **Heimsókn** Sindri Sindrason snýr aftur og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.
**20.25** **A to Z** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna. Zelda er svo lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína og nennir engu kjaftæði þegar kemur að karlmönnum.
**20.50** Grey's Anatomy
**21.35** Forever
**22.20** Covert Affairs
**23.05** Enlightened
**23.35** NCIS
**00.20** The Blacklist
**01.05** Person of Interest
**01.50** Autopsy
**03.10** Erin Brockovich
**05.15** A to Z
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**11.30** Arsenal - Galatasaray
**13.15** Meistaradeild Evrópu
**13.40** FH - Stjarnan
**15.40** Spænsku mörkin
**16.10** CSKA Moscow - Bayern Münch.
**17.50** Gummersbach - Magdeburg
**19.20** Þýsku mörkin
**19.50** **Stjarnan - Zvezda 2005** Bein útsending frá leik í Meistaradeild kvenna.
**21.55** UFC Unleashed 2014
**22.40** UFC Fight Night. Nelson vs Story
**00.15** Stjarnan - Zvezda 2005

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** Tottenham - Southampton
**13.45** Football League Show
**14.15** Swansea - Newcastle
**15.55** Hull - Crystal Palace
**17.40** Messan
**18.55** Þýskaland - Skotland
**20.40** Premier League Review
**21.35** Leicester - Burnley
**23.20** Premier League World
**23.50** Chelsea - Arsenal

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Guys With Kids
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie's 30 Minute Meals
**20.10** Baby Daddy
**20.30** X-factor UK
**21.30** Who Do You Think You Are?
**22.35** Gang Related
**23.20** Damages
**00.10** Wilfred
**00.30** Originals
**01.15** Jamie's 30 Minute Meals
**01.40** Hart of Dixie
**02.20** Supernatural
**03.05** Baby Daddy
**03.25** X-factor UK
**04.25** Who Do You Think You Are?
**06.05** Damages

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Mamma Mu **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ljóti andarunginn **08.44** Hello Kitty **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar **10.45** Doddi litli **10.55** Rasmus Klumpur **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Mamma Mu **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ljóti andarunginn **12.44** Hello Kitty **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar **14.45** Doddi litli **14.55** Rasmus Klumpur **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Mamma Mu **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ljóti andarunginn **16.44** Hello Kitty **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar **18.45** Doddi litli **18.55** Rasmus Klumpur **19.00** Pétur og kötturinn Brandur **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.50** Strákarnir
**18.15** Frasier
**18.35** Friends
**19.00** Seinfeld
**19.25** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Örlagadagurinn
**20.40** Heimsókn
**21.00** The Mentalist
**21.40** Chuck
**22.25** Cold Case
**23.10** Shameless
**00.00** E.R.
**00.45** Boss
**01.40** Örlagadagurinn
**02.15** Heimsókn
**02.35** The Mentalist
**03.15** Chuck
**03.55** Cold Case
**04.45** Shameless
**05.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30** Bowfinger
**12.05** Scent of a Woman
**14.40** Wag the Dog
**16.15** Bowfinger
**17.50** Scent of a Woman
**20.25** Wag the Dog
**22.00** Sherlock Holmes. A Game of Shadows
**00.05** Killing Bono
**02.00** Red Dawn
**03.35** Sherlock Holmes. A Game of Shadows

## RÚV

**16.30** Frankie
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Nýi skólinn keisarans
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.00** **Neyðarvaktin** Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekkert fyrir sér. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**20.45** Hæpið
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Flogið hátt í fluguvikt
**23.40** Höllin
**00.40** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.40** Pepsi MAX tónlist
**14.40** Happy Endings
**15.00** Franklin & Bash
**15.40** Made in Jersey
**16.20** Kitchen Nightmares
**17.05** Reckless
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.10** The Royal Family
**20.35** Welcome to Sweden
**21.00** **Parenthood** Frábærir bandarískir þættir um Braverman-fjölskylduna sem fjalla um lífið, tilveruna og fjölskylduna.
**21.45** Ray Donovan
**22.35** The Tonight Show
**23.15** Flashpoint
**00.00** Scandal
**00.45** Ray Donovan
**01.35** The Tonight Show
**02.15** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** European Tour 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** Web.com Tour Highlights **13.45** PGA Tour Latinoamerica **14.10** PGA Tour 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** 2012 Ryder Cup Official Film **20.05** Junior Ryder Cup 2014 **20.55** Golfing World 2014

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
# Á TILBOÐI
## á útsölustöðum Sloggi

TILBOÐ




**þér líður betur í Sloggi**

**BESTI SKYNDIBITINN**



**Búlluborgari gerir góðan dag enn betri.**

Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona

# París norðursins tilnefnd til Roger Ebert-verðlaunanna:

## Ameríkufrumsýning á elstu kvikmyndahátíð N-Ameríku, Chicago Film Festival.

„Þetta er mjög spennandi og mjög gaman að vera í þessu samhengi,“ segir Hafstein Gunnar Sigurðsson, en kvikmynd hans, París norðursins, hefur verið tilnefnd til Roger Ebert-verðlaunanna, nýrra verðlauna á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Chicago sem stofnuð voru til heiðurs kvikmyndagagnrýnandans geðþekka Roger Ebert.

Huldar Breiðfjörð, handritshöfundur myndarinnar, verður viðstaddur sýninguna. Eftir Chicago verður myndin sýnd á kvikmyndahátíð í Tyrklandi og kvikmyndahátíðinni í São Paulo í Brasilíu.

Roger Ebert var bæði kynnir og dómnefndarmeðlimur á kvikmyndahátíðinni í Chicago þar til hann lést en hátíðin er elsta kvikmyndahátíð Norður-Ameríku. Ebert lést í fyrra en hann var duglegur að gera ungum og upprennandi kvikmyndagerðarmönnum hátt undir höfði. Til dæmis hjálpaði hann leikstjórunum Spike Lee og Martin Scorsese gríðarlega með því að skrifa vel um myndirnar þeirra snemma á ferli þeirra.

Verðlaunin verða veitt upprennandi kvikmyndagerðarmönnum með „ferska og óbilgjarna sýn“. Þá munu allar myndirnar sem tilnefndar eru taka þátt í keppninni New Directors á hátíðinni. **þij**



**ELSTA KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEIMSÁLFUNNAR** Hafsteinn er hæstánægður með tilnefninguna.




tími fyrir sögu

EINS OG REYKJAVÍK Í ANDRÝMI Í KVÖLD KL. 20

KAFFIHÚSIÐ TJARNARBÍÓ



**Þórarinn Eldjárn** fjallar um smásagnasafnið **Eins og Reykjavík** sem hann tók saman í tilefni Lestrarhátíðar í ár.

**Ebækur** gefur út smásagnasafnið og er það frítt á **ebaekur.is** til og með 15. október.

LESTRARHÁTÍÐ

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

www.bokmenntaborgin.is



**NÁ VEL SAMAN** Þau Jed og Hera kynntust fyrir tveimur árum og hafa verið að semja saman og spila síðan þá.

# „Við erum mjög spennt“

## Hera og Jed koma til landsins til þess að spila á hátíðinni Iceland Airwaves. Í kjölfarið ferðast þau um landið og verður tekin upp heimildarmynd um ferðalagið.

„Við hlökkum mikið til að koma til Íslands, þetta verður í fyrsta skipti sem Jed kemur og ég hef ekki komið heim í þrjú ár. Við erum mjög spennt,“ segir söngkonan Hera Hjartardóttir. Hera kemur til landsins í byrjun nóvember en hún er búsett á Nýja-Sjálandi. Með henni í för verður vinur hennar og samstarfsmaður, Jed Parsons. Þau Jed ætla að spila á Airwaves og í kjölfarið fara í tónleikaferðalag um landið.

Þau Hera og Jed kynntust fyrir rúmum tveimur árum og hafa unnið mikið saman síðan þá. „Hann var trommari í rokkhljómsveit sem Jed og ég var að túra með. Þeir spiluðu undir hjá mér og svo líka sem eigið band, House of Mountain. Við höfðum smá tíma baksviðs fyrir tónleika eitt kvöldið og þá sömdum við Jed lag saman. Það var lagið Issues sem hefur notið mikilla vinsælda hérna úti,“ segir Hera. Þau Jed gerðu myndband við lagið sem var síðan meðal annars notað til þess að auglýsa Christchurch, bæinn sem hún býr í á Nýja-Sjálandi.

„Okkar stíll smellpassaði saman og við sömdum fleiri og fleiri lög. Stundum voru það mín lög sem hann bætti harmóníum við og svo öfugt. Síðan þá höfum við túrað mikið saman og gefið út liveplötu, Live at York Street, sem var eitt besta stúdíó hér í Nýja-Sjálandi en því var lokað. Við höfum síðan haldið marga skemmtilega tónleika hér,“ segir hún. Þau hafa líka spilað utan Nýja-Sjálands en í fyrra ferðuðust þau til Maníla á Filippseyjum og úr varð heimildarmynd sem sýnd er um borð í flugvélum Air New Zealand. Íslandsför þeirra verður einnig tekin upp. „Það kemur kvikmyndatökumaður frá LA sem ætlar að taka upp Airwaves og ætlar svo að fylgja okkur eftir á túrnum,“ segir Hera spennt fyrir heimkomunni.

**viktoria@frettabladid.is**

### → Tónleikaferðalag um landið

Hera og Jed koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni og fara í kjölfarið í tónleikaferðalag:

**Fríkirkjan Hafnarfirði 12. nóvember**
**Akranes 13. nóvember**
**Tryggvaskáli, Selfossi 14. nóvember**
**Oddakirkja á Rangárvöllum 15. nóvember**
**Græni hatturinn, Akureyri 16. nóvember**

# Óþolandi að allir séu eins

## Fannst vanta innblástur í herramarkaðinn og stofnuðu tískublogg.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tísku. Var alltaf að stelast í fataskápinn hjá mömmu og fara í gamlar leðurbuxur af henni og svona,“ segir Hlynur Hákonarson, tískubloggari og nemi í Tækniskólanum. Hann og tveir félagar hans, þeir Þorra Arnarson og Sigmar Logi Björnsson, reka bloggsíðuna rvkstyle.com. Þar birta þeir myndir af sér í fötum sem þeir fá lánuð hjá útvöldum verslunum, stílísera sjálfir og auglýsa.

„Ég var að vinna í Selected fyrir tveimur árum og þar kynntist ég Sigmari og komst að því að við höfðum báðir mikinn áhuga og sömu sýn á tísku. Það vantaði innblástur í herramarkaðinn á Íslandi. Allir eru eins hér, alltaf sama tuggan. Okkur langaði fyrst og fremst að segja strákunum að þeir þurfi ekki að vera í Converse skóm og Cheap Monday-buxum til að vera töff,“ segir Hlynur. „Ég sýndi Sigmari síðu hjá sænskum bloggara sem heitir Andreas Wijk, en ég hef verið að fylgjast með honum, og út frá því stofnuðum við Instagram-síðu,“ segir Hlynur, en strax á fyrstu tveimur mánuðunum voru þeir komnir með tíu þúsund fylgjendur. „Við vildum taka þetta skrefinu lengra og stofna heimasíðu, sem við gerðum núna í haust,“ segir Hlynur. „Næsta skref er að þróa síðuna, bæta við vefverslun og selja vörur þar frá smásölum úti í mjög takmörkuðu magni,“ segir Hlynur. **- asi**



**EKKI HRIFNIR AF FJÖLDAFRAMLEIDDU** Þeir Sigmar, Hlynur og Þorri hafa allir sterkan stíl og finnst leiðinlegt að sjá alla eins. MYND/ERNIR


Kemur í verslanir í dag
Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
be sexy
Kimono.
15 995,-
Jean Paul
GAULTIER
LINDEX

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


wowair.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Björk ekki til London

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir verður ekki viðstödd Bretlandsfrumsýningu heimildarmyndarinnar Biophilia Live á Kvikmyndahátíðinni í London sem hefst í þessari viku. Á opinberri Facebook-síðu Bjarkar er beðist afsökunar á því að hún komist því miður ekki á sýninguna vegna þess að hún er önnum kafin við gerð sinnar nýjustu plötu, sem er væntanleg á næsta ári. Biophilia Live var frumsýnd hér á landi fyrir mánuði við góðar undirtektir. Myndin fangar tónleikaferðina sem söngkonan fór til að kynna áttundu hljóðversplötu sína, Biophilia. **- fb**



### Smutty í pönkpartíi

Rokkarinn geðþekki Smutty Smiff var staddur í New York á dögunum í allsherjar pönkveislu á Ace-hótelinu í New York. Það var plötusnúðurinn og gamli rokkhundurinn Howie Pyro sem þeytti skífum til heiðurs þeim Bob Gruen, Mick Rock og Legs McNeil. Allir þrír eru þekkt nöfn í gömlu pönksenunni en Bob Gruen og Mick Rock tóku ljósmyndir af mörgum frægustu rokkurum allra tíma en Legs McNeil er einn stofnandi Punk Magazine, tímaritsins sem sagt er hafa fundið nafnið á stefnuna. Smutty var í hljómsveitinni The Rockats, einni af þeim hljómsveitum sem endurvöktu rokkabillístefnuna á sjöunda áratugnum. Í lok veislunnar svöruðu þeir Smutty, Howie, Bob og Mick spurningum gesta. **- þij**



## Mest lesið VÍSIR

1 Jólatónleikar Fíladelfíu teknir af dagskrá RÚV
2 Kristinn Jakobsson: Menn þurfa að lifa með þessu
3 Byrjað að rukka fyrir handfarangur hjá Wow
4 Góðar fréttir af Michael Schumacher
5 Barn fór á leikskóla með heróín







